FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
285. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 2. DESEMBER 2016

# Lögreglan leitar að ungu pari

→10-11



Lögreglan handtók í gær bílstjóra jeppa sem reyndi að flýja af vettvangi grunaður um frelsissviptingu í Fellsmúla. Um kvöldmatarleytið í gær var lögregla enn að leita að pari sem búið hefur í Fellsmúla um skamma hríð. Fórnarlambið klifraði milli svala og hæða til að komast undan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Fréttablaðið í dag

Stjörnuspá Siggu Kling SÍÐA 36



SKOÐUN Bannið vandræðaskatta í stjórnarskrá, skrifar Helgi Tómasson. 20

PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

# Fyrrum sparisjóðsstjóri í haldi

**Fyrrverandi sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Siglufjarðar var handtekinn í gær vegna gruns um fjármálamisferli. Embætti héraðssaksóknara gerði húsleit á fimm stöðum í bænum. Rannsóknin angi af stærra máli frá í fyrra.**

**SAKAMÁL** Tveir menn voru handteknir á Siglufirði í gær í aðgerðum héraðssaksóknara vegna gruns um fjárdrátt hjá AFL sparisjóði.

AFL sparisjóður rann inn í Arion banka 2015 sem rekur nú útibú á Siglufirði undir sínum merkjum.

Annar hinna handteknu er fyrrverandi sparisjóðsstjóri samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Einnig gerði embætti héraðssaksóknara húsleit á fimm stöðum í bænum.

Málið hófst í september í fyrra þegar tveir aðrir menn voru handteknir vegna gruns um fjárdrátt.

> Þetta mál tengist fjárdráttarmáli sem kom upp í septembermánuði árið 2015 á sama stað og hefur undið upp á sig.
>
> Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari

Annar hinna handteknu í þeim aðgerðum var fyrrverandi starfsmaður sparisjóðsins en hinn forseti bæjarstjórnar Fjallabyggðar, Magnús Jónsson. Hann baðst lausnar frá embætti stuttu eftir að málið kom upp í fjölmiðlum.

Þegar Sparisjóðurinn rann inn í Arion banka og farið var að skoða bækur sjóðsins vaknaði grunur um misferli. Því á málið upphaf sitt að rekja til innri skoðunar Arion á sjóðnum. Málin sem rannsökuð eru nú eru frá þeim tíma sem Sparisjóðurinn var sjálfstæð bankastofnun.

„Við handtókum tvo einstaklinga í tengslum við málið og færðum til yfirheyrslu. Að auki gerðum við húsleit á einum fimm stöðum í bænum,“ segir Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari, sem fer með efnahagsbrot. „Þetta mál tengist fjárdráttarmáli sem kom upp í septembermánuði árið 2015 á sama stað og hefur undið upp á sig.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er fjárdrátturinn upp á hundruð milljóna króna þegar allt er talið saman. Málið hefur verið lengi til rannsóknar hjá embætti héraðssaksóknara sem hefur þurft að rekja slóð fjármagns bæði hér innanlands og utan landsteinanna samkvæmt heimildum fréttastofu. – sa

# Slitabú Kaupings leitar að erlendum banka til að skrá Arion í kauphöll

**VIÐSKIPTI** Slitabú Kaupþings leitar erlends banka til að sjá um skráningu Arion banka í erlenda kauphöll samhliða skráningu hér á landi. Þetta hefur fréttastofan Reuters eftir heimildum sínum.

Fram hefur komið að Arion banki stefnir að hlutafjárútboði og skráningu í kjölfarið á fyrri hluta næsta árs. Líklegt er að bankinn leiti tvíhliða skráningar, bæði hér og í erlendri kauphöll. Talið er að Stokkhólmur verði fyrir valinu sem erlend kauphöll.

Samkvæmt Reuters hafa fjárfestingarbankarnir Citi og Morgan Stanley unnið sem ráðgjafar við undirbúningsvinnuna. En samkvæmt frétt Reuters er nú leitað að banka til að sjá um skráninguna sjálfa.

Samkvæmt fréttinni er virði Arion áætlað um 190 milljarðar króna sem eru 90 prósent af eigin fé bankans. Það er hærri fjárhæð en heimildir Fréttablaðsins herma sem segja að virðið gæti legið nær 150 milljörðum króna.

Í frétt Reuters er sagt að erlend skráning gæti orðið mikilvægur prófsteinn á það hvort erlendir fjárfestar séu á ný tilbúnir að taka áhættu af íslenska hagkerfinu. – hh










## Veður




Sunnangola með dálítilli súld eða rigningu, en sunnankaldi á annesjum vestan til. Yfirleitt bjartviðri um landið norðaustanvert. Hiti að 7 stigum, hlýjast sunnan- og vestanlands. SJÁ SÍÐU 30




**Hús Matvælastofnunar.**
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Neituðu að upplýsingar væru birtar

**LANDBÚNAÐUR** Yfirstjórn Matvælastofnunar kom í veg fyrir að dýralæknir alifuglasjúkdóma og upplýsingafulltrúi birtu fréttatilkynningu um „alvarleg dýravelferðarmál“ Brúneggja ehf. í lok árs 2015. Frá þessu var greint á vegg stofnunarinnar í gær.

Á sama tíma og stofnunin stóð í aðgerðum gagnvart fyrirtækinu kom forráðamaður þess fram í Kastljósi með yfirlýsingar, sem MAST kallar rangar, um búrekstur fyrirtækisins í tengslum við vistvæna framleiðslu.

Innan stofnunarinnar var staða Brúneggja rædd á þeim tíma. Voru fyrrgreindir starfsmenn búnir að skrifa drög að fréttatilkynningu um ástandið innan fyrirtækisins þegar yfirstjórn MAST, skipuð forstjóranum og forstöðumönnum, greip inn í.

Vegna óánægju með þá ákvörðun var boðað til fundar með þeim starfsmönnum sem komu að málinu og lýsti hluti starfsmanna yfir óánægju sinni með ákvörðun yfirstjórnar og sagði það mistök að upplýsa neytendur ekki um alvarleg dýravelferðarmál hjá Brúneggjum.

„Yfirleitt þegar við erum að fara í vörslusviptingarmál höfum við ekki farið með þau fyrirfram í fjölmiðla,“ sagði Jón Gíslason, forstjóri MAST, í viðtali í Kastljósi í gær og vísaði jafnframt til óvissu um hvernig skyldi taka á málinu vegna óljósrar framtíðar vistvænna merkinga. – þea

## Hringrásin stöðvuð



**Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur stöðvaði í gær starfsemi Hringrásar eftir enn einn eldsvoðann hjá endurvinnslufyrirtækinu í fyrrakvöld. „Mér finnst það fullreynt,“ segir Dagur B. Eggertsson spurður hvort hugsanlegt sé að Hringrás starfi áfram í Klettagörðum. „En það er erfitt að segja meira fyrr en maður er búinn að fá öll gögnin,“ segir Dagur, sem er að afla gagna vegna málsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Átta sakfelldir fyrir samráð

**DÓMSMÁL** Átta þeirra tíu starfsmanna byggingavörufyrirtækjanna Byko og Húsasmiðjunnar, sem ákærðir voru fyrir verðsamráð í störfum sínum, voru sakfelldir í Hæstarétti í gær. Verðsamráðið átti sér stað á tímabilinu 13. september 2010 til 3. mars 2011.

Sex hinna sakfelldu hlutu fangelsisdóma í gær en ákvörðun um refsingu tveggja var frestað.

Héraðsdómur Reykjaness dæmdi í málinu í apríl 2015 og sýknaði alla tíu starfsmennina.

Í yfirlýsingu Byko frá í gær segir: „Ákvörðun Hæstaréttar um að snúa við afdráttarlausri niðurstöðu fjölskipaðs héraðsdóms um meint verðsamráð á byggingavörumarkaði veldur bæði undrun og vonbrigðum.“ Þá segir einnig að Byko haldi fram sakleysi sínu gagnvart hvers kyns ásökunum um ólögmætt verðsamráð. – þea

Mikið úrval fallegra jólaljósa




grillbudin.is
Grillbúðin
Opið virka daga kl. 11-18
Opið laugardaga kl. 11-16
Smiðjuvegi 2, Kópavogi - (við hliðina á Bónus) - Sími 554 0400

# Hermenn frá Singapúr komu Auði til bjargar

**Fjórir vinir frá Singapúr voru fyrstir á vettvang slyss við Litlu kaffistofuna um miðjan síðasta mánuð. Félagarnir óttuðust að koma að banaslysi en eru ánægðir með að heyra að ökumaðurinn sé í lagi og senda batakveðjur sínar yfir hafið.**

**FÓLK** „Þegar ég sá ástandið á bílnum var ég ekki viss um að ökumaðurinn hefði sloppið lifandi. Sem betur fer heyrðist í henni þegar við nálguðumst bílinn,“ segir Muhammad Syahidin frá Singapúr, sem birti myndband á Facebook-síðu sinni af því þegar hann og vinir hans björguðu Auði Geirsdóttur sem velti bíl sínum skammt frá Litlu kaffistofunni um miðjan síðasta mánuð.

Málið vakti töluverða athygli á sínum tíma og hafa fjölmiðlar frá Singapúr sagt fréttir af hetjudáð félaganna.

„Við vorum allir saman í hernum og komum til Íslands til að sjá norðurljósin. Því miður tókst það ekki,“ segir Syahidin sem kallar sig Denda Maradona á Facebook.

„Ferðin til Íslands var áhugaverð, erfið en skemmtileg. Við ferðuðumst mikið þessa 13 daga sem við vorum á Íslandi og náðum að skoða margt og sjá mikið,“ segir Syahidin sem kveður þá félaga hafa verið á leið frá Reykjavík til að sjá Gullfoss er þeir sáu slysið.

„Skyndilega sást rauður bíll fyrir framan mig lenda á skilti og fara margar veltur. Ég held að þær hafi verið fimm. Þeir sem stoppuðu hringdu í sjúkrabíl sem var kominn eftir skamman tíma og það töluðu allir bara íslensku sem við skildum ekkert í. Því héldum við bara okkar leið áfram að fossinum.“

Syahidin birti myndbandið á Facebook-síðu sinni þar sem það var fljótt að berast til fjölmiðla, bæði hér heima og erlendis. Auður sá myndbandið skömmu eftir slysið og grét þegar hún horfði á það.

„Mér finnst mjög ógnvekjandi að sjá þetta myndband. Ég man ekkert eftir þessu. Mér finnst samt gott að þetta hafi verið tekið upp til að hægt sé að brýna fyrir fólki að fara varlega og vera með bílbelti spennt í umferðinni,“ sagði Auður við Vísi.

Þeir félagar eru ánægðir með þau tíðindi að hún sé að ná sér. Þeir eru nú komnir aftur til síns heima og vonast til að koma aftur til Íslands enda hafi þeir misst af sýningunni í háloftunum. „Við förum til Indlands á næsta ári og vonandi komum við aftur til Íslands einn daginn,“ segir Syahidin. benediktboas@365.is



**Skjáskot úr myndbandinu þar sem bíllinn sést á hvolfi.**

> Skyndilega sást rauður bíll fyrir framan mig lenda á skilti og fara margar veltur. Ég held að þær hafi verið fimm. Þeir sem stoppuðu hringdu í sjúkrabíl sem var kominn eftir skamman tíma og það töluðu allir bara íslensku sem við skildum ekkert í.
>
> Muhammad Syahidin



**Salihin Idderos, Muhammad Faishal, Muhammad Nasir og Muhammad Syahidin við Reynisfjöru.**
MYND/ÚR EINKASAFNI



BMW EFFICIENTDYNAMICS.
LESS EMISSIONS. MORE DRIVING PLEASURE.
BMW X5 PHEV
www.bmw.is
Sheer Driving Pleasure
BMW
NÝR OG SPARNEYTINN
BMW X5 PLUG-IN HYBRID.
BMW X5 xDrive40e / VERÐ: 9.780.000 KR.
Nýi BMW X5 xDrive40e PLUG-IN HYBRID tengirafbíllinn sameinar nýjustu rafbílatækni og það besta sem völ er á í hefðbundinni vélartækni. Rafmótorinn er innbyggður í 8 þrepa sjálfskiptinguna sem tryggir fullkomna virkni xDrive fjórhjóladrifsins hvort sem bíllinn er í rafstillingu eingöngu eða knúinn bensínvél. Nýr BMW X5 xDrive40e skipar sér í hóp sparneytnustu jeppa í sínum stærðarflokki með eldsneytisnotkun upp á einungis 3,3 l/100 km* í blönduðum akstri. Samanlagt skila rafmótorinn og bensínvélin 313 hestöflum.
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L
*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
ENNEMM / SÍA / NM78371



Gestur Gestsson og Hörður Arnarson.
MYND/LANDSVIRKJUN

## Gagnaveri tryggð orka

**VIÐSKIPTI** Landsvirkjun og Advania hafa undirritað samning um afhendingu á rafmagni til gagnavers Advania á Fitjum. Samningurinn gerir Advania kleift að halda áfram að tryggja vöxt gagnaversrekstrurs fyrirtækisins og hefst afhending samkvæmt samningi fyrir árslok 2016.

Orkan verður afhent úr núverandi aflstöðvakerfi Landsvirkjunar. Landsvirkjun á og rekur 16 aflstöðvar, þar af 14 vatnsaflsstöðvar, tvær jarðvarmastöðvar og tvær vindmyllur. Sem stendur er Landsvirkjun að reisa nýja jarðvarmavirkjun á Þeistareykjum á Norðausturlandi og einnig standa yfir framkvæmdir við stækkun vatnsaflsvirkjunar við Búrfell á Suðurlandi.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að á Íslandi séu kjöraðstæður fyrir rekstur gagnavera og undanfarin ár hafi Landsvirkjun unnið að því að kynna Ísland sem ákjósanlegan stað fyrir gagnaver. – sg

## Rífleg hækkun aukastöðugjalds

**REYKJAVÍK** Stefnt er að því að hækka aukastöðugjöld úr 2.500 krónum í 4.000 krónur, eða um 60 prósent.

Kolbrún Jónatansdóttir, framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs, segir markmiðið vera að gjaldið með afslætti verði ekki ódýrara en það kostar að leggja í bílastæði á gjaldsvæði 1, það er á Laugavegi og í miðbænum, í heilan dag.

„Eins og staðan er, er gjaldið ekki nema 1.400 krónur með afslætti og það er ódýrara að leggja bara allan daginn við Laugaveginn og fá á sig gjald heldur en að borga."

Kolbrún segir gjaldskrárnar ekki verða hækkaðar fyrr en eftir áramót, að fengnu samþykki borgarstjórnar og innanríkisráðuneytisins. – jhh

**60%**

hækkun verður á aukastöðugjaldi í Reykjavík á nýju ári.

# Lítil samkeppni meðal ungmenna um milljónastyrki

**FÓLK** Á síðustu þremur árum hefur verkefnið Evrópa unga fólksins, sem er á vegum Evrópusambandsins og er hér á landi undir hatti Ungmennafélags Íslands, styrkt 133 ungmenni um 110 milljónir króna til sjálfboðaliðastarfa í Evrópu. Af þessum 133 ungmennum hafa aðeins um 30 verið íslensk ungmenni sem farið hafa héðan.

„Hinir hafa allir verið að koma til Íslands. Það getur verið forgangsmál hjá okkur að styrkja frekar þá sem vilja fara héðan til sjálfboðaliðastarfs í Evrópu en samkeppni um styrki hér hefur því miður ekki verið til staðar. Vegna þess höfum við getað styrkt fleiri af þeim sem vilja koma. Það komast þó færri hingað en vilja," segir Anna R. Möller, forstöðumaður Evrópu unga fólksins, EUF.

Sjálfboðaliðastörfin standa yfir í tvo til tólf mánuði og fá styrkþegar greiddar flugferðir, gistingu og uppihald auk dagpeninga.

„Íslensku ungmennin hafa farið út um alla Evrópu en sækja helst um að fá að fara til Suður-Evrópu. Mestur áhugi er á að fara til Spánar, Ítalíu og Portúgals," greinir Anna frá.

Hér á landi hafa sjálfboðaliðar frá Evrópu lagt göngustíga, hreinsað fjörur og starfað fyrir Rauða krossinn svo eitthvað sé nefnt.

Í ár hefur verkefnið Evrópa unga fólksins, sem er nú 20 ára, greitt sjálfboðaliðum 50 milljónir króna í styrki en alls er styrkféð í ár 180 milljónir.

„Auk sjálfboðaliðastarfsins styrkjum við til dæmis verkefni tengd ungmennaskiptum, þjálfun starfsmanna sem vinna í æskulýðsgeiranum, ráðstefnur og námsheimsóknir auk útgáfu handbóka. Allt miðar þetta að því að efla starf með ungu fólki," tekur Anna fram. – ibs

> Íslensku ungmennin hafa farið út um alla Evrópu en sækja helst um að fá að fara til Suður-Evrópu.
>
> Anna R. Möller, forstöðumaður Evrópu unga fólksins, EUF



# Vill eftirlit úr höndum ríkisins

**Brúneggjamálið gefur tilefni til að endurskoða eftirlitskerfi ríkisins frá grunni, er mat SVÞ. Flest verkefnin væru betur komin hjá faggiltum einkafyrirtækjum. Slíkt fyrirkomulag hefur þegar sannað sig á Íslandi.**

**NEYTENDAMÁL** Gömul og ný dæmi sanna að alvarlega verður að íhuga að brjóta upp opinbera eftirlitskerfið og fela faggiltum fyrirtækjum í einkaeigu verkefnin. Slík skref hafa þegar verið tekin og hafa reynst svo vel að almenningur veltir því ekki fyrir sér hver sinnir eftirlitinu sem áður var hluti af eftirlitskerfi ríkisins.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, telur að mál fyrirtækisins Brúneggja og stjórnsýsla Matvælastofnunar í málinu sé með slíkum ólíkindum að það sé tilefni til að endurskoða eftirlitskerfi ríkisins frá grunni.

„Stór hluti af þessu eftirliti, og þá horfum við einfaldlega til þess hvernig þessu er fyrirkomið í löndunum í kringum okkur, er í höndum faggiltra fyrirtækja. Gott er að nefna dæmi, og það er hvernig bifreiðaskoðun hérlendis er háttað í dag – og undanfarna tvo áratugi. Áður var illa þokkuð stofnun sem hét Bifreiðaeftirlit ríkisins sem sinnti þessu verkefni, en nú berjast þrír eða fjórir aðilar á markaði neytendum til góða, og án nokkurrar gagnrýni á fyrirkomulagið svo heitið getur," segir Andrés. „Alveg á sama hátt geta einkaaðilar haft eftirlit með því að framleiðsla á matvælum uppfylli þær kröfur sem gerðar eru. Eins og gömul og ný dæmi sanna er því öðruvísi farið hjá ríkisstofnunum," segir Andrés og nefnir einnig dæmi sem hefur verið nefnt í samhengi við Brúneggjamálið og það er Vottunarstofan Tún sem hefur eftirlit með lífrænni ræktun, og uppfyllir allar þær kröfur sem gerðar eru til slíks eftirlits samkvæmt Evrópureglum.

„Þetta er risamál sem við verðum að gefa gaum," segir Andrés en eftir því sem næst verður komist eru eftirlitsstofnanir ríkisins sautján talsins og heildarfjárframlög til þeirra eru vel á annan tug milljarða króna á ári. Aðrar fjórar falla undir skilgreininguna eftirlitsstofnun að hluta.

Spurður um stöðu neytendamála í landinu í þessu samhengi segir Andrés að núverandi landbúnaðarráðherra, Gunnar Bragi Sveinsson, hafi svarað því þegar hann í viðtali við Kastljós viðurkenndi að hann vissi ekki hver ráðherra neytendamála væri. Forsætisráðherra, Sigurður Ingi Jónsson, hafi í öðru viðtali við Kastljós fært þjóðinni heim sanninn um það hvernig þessir hlutir eru litnir af stjórnvöldum. „Hagsmunir neytenda eru ekki tryggðir – öfugt við hans orð," segir Andrés og bætir við að stofnun, sem varið er til 1,7 milljörðum króna á ári, sem telji sér ekki skylt út frá langsóttri lagatúlkun að upplýsa almenning um alvarlegt mál í heilan áratug, séu bestu rökin fyrir því að fara í heildstæða endurskoðun á kerfinu.

„Verslunin í landinu, sem kaupir vöruna af framleiðendum, er í nákvæmlega sömu stöðu og neytendur, og verður að treysta því að eftirlitskerfið virki. Hún hefur ekki á neinn annan að stóla," segir Andrés.

svavar@frettabladid.is

**Eftirlitsstofnanir ríkisins á þriðja tuginn**




> Stór hluti af þessu eftirliti, og þá horfum við einfaldlega til þess hvernig þessu er fyrirkomið í löndunum í kringum okkur, er í höndum faggiltra fyrirtækja.
>
> Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri SVÞ





„Sprúðlandi Reykjavíkursaga."
Egill Helgason / Kiljan

„Fyrir ungt fólk er þetta mjög skemmtileg saga … Höfundurinn hefur ótvíræða hæfileika."
Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

„Hann dregur inn í þetta ótrúlegustu hluti úr samtímamenningu … virkilega skemmtileg …"
Þorgeir Tryggvason / Kiljan




www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39




**FÁGAÐUR AURIS Á FRÁBÆRU VERÐI**

Finndu gleðina í hljóðlátum og liprum akstri, hvort heldur með bensín- eða dísilvél eða í Hybrid-útfærslu. Auris er með ríkulegum staðalbúnaði og glæsilegur að innan sem utan.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

3+2 ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

## Námsmenn undir þrýstingi



Námsmenn frá Vestur-Papúa, sem er hérað í Indónesíu, lentu í átökum við lögregluna í höfuðborginni Djakarta í gær. Námsmennirnir vilja að Vestur-Papúa fái sjálfstæði. Lögreglan beitti þrýstivatnsslöngum á mannskapinn sem reyndi að standa atlöguna af sér. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Frá orkuveri HS Orku í Svartsengi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Þarf ekki að selja Norðuráli

**DÓMSMÁL** Gerðardómur hefur komist að þeirri niðurstöðu að orkusölusamningur á milli HS Orku og Norðuráls Helguvíkur sé ekki lengur í gildi sökum tiltekinna kringumstæðna.

Í tilkynningu á vef HS Orku í gær segir að samkvæmt niðurstöðu gerðardómsins séu lok samningsins ekki af völdum HS Orku. Jafnframt var öllum gagnkröfum Norðuráls Helguvíkur í málinu hafnað.

Í tilkynningunni er vísað í Ásgeir Margeirsson forstjóra sem sé ánægður með að málið sé að baki.

„Þessi niðurstaða mun gera okkur kleift að leita nýrra samningstækifæra á Íslandi án takmarkana eftir því sem ný orka verður til reiðu,“ er haft eftir Ásgeiri.

HS Orka hefur undanfarið verið bundin til þess að selja Norðuráli orku sem hefur komið í veg fyrir möguleika fyrirtækisins til viðskipta við aðra kaupendur. HS Orka getur því nú leitað kaupenda sem gætu greitt fyrirtækinu hærra verð fyrir téða orku. **– þea**

# Algjör pattstaða við stjórnarmyndun

**Fjárlagafrumvarp næsta árs verður kynnt þegar Alþingi kemur saman á þriðjudaginn. Engin ríkisstjórn virðist vera í sjónmáli. Þingmenn og makar komu saman í veislu hjá forseta Íslands í gær í tilefni fullveldisdagsins. Forseti fundar með formönnum flokka í dag.**

**STJÓRNMÁL** Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, hefur boðað formenn stjórnmálaflokkanna til fundar í dag og ætlar að ræða við þá einslega.

Forsetinn mun byrja á að ræða við Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins, og hefst fundur þeirra klukkan tíu. Algjör pattstaða virðist komin upp við myndun ríkisstjórnar.

Bjarni Benediktsson og Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, ræddu í byrjun vikunnar möguleika á ríkisstjórnarsamstarfi. Þau tilkynntu í gær að þeim viðræðum yrði ekki haldið áfram.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hafa forystumenn Samfylkingarinnar, Pírata, Bjartrar framtíðar og Viðreisnar á sama tíma rætt möguleikann á samstarfi sín í milli.

Katrín Jakobsdóttir minnir á að viðræður VG með þessum flokkum hafi áður siglt í strand en til greina komi að mynda breiða þjóðstjórn.

Bjarni Benediktsson sagði við Stöð 2 í gær að hann vildi skoða möguleikann á að ræða aftur myndun þriggja flokka stjórnar með Viðreisn og Bjartri framtíð. Þær viðræður hafa hins vegar líka verið reyndar áður án árangurs.

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2017 verður kynnt á þriðjudaginn, sama dag og þing kemur fyrst saman eftir alþingiskosningarnar. Venjulegast þegar Alþingi er sett er byrjað á guðsþjónustu í Dómkirkjunni áður en forseti Íslands, biskup Íslands og þingmenn ganga til þinghússins og forseti Íslands setur þingið. Haldið verður í þessa hefð. Á þingfundi er svo kjörinn nýr forseti Alþingis og kosið í fastanefndir.



Þórunn Egilsdóttir var annar þingforseti á síðasta þingi. Þeir sem voru á undan henni í röðinni, Einar K. Guðfinnsson og Kristján Möller, eru hættir á þingi og því gegnir hún embættinu þangað til nýr þingforseti verður kosinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þórunn Egilsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins og starfandi forseti Alþingis, segist reikna með því að vikið verði frá hefðbundinni dagskrá vegna óvenjulegra aðstæðna í stjórnmálum, þegar ekki er útlit fyrir að búið verði að mynda ríkisstjórn áður en Alþingi er sett.

„Það verður það örugglega en við erum ekki búin að gefa út dagskrá. Það er ennþá í vinnslu í þinginu hvernig farið verður með þetta,“ segir Þórunn. Alþingi muni vinna þetta saman með forsætisráðherra og forystu allra flokkanna. „Það þurfa allir að koma að þessari ákvörðun,“ segir hún.

jonhakon@frettabladid.is




ÖFLUG LAUSN VIÐ HÁLSBÓLGU!

Strefen®

Bólgueyðandi og verkjastillandi munnsogstafla við særindum í hálsi

Nýtt




Strefen 8,75 mg munnsogstöflur og Strefen Orange 8,75 mg Sukkerfri, munnsogstöflur. Innihalda flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtímameðferð til að draga tímabundið úr særindum í hálsi hjá fullorðnum og börnum eldir en 12 ára. Sjúga skal eina munnsogstöflu rólega og láta leysast upp í munni á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, mest 5 töflur á sólahring. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en í 3 sólarhringa. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

www.apotekarinn.is

Apótekarinn - lægra verð

# RAFMÖGNUÐ JÓL




## MELISSA sous vide tæki
MEL-16310176
Sous Vide vacumsuðutæki fyrir alla potta
Dælir vatni í 360°
800W
LED skjár
Nákvæm hitastýring frá 5-100°C
Nákvæmni uppá 0.1°C
Tímastillir (allt að 99 klst)

17.995KR

11.995KR




## JBL bluetooth heyrnartól svört
JBL-E40BTBLACK
Flott Jbl BlueTooth heyrnatól
40mm driver
Innbyggður míkrafónn
"Music sharing" Hægt er að nota 2 stk E40BT frá sömu bluetooth sendingunni
Usb hleðsla 16 klst hleðsla
Samanbrjótanleg
Jack snúra fylgir.

## JBL bluetooth hátalari svartur
JBL-FLIP3BLACK
Veðurvarinn Bluetooth v4.1 Hátalari
2 x 8W magnari
2 Öflugir JBL hátalarar
Innbyggður hljóðnemi
JBL Connect - Getur tengt tvo "JBL connect" hátalara saman
3.5mm jack tengi AUX
Innbyggð Li-ion rafhlaða (allt að 10 klst ending)
Usb snúra fylgir
Stærð í cm (HxBxD): 6,4x16,9x6,4
Þyngd: 450g




13.995KR

## PHILIPS rakvél m.hleðslu + nefháraklippur
PHS-HQ699680
CloseCut hnífar
Flex & Float - Reflex Action
Easy Grip þægilegt grip
Bartskeri
1klst hleðsla gefur 35+ mín í rakstri
Hægt að nota beint í rafmagn
Virkar fyrir 100 - 240v kerfi
Notar HQ56 hausa



12.995KR




## REVLON 3í1 hársnyrtisett
REV-RVHA6474
Glæsilegt hársett með 3 hausum
1000W
21mm / 38mm Krulluburstar
30mm Sléttujárn
Ion conditioning tækni
Keramik húðað / CoolShot tækni
2 hraðar og hitastillingar

8.995KR



14.995KR

## ARIETE pizzaofn - ARI-DC905
1200W
Steinplatti sem gefur betri hitun og bragð
5 hitastillingar
Má líka nota til að hita upp



## ARIETE heilsu / hamborgaragrill
ARI-185
1200W
Viðloðunarfríar grillplötur
Fínt fyrir Panini/samlokur/pylsur/kjúkling
Grillar 2 hamborgara á innanvið 5 mín.
Brauðhitari
Lætur vita með ljósi þegar grillið er tilbúið

7.995KR



5.995KR

## ARIETE poppvél - ARI-2952
1100W
Poppar með heitum blæstri, tekur 2 mínútur að poppa.
Gagnsætt lok með áfyllingar íláti

Allt úrval fæst í öllum búðum nema Eiðistorgi. Gildir til og með 9. desember.
Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Stund milli stríða á Bessastöðum

Forseti Íslands bauð alþingismönnum og mökum þeirra til kvöldverðarboðs á Bessastöðum í gær. Var það eflaust vel þegin stund frá taugatrekkjandi stjórnarmyndunarviðræðum. Matseðillinn var þjóðlegur. Í forrétt bauðst reykt bleikja, kræklingur, hreindýrapaté, grafinn lax, saltkjöt í hlaupi og tvíreykt hangikjöt. Í aðalrétt stóð valið á milli nautalundar og lambahryggvöðva. Ostar, súkkulaði og skyrábætir fylgdu svo í eftirrétt. Þessu var skolað niður með völdum vínum, meðal annars þrjátíu ára afmælisútgáfu af Torres Gran Coronas. Í dag tekur svo alvaran aftur við því Guðni Th. Jóhannesson hefur boðað formenn flokkanna á sinn fund, hvern á fætur öðrum, frá klukkan tíu fyrir hádegi í dag.
– gar



Gestirnir streymdu glaðir að í þingmannaveislu á Bessastöðum á fullveldisdegi þjóðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Forsetahjónin Eliza Reid og Guðni Th. Jóhannesson taka á móti formanni Sjálfstæðisflokksins, Bjarna Benediktssyni, sem átt hefur erilsama daga undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Þingmenn stungu saman nefjum er þeir höfðu gengið til stofu hjá forsetanum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Saman gefum við

# 5 krónur

af lítranum í dag
og styrkjum

**SEM**

SAMTÖK ENDURHÆFÐRA MÆNUSKADDAÐRA

GEFUM & GLEÐJUM

Meira á olis.is

olís

síðan 1927

PIPAR\TBWA • SÍA • 165056

# Leita að pari vegna frelsissviptingar í blokk í Fellsmúla

**Lögregla handtók í gær tvo menn grunaða um að frelsissvipta annan mann og misþyrma í tvo sólarhringa í fjölbýlishúsi í Fellsmúla. Sá frelsissvipti var leiddur út í sjúkrabíl fáklæddur. Hann slapp með því að klifra yfir svalir og á milli hæða utan á húsinu. Ljósmyndari Fréttablaðsins var á staðnum.**




Maðurinn sem mátti þola frelsissviptinguna gekk sjálfur út úr blokkinni með minniháttar áverka en einungis íklæddur nærbuxum. Hann hlaut aðhlynningu á sjúkrahúsi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Lögreglan stöðvaði för rauða jeppans með því að keyra í veg fyrir bílinn í tilraun bílstjórans til að flýja af vettvangi sem leið lá eftir göngustíg til þess að ökumaðurinn, sem er 33 ára, kæmist undan laganna vörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/G

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla handtók tvo og hóf leit að pari í kjölfar þess að hafa leyst karlmann úr haldi í íbúð við Fellsmúla 9 í gær, en maðurinn hafði að eigin sögn verið frelsissviptur þar og misþyrmt í tvo sólarhringa.

Mikill titringur var í undirheimum Reykjavíkur í gær vegna málsins en sú saga gekk fjöllum hærra að málinu tengdist maður sem er nýkominn til landsins, grunaður um umfangsmikil fíkniefnaviðskipti í Paragvæ. Grímur Grímsson yfirlögregluþjónn segir í samtali við Fréttablaðið ekkert benda til þess í rannsókn málsins að maðurinn tengist frelsissviptingunni á nokkurn hátt.

Málið var tilkynnt til lögreglu á öðrum tímanum í gær og fóru strax að minnsta kosti átta lögreglubílar á svæðið. Ljósmyndari Fréttablaðsins átti leið um Háaleitisbraut á sama tíma og sá hvar þrír lögreglubílar stöðvuðu för dökkrauðs jeppa sem kom á miklum hraða út innkeyrslu við götuna. Svo virðist sem bíllinn hafi keyrt sem leið lá frá Fellsmúla, um göngustíg sem liggur á milli húsanna, í tilraun til að flýja af vettvangi. Ökumaður bílsins var handtekinn umsvifalaust.

Ljósmyndari Fréttablaðsins fylgdi lögreglubíl áfram að Fellsmúla þar sem fleiri lögreglubílar og sjúkrabílar voru. Sjúkraflutningamenn leiddu þar manninn sem hafði mátt þola frelsissviptinguna út í sjúkrabíl á nærfötum einum klæða. Sjáanlegir áverkar á manninum voru litlir. Ljósmyndari blaðsins varð var við






. Þá hafði bílnum að því er virðist verið ekið
GVA



**Íbúðin þar sem sagt er að manninum hafi verið haldið er á fjórðu hæð með svalir efst til hægri á þessari mynd. Maðurinn klifraði yfir næstu svalir og á svalirnar næstlengst til vinstri. Þar kom enginn til dyra svo maðurinn klifraði niður á svalirnar á þriðju hæð í stigaganginum við hliðina þar sem honum var hleypt inn.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

mann fyrir utan sem lýsti atburðum þannig að maðurinn hefði verið bundinn og mátt þola barsmíðar og að vera brenndur. Sá maður var svo tekinn til hliðar af lögreglu og látinn gefa skýrslu um málið.

Lögregla hóf umsvifalaust rannsókn á málinu og rannsakaði meðal annars vettvanginn. Þá hefur komið fram að maðurinn hafi sloppið frá kvölurum sínum með því að klifra á milli svala á efstu hæð hússins, yfir í næsta stigagang að Fellsmúla 11 og þaðan niður á þriðju hæð hússins. Þar var kona ein heima og gat hleypt manninum inn og hringt á lögreglu.

Þegar Fréttablaðið ræddi við lögreglu undir kvöld í gær stóð enn yfir leit að pari sem er búsett í íbúðinni. Leitað var að 26 ára karlmanni og 22 ára konu en parið er búsett í íbúðinni þar sem frelsissviptingin á að hafa átt sér stað. Þau voru ekki á vettvangi þegar lögreglu bar að garði. Eftir því sem komist verður næst hafa þau ekki hlotið refsidóma.

Fréttablaðið ræddi jafnframt við nágranna parsins sem sagði að þau hefðu flutt inn fyrir nokkrum mánuðum síðan og lítið ónæði hefði verið af þeim, hvorki hefði verið óeðlilega mikið um skemmtanahald né læti.

Þeir nágrannar sem Fréttablaðið ræddi við könnuðust ekki við að hafa heyrt læti og háreysti í tengslum við frelsissviptinguna en eins og áður segir segir þolandi að hún hafi staðið yfir í tvo sólarhringa.

**snaeros@frettabladid.is**

Markaðsstofa Kópavogs

**Aðalfundur Markaðsstofu Kópavogs 2016**

**Aðalfundur Markaðsstofu Kópavogs verður haldinn mánudaginn 19. desember kl 17.00 í Bæjarstjórnarsal Kópavogsbæjar, Fannborg 2.**

**Dagskrá**
1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar félagsins lagðir fram
3. Kosning skoðunarmanns reikninga og eins til vara
4. Önnur mál

Allir með aðild að Markaðsstofu Kópavogs eru boðnir hjartanlega velkomnir.

Léttar veitingar í boði.

Markaðsstofa Kópavogs · Fannborg 2, 200 Kópavogur · s. 570 1578



# Don Cano snýr aftur

**VIÐSKIPTI** Tískuvörumerkið Don Cano sem naut mikilla vinsælda á Íslandi á níunda áratug síðustu aldar snýr aftur.

Þessu greinir Jan Davidsson, fyrrverandi eigandi og aðalhönnuður Don Cano, frá í viðtali í tímaritinu HA.

„Nú er svo komið að ný lína er farin að taka á sig mynd,“ segir Jan.

Fram kemur að um tíma var æðið fyrir tískumerkinu svo yfirgengilegt að slegist var um flíkurnar þegar þær komu í verslanir.

Eftir Don Cano-ævintýrið tók Jan við stöðu yfirhönnuðar hjá 66°Norður og seinna stofnaði hann Cintamani.

Fyrstu flíkurnar undir merkjum Don Cano birtust í verslunum árið 1981 og var rekstri hætt í lok níunda áratugarins.

Jan segir að í nýju línunni sé hann að tengja aftur við innri klæðskerann. Jakkarnir muni gefa tilfinningu um hið fullkomna snið.

Jan vill ekki segja nákvæmlega til um hvenær Don Cano birtist aftur . Ekki sé að vita nema nýja línan láti sjá sig á HönnunarMars 2017. **– sg**



**Don Cano var mjög vinsælt tískumerki á níunda áratugnum.** MYND/SIGURGEIR SIGURJÓNSSON






# Vajiralongkorn tekur sem kóngur í Taílandi

**Sonur Bhumibols konungs hefur fallist á ósk taílenska þjóðþingsins um að taka við af föður sínum, sem lést í október. Maha Vajiralongkorn Bodindradebayavarangkun hefur verið umdeildari en faðirinn, sem naut mikillar virðingar.**

**TAÍLAND** Konungstitill nýs Taílandskonungs er „Hans hátign Maha Vajiralongkorn Bodindradebayavarangkun konungur“, en hann verður einnig nefndur Rama X. Hann er 64 ára gamall.

Hann féllst í gær formlega á ósk taílenska þjóðþingsins um að taka við konungstign af föður sínum.

Hátíðleg athöfn verður síðan líklega haldin í dag eða á morgun þar sem hann tekur formlega við konungstigninni.

Faðir hans, Bhumibol Adulyadej, lést 13. október síðastliðinn. Hann var 88 ára og hafði ríkt í sjötíu ár, lengur en nokkur annar þjóðhöfðingi þessi árin.

Upphaflega var reiknað með því að Vajiralongkorn myndi taka við konungstigninni strax daginn eftir að faðir hans lést. Það hefur hins vegar dregist, að sögn að ósk prinsins sjálfs. Prayuth Chan-ocha forsætisráðherra hefur sagt að Vajiralongkorn hafi farið fram á það vegna þess að hann þyrfti nægan tíma til þess að syrgja föður sinn.

Bhumibol naut mikillar virðingar meðal Taílendinga, svo mjög að afar hart var tekið á því ef einhver dirfðist að gera lítið úr honum eða gagnrýna hann.

Sonurinn hefur hins vegar sætt margvíslegri gagnrýni fyrir líferni sitt, sem gengið hefur fram af mörgum Taílendingum. Væntanlega verður þess þó vandlega gætt að sú gagnrýni fari hljótt framvegis.

Fimmtíu dagar eru liðnir frá því konungurinn lést. Strax eftir lát hans var lýst yfir þjóðarsorg í heilt ár í Taílandi. Lík hans hefur enn ekki verið brennt við hátíðlega athöfn, en það verður gert á endanum. Hugsanlega þó ekki fyrr en einhvern tíma að loknu þessu tólf mánaða langa sorgartímabili.



**Taílenskir munkar búa sig undir bænahald við málverk af Vajiralongkorn, sem tekur væntanlega formlega við af föður sínum í dag eða á morgun.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> **»** Upphaflega var reiknað með því að Vajiralongkorn myndi taka við konungstigninni strax daginn eftir að faðir hans lést. Það hefur hins vegar dregist, að sögn að ósk prinsins sjálfs. Prayuth Chan-ocha forsætisráðherra hefur sagt að Vajiralongkorn þyrfti nægan tíma til þess að syrgja föður sinn.

Vajiralongkorn hefur lítið dvalið í Taílandi undanfarið. Talið er að hann hafi verið í sunnanverðu Þýskalandi þar sem hann á glæsihús eitt.

Konungur Taílands hefur ekki mikil formleg völd, en Bhumibol gegndi mikilvægu hlutverki við að halda friði meðal þjóðarinnar, sem hefur lengi verið klofin í djúpstæðum pólitískum illdeilum.

Þegar Vajiralongkorn tekur við reynir á hvort hann geti risið undir því hlutverki. **gudsteinn@frettabladid.is**








**Steve Mnuchin, verðandi fjármálaráðherra, mættur í lyftuna heima hjá Trump í Trump-turninum í New York.** NORDICPHOTOS/AFP

# Auðkýfingar í lykilstöður í stjórn Donalds Trump

**BANDARÍKIN** Donald Trump hefur fengið tvo þekkta fjárfesta til að vera fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra í ríkisstjórn sinni.

Steven Mnuchin verður fjármálaráðherra og Wilbur Ross viðskiptaráðherra. Báðir eru vellauðugir með góð tengsl við viðskiptaheiminn á Wall Street, rétt eins og Trump sjálfur.

Gagnrýnendum Trumps finnst þetta stangast á við yfirlýsingar hans í kosningabaráttunni um að hann ætli að draga úr áhrifum viðskiptaheimsins á stjórn landsins.

„Steve Mnuchin er bara enn einn innanbúðarmaðurinn á Wall Street,“ segir í yfirlýsingu demókratanna Bernies Sanders og Elizabeth Warren. „Það er ekki breyting af því tagi sem Donald Trump lofaði að gera í Washington, þetta er hræsni af verstu sort.“ **– gb**

LEITIN AÐ SVARTA VÍKINGNUM EFTIR BERGSVEIN BIRGISSON

# TIL HAMINGJU!



„Meira spennandi en tólf norskar glæpasögur til samans.“
Dag og tid

„Þessi bók grípur mann heljartökum eins og besta glæpasaga.“
Klassekampen




ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning

„eitt mesta verk 2016 vertíðarinnar … spennandi og jafnvel æsileg á köflum … það er ansi dýrmætt að fá að kafa með Bergsveini í þessa fortíð alla … Þessi bók er veisla.“
Hallgrímur Helgason, Stundin.is

„Skyldulesning.“
– Adresseavisen

BJARTUR

# netto

# Veislan byrjar hjá okkur

Franskur gæðakalkúnn á frábæru verði!



KALKÚNN HEILL
- FROSINN
3 STÆRÐIR
**998 KR/KG** ❄



ÍSFUGL

-25%

KALKÚNABRINGA
- FERSK
ÁÐUR: ~~2.947 KR/KG~~
**2.358 KR/KG**



KJÖTSEL

-27%

KJÖTSEL SVÍNASÍÐA
MEÐ PURU (PURUSTEIK)
ÁÐUR: ~~1.898~~
**1.386 KR/KG**



GÆSABRINGUR
ÁÐUR: ~~3.498~~
**3.148 KR/KG** ❄



-30%

HUMAR ÁN SKELJAR
- 800 GR. POKI
ÁÐUR: ~~4.998 KR/PK~~
**3.499 KR/PK**



HUMARSALAN

NÝTT Í netto

HÁTÍÐARSÚPA
HUMARSÖLUNNAR,
850 ML
**1.298 KR/STK**



HUMARSALAN

HUMAR
BRAUÐAÐUR - 500 GR.
**2.998 KR/PK**

NÝTT Í netto





-31%

GRANDIOSA PIZZAROLLS - 155 GR.
OSTUR&SKINKA EÐA PEPPERONI
ÁÐUR: ~~429 KR/PK~~
**298 KR/PK** ❄









-20%

ALMONDY KAKA
TOBLERONE - 400 GR.
ÁÐUR: ~~998 KR/PK~~
**798 KR/PK** ❄

ALMONDY KAKA
MEÐ DAIM - 400 GR.
ÁÐUR: ~~998 KR/PK~~
**798 KR/PK** ❄

Nørregade





-20%

BRJÓSTSYKUR
140G - 15 GERÐIR
ÁÐUR: ~~249 KR/PK~~
**199 KR/PK**




-40%

AÐVENTUSTEIK GRÍSABÓGUR FYLLTUR M/KANEL OG EPLUM
ÁÐUR: 2.498 KR/KG
**1.499 KR KG**




-20%

HANGIFRAMPARTUR ÚRBEINAÐUR
ÁÐUR: 2.798 KR/KG
**2.238 KR KG**

## Ferskt rauðkál í tilboði



RAUÐKÁL
ÁÐUR: 289 KR/KG
**145 KR KG**

-50%

KS KRYDDUÐ HELGARSTEIK
**2.598 KR KG**




OPAL BIRKIREYKTUR LAX - 300 GR
ÁÐUR: 1.977 KR/PK
**1.740 KR PK**

OPAL GRAFIN LAX - 300 GR.
ÁÐUR: 1.898 KR/PK
**1.670 KR PK**

DAN CAKE

## Góður eftirréttur!



-20%

KAKA PREMIUM KREM OG SPÆNIR - 350 GR.
ÁÐUR: 549 KR/PK
**439 KR PK**

JÓLAKÚLUR - 175 GR
ÁÐUR: 279 KR/PK
**223 KR PK**

RÚLLUTERTA JÓLA 370 GR.
ÁÐUR: 449 KR/PK
**359 KR PK**

RÚLLUTERTA HUNANGS - 300 GR.
ÁÐUR: 449 KR/PK
**359 KR PK**




PIPARKÖKUHÚS - 300 G
**599 KR PK**

ÓDÝRT - JÓLAPIPARKÖKUR - 300 GR.
**269 KR PK**

PIPARKÖKUR - 375 G
**498 KR PK**

## Frábært úrval af jólasælgæti!










Hér má sjá hluta af Kársnesbrautinni eins og hann lítur út í dag.


Hér má sjá tölvuteiknaða mynd af sama hluti Kársnesbrautar, eins og hann yrði eftir breytingu.

# Brú yfir Fossvog forsenda uppbyggingar

Gert er ráð fyrir að hundruð íbúða muni rísa á Kársnesi á næstu árum. Ný brú yfir Fossvog verður hugsuð fyrir umhverfisvænan ferðamáta. Unnið er að skipulagslýsingu svæðisins. Óskað hefur verið eftir innsendum ábendingum og athugasemdum vegna verkefnisins.

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is



**SKIPULAGSMÁL** Átta hundruð íbúðir munu rísa á Kársnesi í framtíðinni. Þegar hefur verið samþykkt skipulag tveggja reita fyrir fjölbýlishús með um 250 íbúðum og munu framkvæmdir við þær hefjast á næsta ári. Að auki er gert ráð fyrir 550 íbúðum á þróunarsvæði vestast á Kársnesi. Samkvæmt upplýsingum frá bæjarstjórnarskrifstofum eru þessu til viðbótar tæplega 400 íbúðir í byggingu í bryggjuhverfinu á Kársnesi sem þegar hefur verið skipulagt og er í uppbyggingu. Á svæðinu vestast á Kársnesi er gert ráð fyrir blandaðri byggð íbúða og atvinnuhúsnæðis, vistvænum samgöngum, verslun og þjónustu. Samhliða uppbyggingu verður reist brú fyrir gangandi, hjólandi og almenningsvagna yfir Fossvog sem tengja mun svæðið við háskólasvæði Háskólans í Reykjavík, Háskóla Íslands og miðbæ Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir að uppbygging svæðisins taki á bilinu 10-20 ár en unnið hefur verið að skipulagslýsingu sem er undanfari að deiliskipulagi. Er skipulagslýsingin núna í kynningarferli hjá bænum. „Við erum auðvitað að fara í

> **Við erum auðvitað að fara í alveg gríðarlega mikla hreinsun og uppbyggingu.**
>
> Theódóra S. Þorsteinsdóttir, formaður skipulagsnefndar



alveg gríðarlega mikla hreinsun og uppbyggingu,“ segir Theódóra S. Þorsteinsdóttir, formaður skipulagsnefndar Kópavogs. Hún segir þennan stað alveg mega við hreinsuninni því svæðið hafi drabbast niður. „En við viljum snúa við þessari þróun og hefja uppbygginu,“ segir hún. Theódóra segir að forsendan fyrir uppbyggingunni sé brúin milli Kársness og Fossvogs. „Við þurfum að styðja við uppbyggingu borgarlínunnar með góðri samgöngustefnu af því að við getum ekki farið í þessa uppbyggingu nema að við þjónustum íbúana með góðum almenningssamgöngum, góðum hjólastígum og betra flæði,“ segir Theódóra og bætir við að bærinn hafi fengið verkfræðistofu til þess að


Blönduð byggð íbúða og atvinnuhúsnæðis, vistvænar samgöngur, verslun og þjónusta verða áhersluatriði á Kársnesi.

reikna út framtíðarumferðarspá. Það þurfi að bregðast við þeirri þróun sem spáð er á næstu 25-30 árum á höfuðborgarsvæðinu að íbúum fjölgi um 70 þúsund manns. „Þannig að við erum með langtímaplan og erum að horfa á þetta svæði sem langtímatækifæri,“ segir Theódóra. Væntanleg brú þarf að fara í umhverfismat og verið er að vinna að undirbúningi þess. Þrír aðilar vinna að verkefninu, en auk Kópavogs eru það Reykjavíkurborg og Vegagerðin. „Við vorum að breyta hjá okkur aðalskipulagi af því að við gerðum ekki ráð fyrir almenningssamgöngum þegar við vorum að vinna aðalskipulag á síðasta kjörtímabili. Reykjavík var með það hjá sér þannig að við erum að samræma það,“ segir Theódóra og bætir við að brúin sé ekki hugsuð fyrir almenna bílaumferð. Kópavogur tekur á móti athugasemdum og ábendingum við skipulagslýsingarnar tvær til 22. desember nk. Athugasemdir skulu sendast á skipulag@kopavogur.is eða á skipulags- og byggingardeild umhverfissviðs í Fannborg 6, 200 Kópavogi.

**Fegurðin býr í bókum**
www.crymogea.is

Barónsstígur 27/101 Reykjavík
(354) 511 0910

Crymogea

# Ragnar Axelsson
# Tilnefndur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna
# **Til hamingju!**





★★★★★
**„Sannkallað stórvirki. *Andlit norðursins* fær fimm stjörnur, annað er ekki hægt.“**
—Reynir Traustason, Stundin

**„*Andlit norðursins* er stórkostlegt listaverk. Bók sem hefur gríðarlega þýðingu fyrir samtíma okkar.“**
—Egill Helgason, Kiljan

**„Einn af mestu hugsjóna- og listamönnum samtímans. Ég hneigi mig djúpt.“**
—Ómar Ragnarsson



# Tjáningarfrelsi og ábyrg orð



Hafliði Helgason
haflidi@frettabladid.is

Fleyg er sú setning sem höfð er eftir Voltaire og reyndar ýmsum fleirum: „Ég fyrirlít skoðanir þínar, en er tilbúinn að láta líf mitt fyrir rétt þinn til að tjá þær.“ Setningin er í anda upplýsingastefnunnar og þeirra stjórnmálaumbóta sem henni fylgdu.

Tjáningarfrelsið er sjálfsögð réttindi og varin í stjórnarskrám lýðræðisríkja um allan heim. Þessi helgu réttindi eru kjarni lýðræðisins og ber að umgangast sem slík.

Frelsi fylgir þó alltaf ábyrgð. Sá sem tekur ekki ábyrgð á eigin lífi er aldrei frjáls. Frelsi takmarkast líka við frelsi annarra til verðmætra réttinda í samfélaginu. Til dæmis að ekki sé veist að mannorði þeirra með lygi og óhróðri.

Vandinn verður alltaf sá að meta hvenær réttlætanlegt er að láta fólk gjalda fyrir meiðandi ummæli. Fáir eru þeirrar skoðunar að heimilt sé að ljúga upp á fólk og skaða orðspor þess án þess að þurfa að taka afleiðingum af því.

Hitt er svo annað að orð dæma sig oft sjálf og enga þvingun þarf til þess að sá sem fer með heimsku, róg og lygi dæmi sig til útskúfunar í skynsamlegri orðræðu. Yfirleitt er slíkt æskilegasti farvegur fyrir órökstudd og heimskuleg ummæli um menn og málefni. Það að beita réttarvernd opinbers valds er oftar en ekki varasamt og skilar jafnvel samúð með vondum málstað.

Ástæða þessara vangaveltna er sú að lögð hefur verið fram kæra á hendur útvarpsmanni sem hefur verið farvegur fyrir ótrúlegasta bull og meiðandi vitleysu í garð ýmissa hópa. Vel gert og skynsamt fólk hlýtur að fordæma allt það bull og vitleysu, en annað mál er hvort rétt sé að beina slíkum málum í refsifarveg.

Lög um hatursorðræðu eru í gildi hér á landi og í mörgum nágrannalöndum. Þau eru tilkomin vegna ótta við að öfgahreyfingar sem beita hatursorðræðu og rakalausum áróðri. Í ljósi sögunnar er óttinn við slíkt skiljanlegur og því miður, þrátt fyrir betra aðgengi að upplýsingum, virðast lýðskrumarar hverra ummæli standast enga skoðun eiga greiða leið að hjörtum kjósenda. Hjörtum, því ekkert í orðræðu þeirra stenst skoðun sæmilegs heila.

Stundum heyrist einnig það sjónarmið að verið sé að hefta tjáningarfrelsi þeirra ef einstakir fjölmiðlar hafna því að koma órökstuddum og meiðandi sjónarmiðum á framfæri. Það er auðvitað firra, því hver fjölmiðill getur gert sínar kröfur um háttvísi og málefnalega umræðu sem honum hentar.

Það er til efs að boð og bönn leysi vanda hatursorðræðu. Hættan af því að hemja um of tjáningarfrelsið er sú að þau mörk verði svo áfram teygð svo langt að við að lokum glötum því. Tjáningarfrelsið á sér stutta sögu ef horft er til sögu menningarsamfélaga og fyrir tilurð þess og lýðræðisins hefur runnið mikið blóð.

**Hitt er svo annað að orð dæma sig oft sjálf og enga þvingun þarf til þess að sá sem fer með heimsku, róg og lygi dæmi sig til útskúfunar í skynsamlegri orðræðu.**






## Halldór




## Frá degi til dags

**Fleiri hringi?**
Enn einn eldsvoðinn á athafnasvæði Hringrásar í Klettagörðum í fyrrakvöld leggst þungt í bæði slökkviliðsstjóra og borgarstjóra sem einmitt segir í Fréttablaðinu í dag að honum sýnist fullreynt með starfsemi fyrirtækisins svo nærri íbúðabyggð. Borgarstjórinn ætlar að kalla eftir gögnum um Hringrás frá Faxaflóahöfnum, slökkviliðinu og heilbrigðiseftirlitinu sem skellti brunarústunum í lás í gær. Svo virðist sem langlundargeð yfirvalda sé nú loks þrotið enda ljóst að Hringrás sveikst um að uppfylla þær kröfur sem það gekkst undir eftir síðasta stórbruna. En það á eftir að koma í ljós hvort Hringrás fái að taka fleiri snúninga á nágrönnum sínum.

**Hrist saman**
Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, kallaði alþingismenn á hús á Bessastöðum í gær eftir að hafa látið þá bjástra við að reyna að koma á stjórnarsamstarfi í rúma viku. Meðal þeirra meðala sem forsetinn beitti á gestina var reykt bleikja, kræklingur og hreindýrapaté – svo aðeins helmingurinn af forréttunum sé upptalinn. Hafi síðan naut og lamb í aðalrétt ekki náð upp samstarfsviljanum í mannskapnum átti forsetinn enn súkkulaðifrauð og osta uppi í erminni. Þetta hefur vonandi dugað á alla nýju þingmennina sem fengu einmitt tvenn mánaðarlaun inn á reikninginn sinn í gær.

gar@frettabladid.is

# Kerfið stjórnar



Gunnlaugur Stefánsson
Heydölum

Kerfin eiga að þjóna fólkinu. En það getur breyst fljótt, ef kerfið er farið að snúast um að viðhalda sjálfu sér. Þá verður til skipulag með innbyggðum hvata um að verja fjárhagslega stöðu sína óháð þjónustunni við fólkið. Þar skapast lítið svigrúm svo hjartað megi einhverju ráða. Hér er ekki við starfsfólkið að sakast sem líður líka fyrir kerfishyggjuna.

Margrét var rúmlega áttræð. Á einu ári var hún flutt þrisvar sinnum með sjúkrabifreið meðvitundarlítil af heimili sínu á bráðamóttökuna á Landspítalanum. Þar var alltaf tekið á móti henni af alúð. Eftir nákvæma skoðun var aðstandendum sagt að hún þjáðist af vannæringu og ofþornun. Síðan var henni komið fyrir á deild á sjúkrahúsinu. Það tók Margréti drjúgan tíma að safna þreki á ný og á meðan gat hún ekki verið heima hjá sér. Á einu ári dvaldi Margrét á sex heilbrigðisstofnunum á höfuðborgarsvæðinu, stundum með viðdvöl heima hjá sér á milli flutninga. En allar nýjar innlagnir áttu sameiginlegt, að á móti henni var tekið eins og hún hefði aldrei verið í samskiptum við heilbrigðiskerfið. Sömu spurningar, nýgerðar rannsóknir endurteknar, fleiri skýrslur, aftur og aftur, jafnvel þó hún hafi verið flutt beint af einni sjúkradeild á aðra. Múrar á milli stofnana og deilda voru rammgerðir. Hvergi nokkurs staðar var að finna aðila í kerfinu sem bar ábyrgð með heildarsýn yfir samskipti Margrétar við heilbrigðiskerfið. Mikið er nú íslenska heilbrigðiskerfið vel efnum búið að geta stundað svona rekstur.

Seint um síðir komst Margrét í gegnum frumskóg kerfisins til varanlegrar dvalar á heimili aldraðra og bjó þar við ágæta heilsu um árabil. Þar var séð um að hún fengi nóg að borða og drekka, nyti tómstunda og samfélags. Fólkið að störfum hafði svigrúm til að leyfa hjartanu að slá með heimilisfólki, skynja þarfir þess og aðstæður, en lét ekki flókna kerfiskróka stjórna öllum háttum og skipulagi.

Væri ekki ráð, að horfa sér nær og spyrja stundum hvort kerfið sé æðra en þjónustan við fólkið? Það gæti kannski líka leitt til þess að fjármunir nýttust betur.

**Væri ekki ráð, að horfa sér nær og spyrja stundum hvort kerfið sé æðra en þjónustan við fólkið?**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Kerfisþvæla og auðvaldshroki

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Krafa nútímans er gagnsæir verkferlar. Þegar eitthvað fer úrskeiðis eða orkar tvímælis í samfélaginu þá virkar einhvern veginn miklu faglegra að segja að „verkferlar hafi brugðist“ heldur en að benda á að einhver hafi gert mistök, hagað sér eins og asni og geti sjálfum sér um kennt. Af þessum sökum er stöðugt verið að setja reglur um hitt og þetta í mannlegum samskiptum.

Á tímabili var til dæmis til staðar einhvers konar verkferli sem ætlað var að koma í veg fyrir að hægt væri að skrá hvaða vitleysu sem er sem starfsheiti í símaskrána. Á grundvelli þess var mér til að mynda meinað að skrá mig fyrir starfsheitinu „framtíðarfræðingur“. Svarið sem ég fékk var í raun og veru: „Vertu ekki að trufla okkur með þessu bulli.“

Einhverjir hafa þó eflaust verið þrasgjarnari en ég og staðið í langvinnum bréfaskiptum og stappi til þess að fá ákvörðun Símaskrárinnar hnekkt og vísað til orðhengilsháttar um reglurnar, sjálfsagðra mannréttinda, meðalhófsreglu stjórnarskrárinnar og vandaðrar stjórnsýslu. Þetta hefur líklega verið mjög leiðinleg vinna fyrir ritstjórn Símaskrárinnar.

**Hvað varð um Íslandsljónið?**
Fyrir stífninni voru þó einhver rök. Til dæmis væri það bagalegt ef símaskráin yrði eina ritaða heimild um samtímann sem sagnfræðingar hefðu aðgang að árið 2.416. Þeir myndu þá komast að því sér til undrunar að á Íslandi er á fjórða tug manna skráðir með atvinnuheitið „ljónatemjari“. Sagnfræðingarnir myndu vitaskuld álykta sem svo að eitt brýnasta úrlausnarefni íslensks veruleika í upphafi 21. aldarinnar hafi verið að hafa taumhald á íslenska ljónastofninum. Og út frá því yrðu til miklar pælingar um örlög íslenska ljónastofnsins og langvarandi illvígar deilur í fræðimannasamfélaginu um hvort kenna mætti ofveiði, loftlagsbreytingum, misheppnuðum kynbótum eða úrkynjun um hvarf Íslandsljónsins.

En Símaskráin er nánast hætt að skipta sér af þessu, eins og glögglega má sjá á fjölda ljónatemjara. Það tók því bara ekki að standa í þessu. Fólki er því frjálst að titla sig sem geimgengla, klósettkafara, stjórnmálafræðinga, einhyrninga eða galdramenn. Allt er þetta látið afskiptalaust.

Reyndar áskilur Já.is sér ennþá rétt til þess að skipta sér af skráningunni ef einhverjum dettur í hug að setja fram einhvern yfirgengilegan dónaskap. Á þetta mun lítið hafa reynt, en ef til þess kemur þá mun heilbrigð dómgreind starfsmanna fyrirtækisins vera látin ráða frekar en flóknar reglur. Þeir geta þá sagt: „Vertu ekki að trufla okkur með þessu bulli.“

**Stjórnsýslubull**
„Vertu ekki að trufla okkur með þessu bulli“ hefði líka að sjálfsögðu átt að vera svarið þegar einhverjum framtakssömum lögfræðingi hjá bresku verslunarkeðjunni Iceland datt í hug sú þvæla að heimta einkarétt á notkun orðsins Iceland í markaðstilgangi. En virðulegar stofnanir í Evrópu, eins og Evrópska einkaleyfastofan, þurfa að vera faglegar og gagnsæjar. Öll mál þurfa að fá réttláta málsmeðferð og synjun á fáránlegum kröfum verður að grundvallast á skýrum lagaheimildum.

Af einhverjum ástæðum virðast lagasmiðirnir ekki hafa haft hugmyndaflug til þess að girða fyrir þá fásinnu sem breska verslunarkeðjan fór fram á. Og viti menn; eftir tíu ára þóf, með tilheyrandi fjáraustri í lögfræðikostnað, fundahöld og skýrsluskrif, gubbaði kerfið út úr sér þeirri fráleitu niðurstöðu að það væru ekki til staðar haldbær rök til þess að synja búðarfólkinu um einkarétt á að nota orðið Iceland í markaðslegum tilgangi. Sem sagt, hin stórgáfulega niðurstaða hins faglega kerfis er að breska búðin Iceland getur komið í veg fyrir að íslensk fyrirtæki noti nafnið Iceland á vörurnar sínar í Evrópu.

**Auðvaldshroki**
Malcolm Walker, eigandi Iceland (verslunarkeðjunnar), virðist ekki hafa sómakennd til þess að átta sig á því hvers kyns vanvirðingu hann sýnir fullvalda ríki með því að halda til streitu kröfunni um einkaleyfið. Þess í stað þykist hann nú vilja „semja“ um lausn málsins við íslensk stjórnvöld. Til að bæta gráu ofan á svart hefur hann ákveðið—með alveg sérlega óaðlaðandi auðvaldshroka— að senda það sem hann kallar „high-level delegation“ til Íslands til viðræðna við stjórnvöld og lætur jafnvel að því liggja að sendinefndin hans muni eiga orðastað við utanríkisráðherra Íslands. Þvílík þvæla.

Og hvernig er rétt að bregðast við þvælu? Kannski með enn meiri þvælu.

Úr því að þessi sendinefnd er komin til landsins væri upplagt að senda hana rakleitt á Grandagarð í höfuðstöðvar Magga í Texas-borgurum. Áður en sendinefndin fer að „semja“ við Ísland um notkun á nafni landsins væri upplagt fyrir hana að æfa sig með því að fara fyrir hönd Magga til Houston í Texas, heimta fund með fylkisstjóranum og „semja“ um notkun á nafni ríkisins í markaðslegum tilgangi. Ef þeim gengur vel að „semja“ við Texas þá gætu þeir bankað aftur.

Ef Malcolm Walker og sendinefnd hans líst ekki á að eiga orðastað við yfirvöld í Texas um hagsmuni Magga, þá ætti þessi „high-level delegation“ einfaldlega að fá þau skilaboð frá íslenskum stjórnvöldum að vera ekki að trufla með þessu bulli.

Svo ætti að senda lögfræðingana hjá Evrópsku einkaleyfastofunni í námskeið í heilbrigðri skynsemi til ritstjórnar íslensku símaskrárinnar.

> **Úr því að þessi sendinefnd er komin til landsins væri upplagt að senda hana rakleitt á Grandagarð í höfuðstöðvar Magga í Texas-borgurum. Áður en sendinefndin fer að „semja“ við Ísland um notkun á nafni landsins væri upplagt fyrir hana að æfa sig með því að fara fyrir hönd Magga til Houston í Texas, heimta fund með fylkisstjóranum og „semja“ um notkun á nafni ríkisins í markaðslegum tilgangi.**

# Vistvæna bullið



Jóhannes Gunnarsson
fv. formaður Neytendasamtakanna

Í september 2003 vöktu Neytendasamtökin athygli yfirvalda á því að engar sérstakar kröfur eða skilyrði væru gerð til framleiðenda sem notuðu heitið „vistvænt“ fyrir framleiðsluvörur sínar. Við bentum á að það stæði í raun ekkert á bak við þetta og þessi markaðssetning væri andstæð samkeppnislögum. Hún væri villandi og gæfi í skyn framleiðsluferli sem væru ekki til staðar. Í maímánuði 2004 vísuðu yfirvöld kvörtun Neytendasamtakanna frá og töldu ekki ástæðu til aðgerða þrátt fyrir að viðurkennt væri að engar sérstakar kröfur væru gerðar til framleiðenda sem notuðu merkinguna vistvænt.

Einn mikilvægasti réttur neytenda er rétturinn til að fá réttar og góðar upplýsingar um þá vöru sem hann veltir fyrir sér að kaupa. Við í stjórn Neytendasamtakanna bentum því ítrekað á það í ræðu og riti allt frá árinu 2004 eða í rúman áratug að þessi skilgreining „vistvænn“ væri einskis virði og vöruðum neytendur við og gerðum athugasemdir við að þessar vörur væru markaðssettar sem sérstakar hollustuvörur og frábrugðnar öðrum venjulegum matvörum sem væru ekki merktar með þessu heiti.

**Ítrekað kvartað án árangurs**
Ítrekað var kvartað yfir þessu við yfirvöld sem sáu enga ástæðu til aðgerða og höfnuðu því að notkun ákveðinna framleiðenda á hugtakinu „vistvænt“ væri brot á samkeppnislögum.

Það er ekki nýtt að yfirvöld hafni ábendingum frá neytendum og meti meira hagsmuni framleiðenda og seljenda en neytenda. Þannig var það jafnan meðan ríkiseinokun var á ákveðinni þjónustu. Þá stóðu stjórnvöld alltaf með einokunarfyrirtæki ríkisins gegn réttmætum kröfum neytenda og engu skipti þó framleiðendurnir og/eða seljendurnir væru á svokölluðum frjálsum markaði. Stjórnvöld stóðu alltaf með framleiðendum og seljendum í stað þess að vinna að eðlilegri uppbyggingu samkeppni og góðrar þjónustu á sanngjörnu verði.

Þjóðinni var brugðið þegar Kastljós Sjónvarpsins afhjúpaði hvers konar svikastarfsemi hefur viðgengist um árabil í sambandi við framleiðslu ákveðins eggjaframleiðanda. Eggjaframleiðandinn hafði um árabil markaðssett vöru sína sem „vistvæna“ og stjórnvöld höfðu ekkert aðhafst jafnvel þó að eftirlitsaðilum væri fullkunnugt um það um árabil að þetta væri rangt og þessi merking og markaðssetning væri notuð fyrst og fremst í þeim tilgangi að selja neytendum vöru á fölskum forsendum á hærra verði en samkeppnisaðilinn gerði. Fölskum forsendum sem voru í raun blessuð af stjórnvöldum sem neituðu að aðhafast nokkuð í málinu til að tryggja eðlilega og sanngjarna samkeppni og gæta öryggis neytenda og þess að ekki væri okrað á þeim.

Nú þegar dapurlegar staðreyndir liggja fyrir um svikastarfsemi Brúneggjaframleiðandans þá stoðar lítt fyrir Matvælastofnun og landbúnaðarráðuneyti að telja sig ekki bera neina ábyrgð á því að neytendur skyldu vera blekktir svo árum skiptir og narraðir til að kaupa verstu vöruna á markaðnum á yfirverði á þeim forsendum að við framleiðslu viðkomandi eggja væri beitt betri aðferðum og farið betur með dýrin en hjá samkeppnisaðilum.

Spurning er hvaða ábyrgð eiga yfirvöld að bera í þessu sambandi. Eiga þau að hafa frumkvæðisskyldu til að koma í veg fyrir svikastarfsemi og okur á neytendum viti þau af því? Að sjálfsögðu eiga þau að gera það.

**Nágrannalönd standa með neytendum**
Í nágrannalöndum okkar bera stjórnvöld meiri virðingu fyrir því að rétt og lögleg markaðsstarfsemi fari fram og standa venjulega með neytendum gegn hagsmunum framleiðenda sé spurning um markaðssetningu, öryggi, verðlagningu og fullnægjandi upplýsingar. Af þeim sökum er framleiðsla nágrannaþjóða okkar viðurkennd gæðavara á sama tíma og á það skortir að vöruvöndun hér á landi sé með sama hætti.

Nú hefur verið afhjúpað hvernig framleiðendur og eftirlitsaðilar hafa brugðist neytendum og í raun svikið þá og okrað á þeim. Til að neytendavernd verði virk þá þurfum við ekki bara á vakandi stjórnvöldum að halda sem standa með neytendum. Við þurfum öll að vera á verði og gæta þess að láta vita ef við teljum að verið sé að hafa rangt við. Við erum öll neytendur og það skiptir máli að við eigum kost á bestu vörunni, bestu þjónustunni, bestu framleiðslunni og besta verðinu hverju sinni. Það getum við fengið með samstöðu um eðlilega samkeppni og eftirlit.








# Bannið vandræðaskatta í stjórnarskrá



**Helgi Tómasson**
prófessor í hagrannsóknum og tölfræði við Háskóla Íslands

> **Ef skattstofn er matsvirði eignar er um eignaupptöku að ræða. Æskilegt er að fasteignaskattar framtíðarinnar verði þannig að íbúðarkaupendur þyrftu ekki að verða fyrir forsendubresti vegna þess að sveitarstjórn dettur skyndilega í hug að snarhækka skatt á eignir.**

Á Íslandi er nýafstaðin kosningabarátta þar sem metnaðarfullir stjórnmálamenn kepptust um að skuldbinda ríkið til útgjalda. Það þurfa að vera skatttekjur á móti þessum útgjöldum og ber að reyna að afla þeirra tekna með sem skynsamlegustum hætti.

Í Danmörku er nýlokið stjórnarkreppu þar sem meðal annars var tekist á um skattamál. Stjórnmálamenn þar í landi eru að miklu leyti sammála um æskilegar megináherslur. Flokkum gengur hins vegar illa að ganga í takt að markmiðinu. Nú síðast var deiluefnið vandræðaskattur á fasteignir. Á síðustu 20 árum hafa fasteignir, lóðir o.s.frv. hækkað langt umfram verðlag í löndum eins og til dæmis Danmörku og Svíþjóð. Ef skattstofn er byggður á metnu verðmæti eigna blasir við að hætt er við að þannig skattar gangi ekki í takt við verðlag og virki sem bóluskattar.

Í báðum þessum löndum sáu menn sitt óvænna í umhverfi hækkandi eignaverðs og frystu fasteignaskatta í þeirri krónutölu sem gilti 2001. Ef til vill var þetta hugsað sem tímabundin ráðstöfun en verðhækkanir á eignamörkuðum héldu áfram og á árunum 2005-2008 tóku Svíar ærlega til í skattkerfinu varðandi svona skatta. Allir eignaskattar, skattar á gjafir, erfðir og eignir voru afnumdir og fasteignaskattur til sveitarfélaga skilgreindur í krónutölu, til dæmis ákveðinn krónutölufjöldi á einbýlishús. Hugmyndin er að skattheimta sveitarfélags af fasteign skuli ráðast af þeirri þjónustu sem veitt er en ekki af áætluðum söluhagnaði. Menn höfðu lengi vitað að skattstofnar af þessari gerð eru illkynja.

Danir hafa ekki enn verið svo lánsamir að ryðja þessu út úr kerfinu hjá sér. Dönsk sveitarfélög hafa haft til ráðstöfunar ákveðna gerð af lóðaskatti, grundskyld, sem leggst á virði lóðar. Sá skattur hefur ekki verið frystur og hækkað mikið umfram almennt verðlag. Pólitíska slagorðið, að ekki skuli skattleggja fólk út úr húsum sínum (ingen skal beskattes ud af sin bolig) hefur orðið til því lífeyrisþegar í gömlum litlum skuldlausum húsum en með stóra lóð hafa fengið á sig grófar hækkanir langt umfram eigin tekjuþróun.

Stjórnmálamenn hafa rætt um að sameina skattstofnana, fasteignaskatt, ejendomsværdiskat, sem reiknast af markaðsvirði íbúðar og lóðarskattinn. Það hefur hins vegar ekki verið auðvelt því að þetta hefði í för með sér skattahækkun hjá sumum og skattalækkun hjá öðrum. Í nýjum stjórnarsáttmála dönsku ríkisstjórnarinnar er nú talað um að frysta líka lóðarskattinn í krónutölunni sem gilti 2015 (vandræðalending). Upphaflega átti frystingin að gilda til 2020 en nú ræða menn hvernig skattareglunar skuli vera eftir 2020-2025.

Hér er sænska útfærslan greinilega vandræðaminni en sú danska. Við höfum heyrt ljótar sögur um lífeyrisþega sem í sínu virka lífi greiddu upp skuldir sínar og þurfa síðan að selja eða veðsetja eignir til að eiga fyrir sköttum. Áður en svona skattar voru lagðir niður í Svíþjóð voru sagðar sögur af netagerðarmönnum sem lentu í því að nýríkir bankamenn keyptu netaskúra við hliðina á þeim og spenntu upp skattstofninn. Hæfni netagerðarmanna til skattgreiðslu jókst ekki vegna ríku nágrannanna.

Svipaðar sögur eru nú sagðar í Reykjavík um gamalgróin fyrirtæki sem horfast í augu við að opinberar aðilar hyggi á skattahækkanir vegna þess að verðmat nærliggjandi húsnæði hækkar, eða jafnvel að verið sé að skipta um reikniformúlur við verðmatið. Ef Bill Gates félli frá blasir við að það væri ekki skynsamlegt að þvinga erfingja til að selja mikið magn hlutabréfa til að eiga fyrir sköttum.

## Hvatning til stjórnarskrársmiða

Hópur hugsjónafólks hefur undanfarin ár unnið við endurhönnun stjórnarskrárinnar. Hér er því gullið tækifæri að hnykkja á eignarréttinum í stjórnarskránni þannig að eignaskattar og aðrir slíkir þar sem skattstofninn er matsvirði eignar (erfðaskattur, fasteignaskattur o.fl.) séu fortakslaust bannaðir í stjórnarskrá. Ef skattstofn er matsvirði eignar er um eignaupptöku að ræða. Æskilegt er að fasteignaskattar framtíðarinnar verði þannig að íbúðarkaupendur þyrftu ekki að verða fyrir forsendubresti vegna þess að sveitarstjórn dettur skyndilega í hug að snarhækka skatt á eignir.

Ef Íslendingar fara sænsku leiðina í þessu máli væri skynsamlegt að fara í áföngum, t.d. á 5-10 árum, að markinu. Verðhækkun eigna á ekki að vera grundvöllur aukinnar eyðslu, hvorki hjá einkaaðlinum, fyrirtækjum né hinu opinbera. Að minnsta kosti á að fara mjög gætilega á þeirri braut. Annars kann illa að fara þegar verðfallið kemur. Eyðslu á að fjármagna með tekjum.

SKEGG RASPÚTÍNS EFTIR GUÐRÚNU EVU MÍNERVUDÓTTUR

# TIL HAMINGJU!




Ný bók eftir einstakan verðlauna-höfund

*„Skegg Raspútíns er einstaklega falleg og djúp saga sem dregur fram hið skáldlega í raunveruleikanum og gerir sannleikann að skáldskap.“*
Guðrún Baldvinsdóttir, Víðsjá, Rás 1

*„Hvernig er hægt að vera svona ljóðrænn og um leið svona töff og hitta naglann á höfuðið? … Dásamleg bók.“*
Jórunn Sigurðardóttir, Orð um bækur

BJARTUR




Rakel Dögg Bragadóttir er komin aftur í íslenska landsliðið sem keppir í Færeyjum um helgina í forkeppni fyrir HM 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Raunhæft að komast á stórmót

**Íslenska landsliðið í handbolta hefur í dag þátttöku í forkeppni heimsmeistarakeppninnar 2017. Nokkuð langur vegur er að úrslitakeppninni í Þýskalandi en þangað stefna stelpurnar okkar ótrauðar.**

**HANDBOLTI** Ísland hefur ekki komist í lokakeppni stórmóts í handbolta síðan stelpurnar okkar kepptu á Evrópumeistaramótinu í Serbíu árið 2012. Það var þá þriðja lokakeppni íslenska landsliðsins í röð.

Eftir það hefur íslenska liðið ekki komist í gegnum undankeppni stórmóts. En í dag hefst forkeppni fyrir HM 2017 í Þýskalandi en það er fyrra þrepið í undankeppninni. Ísland er í fjögurra liða riðli en úr honum fara tvö efstu liðin áfram og taka þátt í umspili sem fer fram í júní.

Ef Ísland kemst áfram úr riðlinum bíður erfitt verkefni okkar kvenna þar sem Ísland verður í neðri styrkleikaflokki þegar dregið verður í umspilið, þar sem leikið verður heima og að heiman um laust sæti í lokakeppninni.

**2-3 ár að ná markmiðinu**

„Þetta er hraðmót og það getur margt gerst í því,“ segir landsliðsþjálfarinn Axel Stefánsson en hann tók við liðinu í sumar. Með Íslandi í riðli eru Austurríki, Makedónía og Færeyjar og segir Axel að Ísland eigi fína möguleika á að komast áfram.

Eins og ábyrgum þjálfara sæmir þá gerir hann ekki lítið úr verkefninu og andstæðingunum, sem hann segir að geti allir valdið Íslandi vandræðum. En hversu langt er í að Ísland geti aftur keppt á stóra sviðinu?

„Bæði HSÍ og þjálfarateymið hafa sett sér það markmið að komast aftur á stórmót eftir 2-3 ár. Ef við erum heppin og sleppum við meiðsli gæti það gerst fyrr,“ segir hann en viðurkennir að það þurfi margt að ganga upp.

„Við þurfum að byggja okkur upp. En ég held að efniviðurinn sé til staðar og leikmenn eru tilbúnir að leggja mikið á sig.“

**Stressuð fyrir fyrstu æfinguna**

Eitt helsta vandamál landsliðsins síðustu ár er að það hefur misst marga af sínum reynslumestu leikmönnum. Ein þeirra sem heltust úr lestinni var Rakel Dögg Bragadóttir sem er nú aftur byrjuð að spila og hefur unnið sér aftur sæti í landsliðinu á nýjan leik.

„Það er gaman að fá að upplifa það aftur að mæta á landsliðsæfingu. Ég viðurkenni þó að ég var svolítið stressuð fyrir fyrstu æfinguna eftir að ég var valin – sem er sérstakt fyrir þrítugan leikmann,“ segir hún í léttum dúr.

Hún er ánægð með samsetningu íslenska landsliðsins eins og liðið lítur nú út og sér fram á að Ísland eigi möguleika á að vinna sér aftur sæti í stórmóti.

„Það er ekki fjarlægur draumur. Eftir þau áföll sem liðið gekk í gegnum á sínum tíma þurftu ungir leikmenn að axla mikla ábyrgð en nú hefur kjarni liðsins verið saman í nokkur ár og fleiri leikmenn að komast að í atvinnumennsku,“ segir hún.

„Það er erfitt að koma landsliðinu aftur á þann stall sem það var komið á en markmiðið okkar er að komast inn á HM nú. Ef það tekst ekki í þetta skiptið þá ætlum við ekki að örvænta. Við erum með ungt lið sem á mikið inni.“

Ísland hefur leik gegn Austurríki í dag. Stelpurnar mæta Færeyjum á morgun og Makedóníu á sunnudag.

eirikur@frettabladid.is




## Nýjast

**Domino's-deild karla**

**Stjarnan - Grindavík 75-64**
**Stigahæstir**: Hlynur Elías Bæringsson 19/10 fráköst/5 stoðs., Justin Shouse 13, Devon Andre Austin 13/13 fráköst - Þorleifur Ólafsson 13, Ólafur Ólafsson 12/7 fráköst.

**Tindastóll - Skallagr. 97-75**
**Stigahæstir**: Antonio Hester 25/13 fráköst, Pétur Rúnar Birgisson 23/7 stoðs. - Flenard Whitfield 32/17 fráköst, Sigtryggur Arnar Björnsson 7/5 fráköst.

**Njarðvík - Þór Ak. 94-105**
**Stigahæstir**: Jeremy Martez Atkinson 31/7 fráköst, Björn Kristjánsson 21 - Darrel Lewis 25/7 fráköst/5 stoðs., Þröstur Leó Jóhannsson 19, George Beamon 18/7 fráköst

**ÍR - Þór Þ. 74-72**
**Stigahæstir**: Matthías Orri Sigurðarson 20, Quincy Hankins-Cole 14/13 fráköst - Maciej Baginski 22, Emil Karel Einarsson 18, Tobin Carberry 18/9 fráköst

**Snæfell - Haukar 78-95**
**Stigahæstir**: Sefton Barrett 17/12 fráköst, Snjólfur Björnsson 13 - Sherrod Nigel Wright 33/13 fráköst/7 stoðsendingar, Haukur Óskarsson 15/7 fráköst.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Tindastóll | 14 | Þór Þ. | 8 |
| Stjarnan | 14 | Haukar | 8 |
| KR | 12 | Skallagrímur | 8 |
| Grindavík | 12 | Keflavík | 6 |
| Þór Ak. | 10 | ÍR | 6 |
| Njarðvík | 8 | Snæfell | 0 |

**Olís-deild karla**

**Fram - Haukar 30-32**
**Markahæstir**: Arnar Birkir Hálfdánarson 9, Andri Þór Helgason 4/3, Þorgeir Bjarki Davíðsson 4 - Janus Daði Smárason 11/1, Daníel Þór Ingason 7, Guðmundur Árni Ólafsson 4/1.

**Valur - Grótta 31-21**
**Markahæstir**: Anton Rúnarsson 8/4, Josip Juric Grgic 5, Ólafur Ægir Ólafsson 5 - Finnur Ingi Stefánsson 6/1, Þráinn Orri Jónsson 4.

**Akureyri - Selfoss 25-23**
**Markahæstir**: Mindaugas Dumcius 6, Kristján Orri Jóhannsson 5/3, Patrekur Stefánsson 4 - Elvar Örn Jónsson 10, Einar Sverrisson 5.

**FH - Afturelding 23-23**
**Markahæstir**: Jóhann Birgir Ingvarsson 6, Einar Rafn Eiðsson 6 - Mikk Pinnonen 7, Elvar Ásgeirsson 6, Guðni Már Kristinsson 4.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Afturelding | 20 | ÍBV | 12 |
| Haukar | 18 | Akureyri | 11 |
| FH | 16 | Grótta | 11 |
| Valur | 16 | Fram | 9 |
| Selfoss | 14 | Stjarnan | 9 |

FRÁBÆR SPILAMENNSKA

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir er í 10. sæti eftir annan keppnisdaginn á lokaúrtökumótinu fyrir sterkustu atvinnumótaröð kvenna í atvinnugolfi. Ólafía lék einstaklega vel í gær, eða á sex höggum undir pari. Hún er samtals á fjórum höggum undir pari. Ólafía var í 72. sæti eftir fyrsta keppnisdaginn og hækkaði sig því um 62 sæti á milli daga.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.25 | Mainz - Bayern | Sport 2 |
| 19.40 | Nott.For. - Newcastle | Sport 3 |
| 19.45 | Keflavík - KR | Sport |
| 22.00 | Körfuboltakvöld | Sport |
| 01.00 | NBA: Bulls - Cavs | Sport |
| 20.00 | Keflavík - KR | Keflavík |

markhönnun ehf
netto

# GEFÐU BÓK
# *um jólin*




**AFLAUSN**
**4.339 KR**




**ALLT MITT LÍF ER TILVILJUN**
**4.799 KR**




**DRUNGI**
**4.479 KR**




**HARRY POTTER OG BÖLVUN BARNSINS**
**3.519 KR**




**HEIÐA**
**4.479 KR**




**LEITIN AÐ SVARTA VÍKINGNUM**
**4.479 KR**




**LÓI ÞÚ FLÍGUR ALDREI EINN**
**2.559 KR**




**TRÖLLASTRÁKURINN LÆKNAR HREKKJUSVÍN**
**2.559 KR**

**www.netto.is | Tilboðin gilda 2. - 4. desember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# Reiðasta þruman í þrennu-herferð

**Russell Westbrook er fyrsti NBA-leikmaðurinn í 55 ár sem mætir inn í jólamánuðinn með þrennu að meðaltali í leik. Leikmaðurinn hefur verið í sannkallaðri einkaherferð eftir að Kevin Durant yfirgaf Oklahoma City Thunder.**

**KÖRFUBOLTI** Oscar Robertson hefur til þessa verið einstakur leikmaður í sögu NBA-deildarinnar í körfubolta. Hann er sá eini sem hefur verið með þrennu að meðaltali í leik, það er yfir tíu í stigum, fráköstum og stoðsendingum. Draumurinn um þrennu-tímabil er ekki svo fjarlægur lengur eftir magnaða byrjun Russells Westbrook í vetur.

Russell Westbrook var með þrennu fjórða leikinn í röð í fyrrinótt þegar Oklahoma City Thunder vann Washington Wizards. Kappinn endaði með 35 stig, 14 fráköst og 11 stoðsendingar.

„Það skiptir ekki máli þótt ég sé að klikka á skotum því ég get haft áhrif á útkomu leiksins með öðrum hætti. Ég reyni alltaf að finna leiðir til þess í gegnum allan leikinn," sagði Russell Westbrook. Eftir 20 leiki er hann með 31,2 stig, 10,5 fráköst og 11,3 stoðsendingar að meðaltali í leik. Hann er í öðru sæti í bæði stigum og stoðsendingum en í ellefta sæti í fráköstum.

„Þegar hann lendir í mótlæti í leikjunum þá einbeitir hann sér enn betur sem er einstakt að mínu mati," sagði þjálfari hans, Billy Donovan.

> Það skiptir ekki máli þótt ég sé að klikka á skotum því ég get haft áhrif á útkomu leiksins með öðrum hætti.
>
> Russell Westbrook

### Spilar í reiðikasti

Aðrir hafa bent á það að besta leiðin til að lýsa leikstíl Russells Westbrook sé að það sé eins og hann spili leikinn í reiðikasti. Hann er á milljón allan tímann og þar fer maður með einstaka líkamlega hæfileika. Sprengikrafturinn og hraðinn skilur menn eftir í rykmekki og hann er miskunnarlaus þegar kemur að því að keyra á varnir mótherjanna.

Westbrook hefur alltaf spilað reiður en hann mætti inn í tímabilið með fullan tank af bræði eftir að Kevin Durant skildi hann eftir hjá OKC og færði sig yfir í ljúfa liðið hjá Golden State Warriors. Eftir stóð Westbrook með heilt NBA-lið á bakinu og útkoman stefnir í að verða söguleg. Westbrook þurfti bara fjögur fráköst í síðasta leik sínum í nóvember til að tryggja það að hann kæmi inn í desember með þrennu að meðaltali í leik, eitthvað sem hafði ekki gerst í NBA í hálfa öld.

### Hugtakið var þá ekki til

Þegar Oscar Robertson var með þrennu að meðaltali tímabilið 1961-62 (30,8 stig, 12,5 fráköst, 11,4 stoðsendingar) þá var hugtakið „triple-double" reyndar ekki til. Það var enginn búinn að telja það saman þá að Robertson hafði náð 181 þrennu og verið með þrennu að meðaltali yfir sex tímabil frá 1960 til 1966 (30,4 stig, 10,0 fráköst og 10,7 stoðsendingar).

Hugtakið „triple-double", eða þreföld tvenna eins og þetta hefur verið kallað á íslensku, varð ekki til fyrr en á níunda áratugnum þegar Galdramaðurinn Ervin Magic Johnson fór að safna þrennum með Lakers-liðinu. Robertson hefur sjálfur sagt að hann hefði nú örugglega náð miklu fleiri þrennum og um leið fleiri þrennutímabilum ef hann hefði vitað að menn myndu gera svona mikið úr þessu. Á þessum sex tímabilum vantaði nefnilega oft bara aðeins upp á að hann væri með fleiri en eitt tímabil með þrennu að meðaltali.

Síðan er liðin meira en hálf öld og margir frábærir og fjölhæfir leikmenn hafa spilað í deildinni eins og Larry Bird, Jason Kidd og LeBron James. Enginn hefur komist nálægt þessu.

Magic Johnson komst næst því að vera með þrennu að meðaltali fyrir 35 árum þegar hann var með 18,6 stig, 9,6 fráköst og 9,5 stoðsendingar að meðaltali með Los Angeles Lakers tímabilið 1981-82.

Eftir hina mögnuðu frammistöðu Russells Westbrook þennan rúma fyrsta mánuð tímabilsins er ekkert skrýtið að tölfræðingar sem aðrir körfuboltaáhugamenn fari að sjá fyrir sér sögulega útkomu fyrir þennan einstaka leikmann. Það að bara einn leikmaður hafi náð þessu á öllum sjötíu tímabilunum í sögu NBA sýnir svart á hvítu hversu erfitt það er að ná að viðhalda slíkum ofurtölum yfir 82 leikja tímabil.

Russell Westbrook er hins vegar búinn með 20 leiki eða tæplega 25 prósent tímabilsins og hann hefur verið að bæta í frekar en hitt og þá aðallega í fráköstunum. Það eru einmitt fráköstin sem eru líklegust til að koma í veg fyrir þrennumeðaltalið hans.

### Ekki mikið til skiptanna

Westbrook er reyndar ekki með besta skotvalið í deildinni og það er oft ekki mikið eftir til skiptanna fyrir félagana þegar hann hefur lokið sér af. Þar liggur mesta gagnrýnin á hann og sem dæmi um það hefur Kevin Durant blómstrað í liðsboltanum í Golden State Warriors. Westbrook hefur hins vegar jafnframt burði til að taka leiki yfir og bjarga sínu liði af brúninni.

Gott dæmi um þetta er leikurinn í fyrrinótt. Þegar fimm mínútur voru eftir af leiknum var Westbrook „bara" með 14 stig og hafði aðeins hitt úr 5 af 24 skotum sínum. Það sem eftir lifði fjórða leikhlutans og í framlengingunni skoraði hann aftur á móti 21 stig og hitti úr 7 af 11 skotum. Mótherjarnir í Wizards skoruðu á sama tíma bara 18 stig.

Það er ekki alltaf auðvelt að vera liðsfélagi Westbrooks sem er mikið með boltann og tekur mörg skot. Núna er hann farinn að einoka fráköstin líka.

„Ég verð að fara að stíga hann út. Hann skilur engin fráköst lengur eftir fyrir okkur stóru strákana," sagði Enes Kanter í gríni. Þrennur Westbrooks eru að skila sigrum en Oklahoma City Thunder hefur unnið síðustu fjóra leiki þar sem kappinn hefur verið með þrennu á hverju kvöldi. Frammistaða Westbrooks á síðustu vikum þýðir að allir verða með augum á tölfræðidálki hans í hverjum leik og meðaltölin hans verða frétt eftir hvern einasta leik. ooj@frettabladid.is

### 9 þrennur í 20 leikjum

1. **Sigur á Phoenix Suns** – 51 stig | 14 fráköst | 10 stoðsend.
2. **Sigur á Los Angeles Lakers** – 33 stig | 11 fráköst | 16 stoðsend.
3. **Tap fyrir Orlando Magic** – 41 stig | 12 fráköst | 16 stoðsend.
4. **Sigur á Brooklyn Nets** – 30 stig | 10 fráköst | 13 stoðsend.
5. **Tap fyrir Indiana Pacers** – 31 stig | 11 fráköst | 15 stoðsend.
6. **Sigur á Denver Nuggets** – 36 stig | 11 fráköst | 17 stoðsend.
7. **Sigur á Detroit Pistons** – 17 stig | 13 fráköst | 15 stoðsend.
8. **Sigur á New York Knicks** – 27 stig | 18 fráköst | 14 stosend.
9. **Sigur á Washington Wizards** – 35 stig | 14 fráköst | 11 stosend.

● Hefur þrisvar vantað eina stoðsendingu í þrennu, einu sinni vantað tvær stoðsendingar í þrennu og einu sinni vantað tvö fráköst í þrennu.



### Russell Westbrook

**Aldur:** 28 ára | **Tímabil:** 9
**Oklahoma City Thunder** 2016-17

**Stig** 31,2 | **Fráköst** 10,5
**Stoðsendingar** 11,3



### Þrennur í NBA-deildinni í vetur

| | |
|---|---|
| Russell Westbrook | 9 |
| James Harden | 3 |
| LeBron James | 3 |
| Giannis Antetokounmpo | 1 |
| Chris Paul | 1 |
| Julius Randle | 1 |

### Oscar Robertson

**Aldur:** 23 ára | **Tímabil:** 2
**Cincinnati Royals** 1961-62

**Stig** 30,8 | **Fráköst** 12,5
**Stoðsendingar** 11,4



FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
2. DESEMBER 2016 FÖSTUDAGUR

Lífsstíll




# FLÓKIÐ SAMBAND VINKVENNA

Napólísögur Elenu Ferrante um vinkonurnar Elenu og Lilu njóta geysilegra vinsælda um allan heim. **Brynja Cortes Andrésdóttir** hefur þýtt þrjár fyrstu bækurnar úr ítölsku og vinnur nú að þeirri fjórðu og síðustu. Sögusvið bókanna er Napólí frá sjötta áratugnum til nútímans en borgin er í miklum metum hjá Brynju.

MYND/GVA

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland

Eftirgerðir af munum frá Skriðuklaustri, unnir af Inga í Sign.
Hnappur 13.900 kr.
Lykill 17.900 kr.

Óróar frá Laufabrauðssetrinu
Verð 995 kr. – 1295 kr.

Jólapóstkort frá Þjóðminjasafni, margar gerðir 200 kr.

Vandaðar og endingargóðar ullarvörur fyrir börn frá As We Grow.
Húfa: 6.495 kr. Trefill: 5.250 kr.

Minnisbók 2.495 kr.
Safnbúðin

Jólalínan 2016 frá Heklu
Kerti 1.995 kr.
Servíettur 995 kr.
Eldspýtustokkur 750 kr.

Sérpakkað dökkt súkkulaði 695 kr.
Safnbúðin.

Falleg ílát frá sveinbjörg.is
Kaffibaukasett: 2.195 kr.
Kökubox: 1995 kr.

Mikið úrval af vörum frá Hugrún - islensk.is. Borðdregill úr hör og bómullarblöndu með mynstri frá sjónabók 8.995 kr.

Safnbúð Þjóðminjasafnsins

Fallegar gjafir á góðu verði

Jólatré 24.995 kr.

Suðurgata 41 · 101 Reykjavík · Sími 530 2203 · www.thjodminjasafn.is · Hverfisgata 15 · 101 Reykjavík · Sími 530 2210 · safnahusid.is

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is





„Það hvarflaði eiginlega ekki að mér að íslenskur markaður myndi bera þetta hátt í tvö þúsund síðna verk,“ segir Brynja. MYND/GVA

„Napólí hefur eitthvað alveg sérstakt við sig, stór hafnarborg þar sem ólíkir menningarheimar mætast og hafa mæst síðan í fornöld. Hún er auðvitað alræmd glæpaborg en náttúrufegurðin, nálægðin við Vesúvíus og þessi gríska fortíð gera hana hálf goðsögulega. Napólí er ein af mínum uppáhaldsborgum og var það löngu áður en ég fór að þýða bækurnar,“ segir Brynja. Hún hefur ekki komið til borgarinnar síðan hún byrjaði á verkefninu en stefnir á að heimsækja hana á næsta ári og dvelja eitthvað á Suður-Ítalíu þegar fjórða og síðasta Napólísaga Elenu Ferrante verður komin út á íslensku.

Napólí spilar stórt hlutverk í bókaflokki hins þekkta ítalska rithöfundar og Brynja segir bækurnar lýsa borginni vel. „Borgin er í raun eins og persóna í sögunni, eða kannski heldur eitthvað undirliggjandi og eyðandi afl sem sögumaður sækir innblástur sinn í.“

## KUNNI EKKI STAF Í ÍTÖLSKU

Við sitjum í notalegri íbúð Brynju í Þingholtunum þar sem hún býr ásamt Andrési syni sínum og kisu sem heitir því skemmtilega nafni Sexan. „Sonur minn fékk að nefna hana þegar hann var þriggja ára,“ segir Brynja góðlátlega. Hún hefur búið í miðbænum síðan hún flutti alfarið heim frá Ítalíu fyrir mörgum árum. „Eftir menntaskóla byrjaði ég í Myndlista- og handíðaskólanum en ákvað síðan að fara til Ítalíu í myndlistarnám. Það var mjög skemmtilegur tími,“ segir Brynja sem talaði varla stakt orð í ítölsku þegar hún flutti út. „Ég fór á byrjendanámskeið í ítölsku og svo þegar ég byrjaði í skólanum neyddist ég til að pikka ítölskuna upp. Smám saman fór ég að lesa meira og meira og síðar, eftir námið, fór ég til Rómar og sótti bókmennta- og málvísindakúrsa.“ Þegar hún settist aftur að á Íslandi fór hún í þýðingafræði í Háskóla Íslands.

## KOM ÁHUGINN Á ÓVART

Brynja hlaut Íslensku þýðingarverðlaunin 2015 fyrir þýðingu á skáldsögunni Ef að vetrarnóttu ferðalangur eftir Italo Calvino. „Það tók mig langan tíma að finna útgefanda að þeirri bók og því hafði ég frekar svarta mynd af markaðnum fyrir þýddar skáldsögur. Ég hafði oft fengið að heyra að Íslendingar hefðu lítinn áhuga á ítölskum og suðurevrópskum bókum almennt, en ég held að þar stjórni framboðið að einhverju leyti eftirspurninni frekar en öfugt. Ég hafði lesið fyrri bækur Elenu Ferrante áður en ég las fjórleikinn og var líka mjög hrifin af þeim. Það hvarflaði eiginlega ekki að mér að íslenskur markaður myndi bera þetta hátt í tvö þúsund síðna verk, það er auðvitað mjög dýrt að gefa þetta út og láta þýða fyrir svo lítinn markað. Þess vegna er mikilvægt að styrkja þýðingar á góðum verkum því við græðum mjög mikið á að fá þessi verk á íslensku, líka þau sem seljast kannski ekki mest. Eldri skáldsögur Ferrante eru frekar stuttar svo ég fór fyrst með eina þeirra og bar það undir Guðrúnu Vilmundardóttur sem þá var útgáfustjóri hjá Bjarti að gefa hana út. Guðrún var þá alveg með puttann á púlsinum, hafði hitt ítalska forleggjara Ferrante á bókamessu í Abú Dabí eða einhvers staðar, og var svo djörf að ráðast í að gefa allan fjórleikinn út en þá voru bækurnar rétt að byrja að slá í gegn í hinum enskumælandi heimi,“ segir Brynja. „Það var greinilega rétt ákvörðun því íslenskir lesendur hafa tekið bókunum vel.“

## VINNUR AÐ FJÓRÐU BÓKINNI

Þriðja bókin, Þeir sem fara og þeir sem fara hvergi, kom út í haust og Brynja vinnur nú að þýðingu fjórðu bókarinnar. „Hún á að koma út snemma á næsta ári.“ Brynja finnur fyrir spenningi frá fólki sem getur vart beðið eftir að vita hvernig fer. „Mér finnst líka skemmtilegt að karlmenn eru meira og meira að kveikja á þessum bókum, en oft lesa karlar mest bækur eftir aðra karla, ég held það sé oftast alveg ómeðvitað en þeir fara þá á mis við mikið.

Annars finnst mér frekar mikið að þýða tvær svona stórar bækur á ári. Mér finnst gott að vinna í skorpum sem ekki er hægt með 500 blaðsíðna bók, þá verður maður að hafa ákveðna rútínu. Þegar lokadagur nálgast fer ég samt að vaka á nóttunni líka og það finnst mér alltaf dálítil stemning.“ Brynja er með skrifstofuaðstöðu í miðbænum með hópi skapandi fólks; mest hönnuðum og arkitektum. „Ég gæti ekki unnið ein heima alla daga. Það er gott að eiga þess kost en mér finnst skemmtilegt að umgangast fólk. Svo fer ég oft bara að umpotta stofublómunum þegar ég ætla að vinna heima.“

## BARDAGI GEGN LYGINNI

Hvernig er að þýða Ferrante? „Ferrante hefur frekar yfirlætislausan stíl, en það kraumar alltaf eitthvað undir niðri. Hún lýsti einhvers staðar skriftum sem bardaga gegn lyginni og hún er mjög miskunnarlaus í þeim bardaga. Þannig lýsir hún óþægilegum tilfinningum, breyskum persónuleikum og gengur nærri persónunum og sjálfri sér. „Þegar maður hefur lesið þetta verk til enda hefur maður einhvers konar sýn yfir samfélag og alla einstaklinga þess, svo gott sem frá vöggu til grafar. Og einhverja samkennd eða skilning á þeim öllum, líka mestu hrottunum.“

## LILA ER ÓVENJULEG MÚSA

Bækurnar þykja veita nýja sýn á vinkonusambönd. „Já, það er auðvelt að lifa sig inn í flókið samband Lilu og Elenu en ég er reyndar ekki viss um að þetta sé dæmigert vinkvennasamband, ef slíkt samband er til, en í öllum nánum samböndum eru skuggahliðar og óþægilegar tilfinningar. Elena er sögumaður og sækir, eða telur sig sækja, allan innblástur sinn til Lilu, sem þannig er eins konar músa Elenu allt lífið, þær nærast hvor á annarri, og það er að ég held alls ekki dæmigert fyrir vinkonusambönd. Þær alast líka upp við ofbeldi og ótta og eru hluti af þessari ofbeldismenningu sem þær vilja komast frá eða breyta. Önnur ver sig gegn utanaðkomandi hættu með því að vera hvöss, manipúlatíf og yfirgangssöm og hin með því að passa að öllum líki vel við sig og með því að halda sig í skjóli hinnar. Sú undirgefna nær síðan að mennta sig og nær langt, minnimáttarkenndin verður gagnkvæm og jafnvægið í sambandinu mjög óvenjulegt.“

## LÍST VEL Á SJÓNVARPSÞÆTTI

Elena Ferrante er dulnefni en hinn raunverulegi höfundur var afhjúpaður af blaðamanni í sumar. Skiptir máli að vita það? „Nei, mér finnst það ekki koma mér við hvernig höfundurinn lítur út eða hvað hún gerir í frístundum, held að allt sem fólk þurfi að vita og skipti máli komi fram í verkunum. Rödd rithöfundarins er þar. Mér sýnist fólk reyndar almennt fúlt út í þennan blaðamann og held að hún verði látin í friði að mestu.“

Nú eru í undirbúningi sjónvarpsþættir sem byggðir eru á bókunum. „Mér líst vel á það og er spennt að sjá. Vonandi verða þeir vel gerðir.“

## RUKKUÐ UM RITVERK

En hvernig er með Brynju sjálfa, lifa með henni rithöfundadraumar? Hún hlær og svarar: „Það er alltaf verið að rukka mig um mín eigin verk, eins og það sé ekki nóg að þýða annarra bækur. Ef ég ætti að skrifa eitthvað af viti þyrfti ég að einbeita mér algerlega að því í einhvern tíma og ég hef ekki gert það,“ segir hún en bætir kímin við: „Því var reyndar einu sinni spáð fyrir mér að ég ætti eftir að verða merkur rithöfundur í heimalandi mínu en að ég væri með eindæmum seinþroska og lengi að átta mig. Þetta var á austurlensku tehúsi og spámaðurinn virtist virkilega pirraður á mér að vera svona ofboðslega hæg. Svo það er eflaust langt í þetta enn þá,“ segir Brynja og hlær. „Annars tek ég ekki mark á spádómum.“

## ENGIR RITHÖFUNDADRAUMAR

Hvað með myndlistina, sinnirðu henni eitthvað?

„Nja, ég er að minnsta kosti ekki virk í neinni senu. Nú er ég reyndar aðeins að vinna, er að teikna vini mína sem pósa sem þekktir munkar og spjátrungar úr sögunni, þetta eru þá svona tvöföld portrett, af vinum mínum og munkunum. En þetta tekur tíma, mestur tími fer í að fá feimna til að sitja fyrir.“

En hvað er næst á dagskrá? „Mér finnst best að plana ekki langt fram í tímann, ég ætla að klára Ferrante og svo í vor ætla ég að þýða nýja bók eftir ungan ítalskan höfund sem heitir Paulo Cognetti. Hún er skrifuð á ljóðrænu og fallegu máli, allt öðruvísi en bækur Ferrante; með fjallgöngum og fersku Alpalofti, þöglum karlmönnum, testósteróni og svona öll dálítið háleit. Ég er spennt að takast á við það.“




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI:** 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*


Farmers Market
ICELAND
FARMERS & FRIENDS, VERZLUN - HÓLMASLÓÐ 2 - GRANDI - 101 REYKJAVÍK - S 552 1960
WWW.FARMERSMARKET.IS

# MEÐ BRÚNKURNAR Á HEILANUM

Hráu brúnkurnar sem matarbloggarinn Ella Mills gerir eru svo gómsætar að hún borðar þær stundum áður en þær eru fullkláraðar. Ekki skemmir fyrir að brúnkurnar er auðvelt að gera. Nýlega kom út bók með uppskriftum Ellu á íslensku.



Ella Mills hefur vakið mikla athygli í Bretlandi á sviði matargerðar. Hún hóf feril sinn sem matarbloggari árið 2012 og hefur síðan gefið út bækur, opnað veitingastaði, framleitt vörur undir eigin nafni, auk þess sem Neal's Yard Remedies hefur hafið framleiðslu á kremum frá Ellu, en fyrirtækið sérhæfir sig í lífrænum náttúrulegum snyrtivörum. MYND/SOPHIA SPRING

Ella Mills hefur verið áberandi á sviði matargerðar í Bretlandi að undanförnu. Hún hóf feril sinn sem matarbloggari árið 2012 þegar hún ákvað að skipta alveg yfir í glúten- og mjólkurlaust jurtafæði eftir að hafa skyndilega veikst. Tveimur árum síðar var hún einkennalaus og hefur hún síðan þá leiðbeint öðrum varðandi mataræði í gegnum bloggið sitt og matreiðslubækurnar sem hún hefur skrifað. Bloggið fær yfir fimm milljón heimsóknir á mánuði og tæplega milljón manns fylgja henni á Instagram.

Ella segir að bloggið hafi í upphafi aðeins átt að vera henni hvatning til þess að læra að búa til góðan mat úr náttúrulegum hráefnum. Hún hafi ekki átt von á þeim viðbrögðum og athygli sem bloggið fékk. „Tilgangurinn með blogginu var alls ekki sá að búa til fyrirtæki eða gera mig að þekktri persónu, það var einfaldlega persónuleg skráning á minni vegferð. Þegar ég byrjaði með bloggið voru þetta bara við mamma og nokkrir aðrir yndislegir lesendur sem lásu það, mér datt ekki í hug að þetta myndi vekja svo mikla athygli og ég er svo þakklát fyrir þetta samfélag sem ég get bæði miðlað til og lært af.“

Nýlega kom út matreiðslubókin Ómótstæðileg Ella í íslenskri þýðingu Maríu Ránar Guðjónsdóttur en hún er fyrsta bók Ellu Mills og kom út 2015. Bókin hefur að geyma yfir hundrað jurtafæðisuppskriftir, glúten- og mjólkurlausar og má þar meðal annars finna uppskrift að gómsætum hrábrúnkum frá Ellu.

### SLÁ Á SYKURLÖNGUN

Ella segir að brúnkurnar hafi komið til vegna þess að hún átti í verulegum vandræðum með að kljást við sykurþörfina þegar hún breytti mataræði sínu. Vinkona hennar benti henni þá á Medjool-döðlurnar sem hún taldi að myndu hjálpa Ellu. „Ég var mjög óviss með þær í byrjun og gerði ráð fyrir að þessar brúnu, klístruðu klessur myndu aldrei koma í stað Haribo-nammisins sem ég elska en þær komu mér skemmtilega á óvart. Þær slógu hins vegar ekki á súkkulaðilöngunina þannig að ég setti hnetur í miðju döðlunnar, þar sem steinninn er, og velti þeim upp úr kakói. Eftir að hafa gert það nokkrum sinnum datt mér í hug að blanda þessu þrennu saman í matvinnsluvél – og „voilà“, hráu brúnkurnar urðu til.“

Hráu brúnkurnar hjálpa Ellu virkilega við að stjórna sykurlönguninni sem á það til að hellast yfir hana. „Brúnkurnar voru fyrsta bloggfærslan mín og fyrsta vel heppnaða tilraunin mín til að búa til sætan, ljúffengan og hollan eftirrétt. Ég er enn þá með þær á heilanum þremur árum síðar, því þær eru svo dísætar og gómsætar, og ég verð að viðurkenna að ég borða venjulega að minnsta kosti helminginn af blöndunni beint upp úr matvinnsluvélinni. Þær eru einfaldar og fljótlegar þar sem í þeim er bara þrenns konar hráefni, sem er meiriháttar,“ segir Ella brosandi.



Hráu brúnkurnar hennar Ellu eru gómsætar og þær er auðvelt að búa til enda innihalda þær aðeins þrjú hráefni. MYND/CLAIRE WINFIELD

### HRÁAR BRÚNKUR (10 TIL 15 STYKKI)

- 1 stór bolli pekanhnetur (140 g)
- 2 stórir bollar Medjool-döðlur (400 g), steinlausar
- 3 msk. hrátt kakóduft
- 3 msk. hlynsíróp (valfrjálst)

Malið pekanhnetur vel í matvinnsluvél, bætið svo út í döðlum, kakódufti og hlynsírópi, ef þið notið það, og blandið aftur. Þegar blandan er orðin mjög klístruð setjið þið hana í ofnskúffu. Frystið brúnkurnar í klukkustund til að láta þær taka sig og geymið þær síðan í ísskáp.

### GOTT RÁÐ:

Ef þið eigið ekki pekanhnetur virka möndlur mjög vel líka, og ef þið hafið ofnæmi fyrir hnetum getið þið notað sólblómafræ í staðinn. Það er algerlega valfrjálst að nota sætuefni í þessari uppskrift og ef þið kjósið heldur að nota hunang eða agavesíróp í staðinn fyrir hlynsíróp er það líka gott.




# Gefðu gjöf frá frægustu hönnuðum heims



Skeifan 6 / Harpa / Laugarvegi 70 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is




menu LAKRIDS BY JOHAN BÜLOW normann COPENHAGEN Joseph Joseph ROSENDAHL GEORG JENSEN

# HEIT SÚPA Í SKAMMDEGINU

Sjóðheit mexíkósk kjúklingasúpa, stútfull af grænmeti, er fyrirtaksréttur í köldu skammdeginu. Þessi er ein af þeim súpum sem verða bara betri þegar þær eru hitaðar upp daginn eftir og er einnig tilvalin til að eiga í frystinum.

**KRYDDBLANDA**

- 2½ tsk. chili-duft
- 2 tsk. cumin malað
- 1½ tsk. kóríander malað
- 1 tsk. þurrkað oregano
- 1 tsk. svartur pipar mulinn
- ½ tsk. kosher salt

**SÚPAN**

- 1 msk. canola-olía
- 500 g skinnlausar kjúklingabringur skornar í strimla
- 2 bollar saxaður sætur laukur
- 1 bolli söxuð rauð paprika
- 1 bolli söxuð græn paprika
- 1 bolli söxuð gul paprika
- 1 msk. marinn hvítlaukur
- ½ tsk. salt
- 2 bollar ferskar maísbaunir
- 1 l kjúklingasoð
- 1 dós niðursoðnir tómatar
- 2 msk. safi úr límónu

**RELISH**

- ½ bolli söxuð steinselja +
- ⅓ saxaður vorlaukur
- 1 tsk. rifinn límónubörkur
- 1 dl kotasæla eða ricotta-ostur
- 1 lárpera skorin
- Steinselja ef vill

Blandið kryddinu saman í litla skál.



Hitið tvær teskeiðar af olíunni í stórum potti á miðlungs hita, setjið kjúklinginn út í og stráið 1½ msk. af kryddblöndunni yfir. Steikið í nokkrar mínútur, kælið, skerið í bita og setjið til hliðar.

Hitið það sem eftir er af olíunni í pottinum yfir miðlungshita og bætið lauk paprikum, hvítlauk og ½ tsk. af salti í. Sáldrið restinni af kryddblöndunni yfir og svissið í nokkrar mínútur. Hrærið þá kjúklingi saman við, korni, soði og tómötum og látið suðuna koma upp. Látið malla í 15 mínútur og bætið að lokum límónusafa út í.

Blandið innihaldsefnunum í relishið saman í skál.

Skammtið súpuna í skálar, setjið væna skeið af relish út á og skreytið með steinselju.

**www.myrecipes.com**



**Mexíkósk kjúklingasúpa, stútfull af grænmeti, heldur vel á okkur hita í skammdeginu.** NORDICPHOTOS/GETTY

NÝ SENDING MEÐ JÓLAKJÓLUM OG TOPPUM

Mikið úrval í stærðum14-28 eða 42-56

SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!




Curvy.is Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is











# 20%

## AFSLÁTTUR

AF JÓLAVÖRUM
FÖS-SUN







lovi
SHOP

ferm
LIVING

&k
amsterdam

*Bloomingville



Fylgist með okkur

@hrimhonnunarhus

hrím

www.hrim.is

LAUGAVEG 25 / LAUGAVEG 32 / KRINGLUNNI
S: 553-3003 / S:553-2002 / S:553-0500






Hraðréttur dagsins í hádeginu alla virka daga 1.690.- kr



Sunnudjass alla sunnudaga kl 20.00
Heimsklassa Djass með frábærum tónlistarmönnum í bruggsalnum okkar.
Allir velkomnir - enginn aðgangseyrir

BRYGGJAN BRUGGHÚS * GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK
456 4040 * WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS





Fjögur atriði sem gott er að hafa í huga við mótun augabrúnanna.

# GEFA ANDLITINU SVIP

Fallegar augabrúnir gera mikið fyrir útlitið. Tískustraumar eiga við um þær eins og annað og getur ákjósanleg þykkt og lögun sveiflast frá ári til árs. Það er þó æskilegt að hafa nokkrar þumalputtareglur í huga.

Á tíunda áratugnum voru margar konur með örmjóar augabrúnir en síðan hafa þær þykknað jafnt og þétt og um tíma fengu þær nánast að vaxa villtar. Sem stendur þykja þéttar og vel mótaðar augabrúnir helst til prýði. Mælt er með því að láta snyrtifræðing móta augabrúnirnar í fyrstu. Síðan er hægt að viðhalda lögun þeirra heima. Þá ætti að taka sem mest mið af náttúrulegri þykkt og lögun brúnanna, þó vissulega sé hægt að móta þær til. Til eru nokkrar þumalputtareglur við það sem gott er að hafa í huga.

**1.** Taktu þér augnblýant í hönd. Láttu hann nema við nasavænginn og snúðu honum beint upp. Þannig finnur þú hvar augabrúnin ætti að byrja. Gott er að merkja það með litlum punkti.

**2.** Næst þarftu að finna hæsta punkt augabrúnarinnar sem er jafnframt sá staður þar sem hún byrjar að sveigjast aftur niður. Horfðu beint fram. Hallaðu blýantinum þannig að hann hylji útjaðar augasteinsins. Þá ætti hann að nema við hæsta punkt augabrúnarinnar.

**3.** Láttu blýantinn áfram nema við nasavænginn. Hallaðu honum svo þannig að hann hylji ytri augnkrókinn. Þá ætti hann að nema við enda augabrúnarinnar.



Teiknið útlínur.



Blandið þeim svo inn í brúnirnar með mjúkum strokum.



Tískustraumar eiga við um augabrúnir eins og annað. Í dag eiga þær helst ekki að vera of mikið plokkaðar heldur þéttar og vel mótaðar.

**4.** Til að athuga hvort augabrúnin byrji og endi í svipaðri hæð lætur þú blýantinn nema við neðri brún fremri hluta hennar og snýrð honum þvert út að enda. Byrjunin og endinn ættu að liggja nokkurn veginn í sömu hæð. Það sama má gera við efri hluta brúnanna til að vita hvort hæsti punktur þeirra sé í svipaðri hæð báðum megin.

Því næst er gott að nota mjóan pensil og augnabrúnalit til að fylla upp í brúnirnar miðað við fyrrgreind viðmið. Hægt er að teikna útlínurnar og blanda þeim svo inn í brúnirnar með mjúkum strokum.

# Byrjaðu jólainnkaupin í Máli og menningu!




**Tilboð**
**4.690 kr.**
Áður 5.690 kr.




**Tilboð**
**4.890 kr.**
Áður 5.990 kr.




**Tilboð**
**5.690 kr.**
Áður 6.990 kr.




**Tilboð**
**5.290 kr.**
Áður 6.490 kr.




**Tilboð**
**9.999 kr.**
Áður 12.999 kr.




**Tilboð**
**9.799 kr.**
Áður 11.999 kr.




**Tilboð**
**5.999 kr.**
Áður 7.499 kr.




**Tilboð**
**5.999 kr.**
Áður 7.499 kr.




**Tilboð**
**10.590 kr.**
Áður 12.990 kr.

**Barnabókaupplestur verður í búðinni helgina 3. til 4. desember.**

**Sjá dagskrá á facebook/malogmenning**




**BÓKABÚÐ**
**MÁLS & MENNINGAR**
LAUGAVEGI 18

**Opið alla daga til klukkan 22.00**

# VALIN INN Á SÝNINGUNA LOOT Í NEW YORK



Helga Ragnhildur Mogensen skartgripahönnuður mun taka þátt í sýningunni LOOT sem haldin er í MAD safninu í New York í vor. Markmið sýningarinnar er að kynna ólíkan efnivið skargripahönnuða en Helga mun sýna skart úr rekaviði.



Helga Mogensen skartgripahönnuður tekur þátt í LOOT-sýningunni í New York í vor en hún hannar skart meðal annars úr rekaviði. MYND/GVA

„Þetta er stærsta verkefni sem ég hef tekist á við. Bæði verð ég með mikinn fjölda verka og allt umfang er stærra en í fyrri sýningum sem hef tekið þátt í," segir Helga Mogensen skartgripahönnuður, en hún var valin inn á sýninguna LOOT sem haldin er ár hvert í Museum of Art and Design (MAD) í New York.

Sýningin verður haldin í apríl 2017 og stendur yfir í sex daga. Hönnuðirnir eru á staðnum og tala við gesti og eru gripirnir til sölu. Sýningarstjóri velur þátttakendur alls staðar að úr heiminum og er markmið sýningarinnar að sýna sem fjölbreytilegastan efnivið sem notaður er í skartgripagerð. Helga mun sýna hálsmen, eyrnalokka og armbönd, aðallega úr rekaviði en rekaviður hefur verið rauður þráður í hönnun Helgu. Hún segir þátttöku í sýningu sem þessari skipta unga hönnuði miklu máli.



Helga mun sýna hálsmen, eyrnalokka og armbönd, aðallega úr rekaviði en rekaviður hefur verið rauður þráður í hönnun Helgu.

„Þetta hefur gífurlega mikla þýðingu fyrir mig. Þarna er möguleiki á að selja verk og fá tengiliði í gallerí sem eru með listtengda skartgripi. Einnig er mikilvægt að fá hreinlega að gera það sem ég geri og fá að sýna verkin. Það mun svo koma í ljós hverju þetta skilar. Aðalmálið að njóta þess að taka þátt og gera sitt allra besta. LOOT er dálítið sér á báti hvað varðar þessa pop-up stemningu. Sýningar sem ég hef tekið þátt í áður hafa varað í lengri tíma en færri verk til sýnis. Þar má helst nefna sýninguna From the coolest corner, sem fór milli fimm landa á rúmu ári og sýningin V&A í London en inn á hana var ég valin nýútskrifuð. Síðasta sýning sem ég tók þátt í var hér heima, „Triad" í Hönnunarsafni Íslands í mars. Sýningarstjóri LOOT var ekki viss hvar hún hefði séð verk eftir mig, en ég hugsa að þetta hafi komið til vegna mynda af verkunum mínum á Instagram eða öðrum miðlum," segir Helga.

Hvernig myndirðu lýsa þínu verklagi?

„Ég teikna mjög mikið í ferlinu og oft líður mér eins og það sem ég geri sé teikning í efni. Ég er ekki mikið fyrir að þvinga efnið heldur fylgi flæðinu með efniviðinn og er ekki föst í að ná ákveðinni útkomu. Rekaviðurinn er mjög sjálfstæður, þegar ég saga spýtuna kvarnast kannski upp úr eða sprunga leynist einhvers staðar sem ég gerði ekki ráð fyrir. Sagan er líka svo heillandi við rekaviðinn. Spýtan var tré um langan tíma í Síberíu, síðan fellt og því fleytt niður á og út á haf. Í hafinu hefur tréð svo velkst kannski hátt í 30 ár áður en það verður að girðingarstaur á Íslandi í 50 ár og endar loks sem næla eða hálsmen sem lifir áfram í mörg ár," segir Helga.



Nánar má forvitnast um hönnun Helgu á Helga Mogensen Jewellery/Skartgripir á Facebook en gripina selur hún í Kirsuberjatrénu, Snúru og Kistu í Hofi.

**Nánar má forvitnast um hönnun Helgu á Helga Mogensen Jewellery/Skartgripir á Facebook.**





Töfrastund sem varðveitist
Gjafakort í Þjóðleikhúsið gleður unga sem aldna, enda ávísun á upplifun og ævintýri.
Hafðu samband við miðasölu Þjóðleikhússins í síma 551 1200 eða á leikhusid.is
GJAFAKORT
Njóttu vel




Óþelló
William Shakespeare
Leikstjórn
Gísli Örn Garðarsson
Ingvar E. Sigurðsson
Nína Dögg Filippusdóttir o.fl.
Tryggðu þér miða!
Frumsýning 22. desember
Sýningar komnar í sölu
Miðapantanir á leikhusid.is eða í síma 551 1200
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

# KLEINUHRINGJAGERÐ UM HELGINA

Undanfarnir mánuðir hafa verið annasamir hjá tónlistarkonunni Hildi. Fram undan þó róleg helgi með kleinuhringjagerð og vonandi tvær sundferðir í Vesturbæjarlauginni. Hún undirbýr um þessar mundir útgáfu fyrstu EP-plötu sinnar.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Tónlistarkonan Hildur hefur verið hluti af íslensku tónlistarsenunni í um áratug sem söngkona, lagahöfundur og sellóleikari. Hún var var söngkona hljómsveitarinnar Rökkurróar og hefur auk þess komið fram með listamönnum á borð við Cell7, Ólaf Arnalds og For a Minor Reflection. Snemma á árinu gaf hún út fyrstu sólósmáskífu sína sem vakti nokkra athygli. Í kjölfarið hefur hún haldið fjölda tónleika og komið m.a. fram á tónlistarhátíðunum Sónar Reykjavík og Iceland Airwaves. Hún vinnur nú að gerð fyrstu EP-plötu sinnar og stefnir á annasamt tónlistarár 2017.

**HVAÐ FÆRÐU ÞÉR Í MORGUNMAT?** Ég fæ mér alltaf stóran morgunmat. Það eru oftast egg í einhverju formi, t.d. egg og beikon eða eggjakaka. Svo fæ ég mér alltaf einhverja ávexti með og oft líka avókadó. Almennilegur morgunmatur er mjög heilagur fyrir mér.

**HVENÆR HÓFSTU AFSKIPTI AF TÓNLIST?** Ég byrjaði að læra á selló þegar ég var sex ára og lærði á það í átta ár. Svo prófaði ég líka óperusöng í eitt ár en það var ekki fyrir mig. Ég byrjaði í hljómsveit þegar ég var 18 ára og það voru fyrstu alvöru kynni mín af tónlistarbransanum.

**HVAÐ FINNST ÞÉR GOTT AÐ BORÐA Í KVÖLDMAT?** Ég og kærastinn minn erum frekar dugleg að elda. Við breyttum mataræðinu í haust og eldum nú bara paleo þannig að maturinn er ansi hreinn og hollur. Því eldum við oftast kjúkling, fisk eða nautakjöt með einhverju góðu meðlæti. Það er snilld að borða mat sem lætur manni alltaf líða vel.

**HVERNIG TÓNLIST HLUSTAR ÞÚ Á?** Ég hlusta mest á popp, hiphop, r&b og elektró. Þessa dagana er ég mjög hrifin af Gold Panda og Solange.

**HVAÐ FÆRÐU ÞÉR ÞEGAR ÞÚ ÆTLAR AÐ GERA VEL VIÐ ÞIG?** Mér finnst geggjað að fara í bröns á Snaps eða Cookoo's Nest um helgar. Þá er allur dagurinn eftir það í einhverjum fallegum ljóma. Annars verður hamborgari eða sushi oft fyrir valinu þegar mig langar í eitthvað næs.

**HVER ER UPPÁHALDSVEFURINN ÞINN?** Twitter. Mjög margt fyndið í gangi þar og svo fæ ég flestar mínar fréttir fyrst þaðan. Ég hef líka eignast frábærar vinkonur í gengum Twitter sem ég er mjög þakklát fyrir. Magnað forrit.



„Sem tónlistarkona eru dagarnir mínir aldrei eins. Ég vinn mikið í tölvunni við tónlistarstúss heima fyrir en finnst rosa næs að kíkja á kaffihús ef ég þarf að vinna mikið," segir tónlistarkonan Hildur. MYNDIR/HREFNA BJÖRG GYLFADÓTTIR

**DREKKUR ÞÚ KAFFI/KAFFIDRYKKI?** Þetta er mjög kómísk spurning því núna er ég búin að vera í kaffibindindi í eina viku. Ég var mjög geðvond fyrstu dagana enda hefur kaffi lengi verið klettur í lífi mínu, sérstaklega þegar ég er að skapa. Ég elska rótsterkt kaffi en er núna að prófa að lifa án koffíns og sjá hvaða áhrif það hefur á mig, magann minn og stressið. Ég sakna samt kaffis enn þá of mikið til að sjá að ég geti enst lengi áfram án þess, sennilega mun ég bara læra hóflega kaffidrykkju af þessu.

**ERTU NAMMIGRÍS?** Ekki beint. Ég var fáránlegur nammigrís áður fyrr en eftir að ég fór að borða paleo og viljandi að sleppa sykri hef ég eiginlega alveg hætt að borða nammi. En kökur og kleinuhringi elska ég hins vegar og ég elska að búa til hollari útgáfur af þeim. Það er svo geðveikt að borða eitthvað sem virkar óhollt en er það ekki. Ég var án gríns að kaupa mér kleinuhringjajárn um daginn til þess að prófa mig áfram.

**HVERNIG ER DÆMIGERÐUR DAGUR?** Sem tónlistarkona eru dagarnir mínir aldrei eins. Ég vinn mikið í tölvunni við tónlistarstúss heima fyrir en finnst rosa næs að kíkja á kaffihús ef ég þarf að vinna mikið. Ég sem líka tónlistina mína í stúdíói heima þannig að oft eyði ég miklu af deginum þar. Svo reyni ég að fara í Mjölni á Víkingaþreksæfingu eða jóga annaðhvort í hádegi eða seinni partinn. Einnig er frábært að fara í Vesturbæjarlaug, helst yfir daginn ef ég kem því fyrir. Svo blandast náttúrulega oft tónleikar hér og þar inn í þessa dagskrá.

**HVERNIG VERÐUR HELGIN?** Ég ætla að prófa mig áfram með að gera kleinuhringi í nýja kleinuhringjajárninu mínu. Svo fer ég í afmæli (mæti sennilega með kleinuhringi) og læt restina ráðast. Fer samt örugglega í Vesturbæjarlaug báða dagana, það er frekar fastur liður um helgar.

**HVAÐ ER FRAM UNDAN?** Ég er bókuð á nokkra tónleika fram að jólum. Svo er ég að vinna hörðum höndum að því að gefa út EP-plötu en meira um það síðar. Ég hef stórar hugmyndir fyrir 2017 en þá langar mig að gefa út plötu, gera fleiri myndbönd, túra um Ísland og vonandi eitthvað úti líka, kenna áfram í Stelpur rokka og gera eitthvað nýtt og skemmtilegt tónlistarlega séð.

**HVERNIG VERÐA JÓLIN?** Ég fer til Berlínar með kærastanum mínum rétt fyrir jól til þess að slaka á og hafa gaman. Þess vegna verður jólaundirbúningurinn rólegri en síðustu ár. Ég reikna með að drekka frekar jólaglögg en að stressa mig í búðum. Svo kem ég heim á aðfangadag og borða eitthvað gott með fjölskyldunni. Hefðin hjá okkur er að við borðum aldrei sama mat á jólunum. Ég elska það, alltaf spennandi að smakka nýjan jólamat á hverju ári! Svo snúast jólin aðallega um rólegheit, smá frí frá öllu og að hitta fólk sem mér þykir vænt um.



„Svo er ég að vinna hörðum höndum að því að gefa út EP plötu en meira um það síðar," segir Hildur sem stefnir á miklar annir á næsta ári.





**Kjóll**
**fullt verð 6.990 kr.**
**tilboð 4.990 kr.**
**st. S-XXXL**



**Kjóll 7.990 kr.**
**st. S-XXXL**



**Kjóll 6.990 kr.**
**st. S-XXXL**



**Blúndukjóll**
**fullt verð 7.990 kr**
**tilboð 2.990 kr**
**st. S-XXXL**

# LITLU JÓLIN Í ZIK ZAK

**ZikZak kynnir** Jólin eru svo sannarlega komin í ZikZak. Glæný Zik Zak jólalína er nú komin í verslunina en hún inniheldur mikið af fallegum sparifatnaði, kjólum, skokkum, túnikum, jökkum, buxum, leggings og fleira. Haldin verða litlu jól í versluninni dagana 1.-6. des.

## VINSÆLT Í JÓLAPAKKANN





- Úlpur (Verð: Áður 12.990 kr. Tilboðsverð: 8.990 kr. (Stærð: 36-56)
- Skór (Verð: Áður 8.990 kr. Tilboðsverð: 6.290 kr. (Stærð: 36-41)

**Tilboðin gilda til og með 4. des*

Jólalínan í ár einkennist af fallegum dökkum munstrum, pallíettum, glimmeri og pleðri. Þeir litir sem eru hvað mest áberandi eru rauður og silfur. „Okkur þykir jólalínan í ár alveg einstaklega vel heppnuð og sniðin að þörfum viðskiptavina. Sniðin eru gerð með því móti að þau henti konum á öllum aldri í stærðunum 36-56. Jólalína ZikZak er einnig gerð með það að markmiði að geta boðið falleg og flott hátíðadress á sanngjörnu verði,“ segir Sigríður Ómarsdóttir, annar eigandi verslunarinnar.

Á síðasta ári hélt ZikZak litlu jólin í versluninni sem vakti mikla lukku hjá viðskiptavinum. „Við ætlum því að endurtaka leikinn í ár,“ segir Sigríður en litlu jólin eru þegar hafin og standa til 6. desember“ Í gær skemmtum við okkur konunglega. Bylgjan var hér með beina útsendingu, Elsa Lund kom og skemmti gestum og Nói Síríus og Coca Cola sáu um veitingarnar, enda ekkert meira jóla en Nóa konfekt og ísköld kók í gleri,“ segir Sigríður og brosir. „Þetta var alveg æðislegur dagur í alla staði, stemningin var ótrúlega góð og við nutum góðra samverustunda með okkar skemmtilegu viðskiptavinum.“

### GLÆSILEGT JÓLAHAPPDRÆTTI

Jólastemningin heldur svo að sögn Sigríðar áfram og verða flott jólatilboð í versluninni fram á þriðjudag eða 20-70% afsláttur af völdum vörum. „Þá verður hægt að taka þátt í glæsilegu jólahappdrætti þar sem vinningar eru meðal annars flug fyrir tvo með WOW air, gisting fyrir tvo á Fosshóteli, einstaklega fallegur og veglegur gjafapoki frá Laugum spa, gjafabréf í baðstofuna og World Class, LED snyrtispeglar og djúphreinsiburstar frá Eirbergi, kökupinnavél og súkkulaðibrunnur frá Húsasmiðjunni, hálsmen frá Vera Design og gjafabréf frá Hamborgarafabrikkunni og Trimformi Berglindar. Dregið verður út hvern sunnudag fram að jólum og svo á sjálfri Þorláksmessu,“ upplýsir Sigríður.

Á morgun, laugardaginn 3. desember, klukkan 15 verða Helga Braga, Brynja Valdís og fleiri skvísur með tískusýningu og sýna brot af því besta úr jólalínunni. „Nói Síríus og Coca Cola sjá um veitingarnar alla helgina og hvetjum við því allar konur til að koma og kíkja til okkar í sannkallaða jólastemmingu.“

### JÓLAGJÖFIN FÆST Í ZIK ZAK

Í ZikZak er að sögn Sigríðar að finna margt fallegt sem vert er að gefa systur, móður, ömmu, frænku, kærustu, eiginkonu eða vinkonu. „Við finnum fyrir því að það er að aukast núna þegar nær dregur jólum að fólk er að kaupa vörur hjá okkur til að gefa sínum nánustu. Við erum einstaklega ánægðar með að fá að aðstoða við að velja í jólapakkann hjá viðskiptavinum okkar en sem stendur eru það helst úlpur og skór sem verða fyrir valinu.”



**Kjóll**
**6.990 kr.**
**st. S-XXXL**



**Kjóll**
**6.990 kr**
**st. S-XXXL**



**Túnika**
**fullt verð 6.990 kr.**
**tilboð 1.990 kr.**
**st. 38-50**



**Túnika**
**6.990 kr.**
**st. 36-50**



**Kjóll**
**6.990 kr.**
**st. S-XXXL**



## Dolly Parton með nýja jólamynd

Dolly Parton kom fram á glæsilegri jólahátíð í Rockefeller Center á miðvikudag og söng meðal annars jólalagið sitt Coat of Many Colors. Eftir því var tekið hversu glæsileg söngkonan er en hún varð sjötug á árinu. Þar sem Dolly kemur ekki oft fram vakti hún sérstaka athygli gesta. Aðrir gestir voru ekki af verri endanum, meðal annarra hinn síungi Tony Bennett sem varð níræður á árinu og er enn í fullu fjöri. Sveitasöngstjörnurnar Trisha Yearwood og Garth Brooks komu einnig fram á hátíðinni og sungu lagið Baby, It's Cold Outside.

Christmas in Rockefeller Center er árlegur viðburður í New York frá árinu 1933 en þá er kveikt á glæsilegu jólatré staðarins. Sjónvarpsstöðin NBC sendir viðburðinn út.

Dolly Parton var í rauðu jóladressi þegar hún söng lagið sitt sem fjallar um hamingju fjölskyldunnar og þakklæti fyrir það smáa. Dolly kynnir um þessar mundir glænýja jólamynd, Christmas of Many Colors: Circle of Love, sem frumsýnd var hjá NBC sama dag og ljósin voru tendruð á trénu.



## Hafragrautur með eggi

Þeir sem eru orðnir þreyttir á gamla, góða hafragrautnum ættu að prófa þessa uppskrift. Byrjið á að græja grautinn eins og venjulega en í staðinn fyrir kanil, sykur eða annað sem þið notið venjulega kryddið hann þá með salti og pipar. Til þess að toppa þetta – og fá auka próteinskammt um leið, skellið þá spældu eggi ofan á grautinn og stráið smávegis osti yfir til að gera þetta sérstaklega gómsætt.

**½ bolli hafrar**
**1 bolli vatn**
**Salt og pipar**
**1 stórt egg**
**2 msk. rifinn cheddar-ostur**
**1 msk. vorlaukur smátt skorinn**

Sjóðið vatn í potti, bætið við höfrum og salti. Hrærið, aukið hitann og látið malla í um fimm mínútur. Hitið pönnu á meðan og eldið eggið þar til hvítan hefur stífnað en rauðan er enn lin, í um þrjár mínútur. Kryddið eggið með salti og pipar. Setjið grautinn í skál, eggið ofan á og stráið bæði osti og lauk yfir.

## AUGNABLIKIÐ ÞAÐ EINA SEM ER ÖRUGGT

Núvitund skapast við að beina athyglinni með ásetningi að því sem er, eins og það er án þess að dæma. Hún snýst um að vera á staðnum með fullri meðvitund. Að dvelja í líðandi stund í stað þess að keyra áfram á sjálfstýringunni. Það hljómar einfalt en vefst fyrir mörgum og sumir dvelja jafnvel meira við fortíð og framtíð en núið.

Það eina sem er öruggt er hins vegar augnablikið hér og nú. Þeir sem ná góðum tökum á núvitund fá gjarnan meira út úr lífinu en áður og öðlast bætta líðan. Hún hefur sömuleiðis gagnast þeim sem glíma við þunglyndi, streitu og kvíða svo dæmi séu nefnd.

Hér eru nokkur atriði sem einkenna þá sem hafa tileinkað sér núvitund.

1. Þeir trúa ekki öllum þeim hugsunum sem skjóta upp kollinum og taka þær ekki of alvarlega.
2. Þeir reyna ekki að forðast eða afneita tilfinningum.
3. Þeir skilja að hlutirnir koma og fara.
4. Þeir gera eitt í einu.
5. Þeir breyta hversdagslegum gjörðum í núvitundaraugnablik.
6. Þeir njóta hvers bita sem þeir láta ofan í sig.
7. Þeir hægja á sér við lestur og meðtaka upplýsingarnar.
8. Þeir eru á staðnum á meðan þeir hlusta á aðra tala og reyna ekki að stjórna eða dæma.
9. Þeir ögra eigin hugmyndum.
10. Þeir næra líkamann.
11. Þeir eru forvitnir.
12. Þeir einbeita sér að því sem þeir eru að gera hverju sinni.
13. Þeir fara út og njóta náttúrunnar.
14. Þeir hafa húmor fyrir sjálfum sér.







# dk fyrir sveitarfélög

dk hugbúnaður hefur í um 18 ár hannað og þróað hinn vinsæla dk viðskiptahugbúnað fyrir íslensk fyrirtæki og skapað viðskiptalausnir sem stuðla að vexti og velgengni viðskiptavina.

### Heildarlausn

dk hugbúnaður hefur allt fyrir bókhaldið, reksturinn, áætlanir og launin sniðið að sveitarfélögum með þeirra bókhaldslykli, stofnunum, málaflokkum, deildum og fyrirtækjum.

Í dk er hægt að prenta út ársreikning sveitarfélagsins, málaflokkayfirlit, ársreikning fyrir deildir, rekstrarreikning fyrir sjóði, sjóðstreymi og margvíslegar greiningar niður á þessar víddir.

### Áætlanagerð

Áætlanir má vinna inni í kerfinu, senda yfir í Excel til frekari vinnslu og lesa síðan aftur inn í dk. Hægt er að vera með svo kallaða „ramma–áætlun“ og búa til breytingar/mismunandi sviðsmyndir út frá henni allar skýrslur og greiningar má síðan taka út með samanburði við áætlun. Hægt er að taka út aðalbók með samanburði við áætlun og sjá hvað mikið er eftir af áætluninni.

**3.000** fyrirtæki með bókhaldið sitt í skýinu hjá dk

### Öflugar tengingar

dk er með tengingu við Fasteignamatið/álagningarkerfi Þjóðskrár fyrir álagningu fasteignagjalda og við Hagstofuna til að skila inn gögnum. Einnig öll rafræn samskipti, bæði við banka, kortaþjónustur, ríkisskattstjóra, lífeyrisjóði, stéttarfélög og fleiri aðila.

### 18 ára reynsla

dk viðskiptahugbúnaðurinn er búinn að vera eitt vinsælasta bókhaldskerfið á Íslandi síðustu 18 árin og hentar vel fyrir allar stærðir og gerðir af sveitarfélögum.

### Örugg hýsing gagna

Hýsingarþjónusta dk hefur verið starfandi frá árinu 2006 undir nafninu dkVistun og hefur vaxið mikið. Nú er svo komið að yfir 3.000 fyrirtæki eru með bókhaldið sitt í skýinu hjá dk.

dk hugbúnaður

Bæjarhálsi 1 | 110 Reykjavík | Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri | 510 5800 | www.dk.is

## BÍLAR & FARARTÆKI

**STÓRA BÍLASALAN**



Toyota Yaris Sol Árgerð 2008. Ekinn 115þ.km. Beinsk. Álfelgur. Er á staðnum. Verð 950.000.- 100% lán möguleiki. Raðnr 158970. Sjá á www.stora.is



Citroen C3 SX Árgerð 2006. Ekinn 108þ.km. Beinsk. Er á staðnum. Verð 480.000.- 100% lán möguleiki. Raðnr 159006. Sjá á www.stora.is



Mazda 3 Árgerð 2008. Ekinn 153þ.km. Beinsk. Er á staðnum. Verð 990.000.- 100% lán möguleiki. Raðnr 158998. Sjá á www.stora.is



Jeep Cherokee Liberty DÍSEL 4x4 Árgerð 2003. Ekinn 161þ.km. Sjálfsk. Er á staðnum. Tilboð 990.000.- 100% lán möguleiki. Raðnr 162246. Sjá á www.stora.is



Nissan Micra Visia Árgerð 2011. Ekinn 92þ.km. Beinsk. Hiti í sætum. Er á staðnum. Tilboð 980.000.- 100% lán möguleiki. Raðnr 135859. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

**VAKA**



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

**BORGARBÍLASALAN**
580 8900 • borgarbilasalan.is



**BREGÐU ÞÉR TIL RÍÓ!!!**
'12 KIA RIO. EK 99 Þ.KM, DÍSEL, BEINSK...SNAGGARALEGUR!!! FLOTT VERÐ 1.450 ÞÚS!!! #480013. S: 580 8900



**HLÝJA...NÝJA...KIA!!!**
'15 KIA SPORTAGE EX. EK 70 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSK...ÓTRÚLEGA SKEMMTILEGUR!!! BESTA VERÐIÐ 4.199 ÞÚS!!! #480003. S: 580 8900



**TÖFRANDI TOYOTA!!!**
'16 TOYOTA RAV4 GX. EK 51 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSK...ÁSETT 5280 ÞÚS...MAGNAÐ TILBOÐ 4680 ÞÚS!!! #471456. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

**HÖFÐABÍLAR**
... þar sem bílar seljast



VOLVO C30. Árgerð 2007, ekinn 170 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.390.000. Rnr.111681. Seljandi skoðar skipti á ódýrari.



HYUNDAI Tucson. Árgerð 2015, ekinn 51 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Seljandi skoðar skipti á ódýrari. Verð 5.590.000. Rnr.111685.



TOYOTA Rav4 VX. Árgerð 2014, ekinn 23 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Topplúga, leður sjálfsk. Verð 5.350.000. Rnr.222375.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27/ Draghals megin,**
**110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

**567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN** WWW.NYJA.IS
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



VOLVO Xc90 inscription t8. Árgerð 2017, Nýr, bensín/Rafmagn sjálfskiptur. Verð 11.980.000. Rnr.211802.



VOLVO Xc90 t8 hybrid . Árgerð 2016, ekinn 1Þ.KM, bensín/Rafmagn sjálfskiptur. Verð 11.890.000.Mjög vel útbúinn Rnr.115516.



TOYOTA Land cruiser 120 vx. Árgerð 2008, ekinn 122 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 5 gírar. TILBOÐ 3.980.000.1 eigandi frá upphafi Rnr.115402.



DODGE Ram 3500 black edition. Árgerð 2016, Nýr, dísel, sjálfskiptur. Verð án vsk 8.459.000. Rnr.340225.

**567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN** WWW.NYJA.IS
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



DODGE Ram 2500 quad 4x4st. Árgerð 2004, ekinn 180 Þ.KM, dísel, . Verð 2.850.000. Rnr.340251.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

### Bílar til sölu



Subaru Impreza, árg 2010, ek. 66 þ.km, sjálfskiptur, 150 hö, fjórhjóladrif. 4 sumar- og vetrardekk fylgja. Topp eintak á góðu verði. Frekari uppl. veitir Jonni í s. 8922761

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Hjólbarðar

**VAKA**



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is


Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á
Barnaheill Save the Children á Íslandi


## skemmtanir




**Cafe Catalina**

**Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is**

*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

## Leikir helgarinnar:

**Laugardaginn 3. des**

**12:30 Man. City - Chelsea**
**17:20 W.H. United - Arsenal**

**Sunnudaginn 4. des**

**13:20 Bournemouth - Liverpool**
**15:50 Everton - Man. United**

## Hljómsveitin Klettar









**Rúnar Þór,**
**Rúnar Vilbergs,**
**Björgvin Gísla**
**og Siggi Árna**
**spila í kvöld.**

**Allir velkomnir**

Gullnáman

**Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn**

## Húsaviðhald

**SMIÐSKRAFTUR EHF.**

**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi**

**smidskraftur@gmail.com**

**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**
- MÚRVINNA
- SMÍÐAVINNA
- MÁLNINGARVINNA
- JARÐVINNA

TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU !

Uppl. í s: 788 8870 eða
murumogsmidum@murumogsmidum.is
**Múrum og smíðum ehf**

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## KEYPT & SELT

## Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18

Kynlífstækja lager til sölu. Mikið úrval. Selst ódýrt. Uppl. Í síma 691-3003

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## HEILSA

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## HÚSNÆÐI

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**STELLA - BANKASTRÆTI**
Óskar eftir starfskrafti til jóla, lágmarkslaldur 18 ár. Umsóknir ásamt mynd sendist á stella@stella.is

## fasteignir

**Heimaey**
þjónustuver

Sími: 481-1114
Vesturvegi 10
900 Vestmannaeyjar
www.heimaey.net
heimaey@heimaey.net



**HÁSTEINSVEGUR – VESTMANNAEYJAR**
**SKIPTI Á EIGN Á SUÐURNESJUM KEMUR TIL GREINA.**

Eignin er 5 herbergja, 143 m2 efri hæð og ris, en er stærri í m2 þar sem hluti gólfflatar er undir súð. Aðalhæð er 79 m2 og ris 64 m2 skv. FMR. Eignin er byggð úr steini árið 1931 og er á góðum stað í bænum. Sólpallur, garðhús, nýlega uppgert baðherbergi, nýlegt járn á þaki o.fl. **Verð: 23.5 millj.**

**Nánari uppl. veitir Guðjón Hjörleifsson lögg. fast. í s: 481-1114 eða gh@heimaey.net**

## til sölu

**Rammastúdíó Ármúla 20 til sölu!**

Ein elsta og best tækjum búna innrömmun á landinu er til sölu. Innrömmunin, sem hefur verið á sama stað í meira en 20 ár, er með mikla viðskiptavild og góða afkomu.Vaxandi fyrirtæki með mikla framtíðarmöguleika.

**Uppl. gefur Óskar Mikaelsson, lgf, S: 773-4700**
**Fyrirtækjasölu Íslands, oskar@atv.is**

## tilkynningar

Skipulagsstofnun

**Mat á umhverfisáhrifum**
**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að breyting á úrgangsferli
**GMR endurvinnslunnar á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit**
skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **3. janúar 2017.**

**Umhverfissjóður sjókvíaeldis**

**Umhverfissjóður sjókvíaeldis auglýsir**

Lög nr. 71/ 2008 um fiskeldi, með síðari breytingum kveða á um að starfræktur skuli Umhverfissjóður sjókvíaelds.

Markmið sjóðsins er að lágmarka umhverfisáhrif af völdum sjókvíaeldis. Sjóðurinn greiðir kostnað við rannsóknir vegna burðarþolsmats, vöktunar og annarra verkefna sem stjórn sjóðsins ákveður. Jafnframt er heimilt að veita veiðiréttarhöfum styrki til að mæta kostnaði eða tekjumissi sem ekki er hægt að rekja til ákveðinnar eldisstöðvar.

Megin tekjur sjóðsins er árgjald sem innheimt er af rekstrarleyfishöfum sjókvíaeldis.

Hér með er auglýst eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Á vefslóð sjóðsins (**www.umsj.is**) má finna umsóknareyðublöð ásamt leiðbeiningum til umsækjenda. **Umsóknum skal skilað til Umhverfissjóðs sjókvíaeldis, Skúlagötu 4, 5. hæð, 101 Reykjavík, fyrir kl. 16.00 miðvikudaginn 16. janúar 2017.**
Frekari upplýsingar veita Annas Sigmundsson og Ásta Einarsdóttir í síma 545-9700.

*Umhverfissjóður sjókvíaeldis*

# Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



**Tilvalið í jólapakkann fyrir þá sem eiga allt!**



30 mínótur í nudd og 15 mínótur í höfuðbeina -spjaldhryggsjöfnun og heilun.
Aðeins 5.500.-

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart





Villeroy & Boch
1748
ROYAL COPENHAGEN
KAY BOJESEN DENMARK
WMF
GEORG JENSEN
Allir fá þá eitthvað fallegt
JULEAFTEN 2016
Sendum frítt á næsta pósthús ef verslað er fyrir meira en 3.000 kr á kunigund.is
Ný verslun á Glerártorgi
KÚNÍGÚND
SÉRVERSLUN MEÐ VANDAÐAR GJAFAVÖRUR
Laugavegur - Kringlan - Glerártorg - kunigund.is

## Merkisatburðir



**1804** Napóleon er krýndur keisari yfir Frakklandi í París.
**1939** Starfsemi á La Guardia-flugvellinum í New York hefst formlega.
**1961** Fidel Castro lýsir því yfir að hann sé marx-leninisti og að Kúbu verði stjórnað í samræmi við hugmyndafræði kommúnisma.
**1982** Læknar í ríkisháskólanum í Utah koma fyrir gervihjarta í brjósti Barneys Clark tannlæknis. Hann lifði í 112 daga með gervihjartað. Þessi aðgerð var hin fyrsta sinnar tegundar í sögunni.
**1986** Fyrsti alþjóðlegi baráttudagurinn gegn þrælahaldi er haldinn.
**1988** Benazir Bhutto tekur formlega við embætti forsætisráðherra Pakistans og verður þar með fyrsta konan til þess að vera þjóðarleiðtogi íslamsks ríkis.
**1993** Pablo Escobar, kólumbíski eiturlyfjabaróninn, er myrtur í Medellín í Kólumbíu.
**2001** Fyrirtækið Enron lýsir yfir gjaldþroti.

---



Elskuleg eiginkona mín og vinur, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Jakobína Björg Jónasdóttir**
frá Grænavatni,
Túngötu 7, Hvanneyri,

lést 29. nóvember síðastliðinn á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Brákarhlíð í Borgarnesi.
Útför hennar verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Trausti Eyjólfsson**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Guðna Guðjónssonar**

**Barbara Stanzeit,**
**Greta, Gunnar, Gylfi,**
**Barbara, Bryndís, Berglind,**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**Ástu Bryndísar Guðbjartsdóttur**
Seljahlíð – heimili aldraðra.

Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki Seljahlíðar fyrir góða og hlýja umönnun.

**Bryndís Thorarensen**
**Haukur Holm Guðný Lára Ingadóttir**
**Margrét Kristjánsdóttir**
**Bjarni Grímsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



Yndisleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Edda Ingibjörg Eggertsdóttir**
Barðastöðum 11,
áður Stigahlíð 91, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar á Landspítalanum þann 27. nóvember.
Útförin fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 6. desember kl. 14.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Guðný Edda Gísladóttir** **Guðjón Kr. Guðjónsson**
**Eggert Árni Gíslason** **Petra Bragadóttir**
**Halldór Páll Gíslason** **Anna Helga Höskuldsdóttir**
**Gunnar Þór Gíslason** **Sólveig Ingólfsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

# Ætlar að fagna með alvöru partíi í góðra vina hópi

**Fjölmiðlamaðurinn Logi Bergmann Eiðsson fagnar afmæli í dag en hann er 50 ára. Það bíður hans viðburðarík helgi þar sem hann mun stýra öðruvísi þætti af Loga í beinni í kvöld og svo verður haldið heljarinnar partí annað kvöld fyrir vini og vandamenn.**

Bara vel, það er ekkert annað í stöðunni. Maður verður bara að taka þessu," segir Logi aðspurður hvernig stórafmælið leggist í hann. „Ég held að öll stórafmæli séu skrýtin. Maður heldur kannski að maður muni vakna eitthvað skringilega en svo bara gerist ekki neitt," segir Logi sem er spenntur en jafnframt smá stressaður fyrir afmælisdeginum.

Sjálfur ætlar hann að fagna með því að halda gott partí fyrir vini sína. „Mér finnst það bara alltaf vera besta leiðin. Og svo ætla vinir mínir reyndar að halda partí fyrir mig, sem er mjög óvenjulegt. Ég er með sjónvarpsþátt í kvöld og ég fæ ekki að vita hvað er í honum. Ég fæ ekki að vita hverjir eru gestir eða neitt," segir Logi og hlær. „Ég á bara að mæta og fara í þáttinn, sem er fyndið en líka pínu hræðilegt segir Logi sem er augljóslega smá stressaður yfir uppátæki vina sinna. „Ég veit ekkert hvað gerist þannig að þetta er mjög spennandi, ég hef ekki lent í þessu áður. Ég geri ráð fyrir að það verði bara bókað eitthvað gott fólk. Ég er pínu smeykur en þetta kemur bara í ljós. Ég meina, þetta eru vinir mínir," útskýrir hann.



Logi Bergmann sem ungur gutti. Hann er þegar búinn að fá nokkrar afmælisgjafir.



> Ég veit ekkert hvað gerist þannig að þetta er mjög spennandi, ég hef ekki lent í þessu áður. Ég geri ráð fyrir að það verði bara bókað eitthvað gott fólk. Ég er pínu smeykur en þetta kemur bara í ljós. Ég meina, þetta eru vinir mínir.

Logi er svo búinn að taka smá forskot á sæluna og fá eina afmælisgjöf. „Ég er búinn að fá gjöf frá eiginkonu minni. Ég er mjög ánægður með hana. Hún gaf mér stól, einhvern ótrúlega fínan stól sem ég fékk að hjálpa til við að velja. Svo gaf góður vinur minn mér afmælisskó. Annars fæ ég örugglega eitthvert golf-dót líka. Það er það eina sem ég veit."

Þegar Logi er spurður út í fyrri afmælisdaga segir hann fertugsafmælið vera ansi eftirminnilegt. „Það var haldið á Nasa og það var rosalega gaman. Þetta var eins og partí á að vera, fór alveg úr böndunum. Mér finnst alltaf best þegar það endar þannig." **gudnyhronn@365.is**

---

ÞETTA GERÐIST 2. DESEMBER 1988

## Fyrsti kvenforsætisráðherra í íslömsku landi



Benazir Bhutto var kjörin forsætisráðherra Pakistans þennan dag árið 1988, fyrst kvenna í íslömsku landi.

Bhutto fæddist árið 1952 og var dóttir Zulfikars Ali Bhutto sem var forseti og forsætisráðherra Pakistans. Hann stofnaði Þjóðarflokk Pakistans sem er einn af áhrifamestu flokkum landsins. Zulfikar var settur af í valdaráni og tekinn af lífi eftir umdeild réttarhöld.

Talið er að Muhammad Zia-ul-Haq, hershöfðingi og forseti landsins, hafi haldið þar um stjórnartaumana. Eftir lát Zulfikars var ekkja hans, Nusrat Bhutto, í forsvari fyrir Þjóðarflokkinn og síðar Benazir.

Benazir stundaði nám í Bandaríkjunum og Englandi en sneri heim þegar Zia lést í dularfullu þyrluslysi. Flokkur hennar sigraði í þingkosningunum 1988 sem voru fyrstu opnu kosningarnar í Pakistan í tíu ár.

Benazir gegndi embætti forsætisráðherra aðeins í 20 mánuði en þáverandi forseti landsins rak hana úr embætti vegna ásakana um spillingu. Benazir Bhutto gegndi aftur embætti forsætisráðherra árin 1993 til 1996 en var aftur rekin úr embætti vegna svipaðra ásakana.

Þá fór hún í sjálfskipaða útlegð. Benazir sneri aftur heim haustið 2007 til að taka þátt í kosningum sem fara áttu fram í byrjun árs 2008 en lést í sjálfsmorðsárás 27. desember. 20 til viðbótar létust.

# TÍMI BREYTINGA

Við kynnum nýtt form virkni og sveigjanleika. Nýja BeoVision Horizon sjónvarpið býður óaðfinnanlega einfaldan aðgang efnis með Android TV™, kristaltæra 4K UHD mynd og hin alkunnu Bang & Olufsen hljómgæði. Fáanlegt í 40“ og 48“ stærðum.

bang-olufsen.com



BEOVISION HORIZON

BANG & OLUFSEN

LIKE NO ONE ELSE

ORMSSON LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

# PRIMA DONNA

Prima Donna er þroskaður eins og fínt rauðvín eða þangað til hann nær sínum eiginleika og bragði. Af þeim ástæðum er Prima Donna ekki þroskaður í ákveðin tíma heldur þangað til einstaka bragðinu er náð fram. Í gegnum þroskunarferlið eru fjögur stig á Prima Donna – Leggero, Fino, Maturo og Forte.
Prima Donna hentar einstaklega vel með rauðvínum eins og Cabarnet Sauvignon, Pinot noir, Syrah eða Zinfandel.






Nýtt í Hagkaup

Ostahjólin fást í Sælkeraborðinu.




## Piacelli Panettone
Tiramisú, súkkulaði og sú eina sanna.

Gott verð

2.799 kr/stk




## Quality Street 2 kg
Hver er þinn uppáhalds moli?



## La Gelateria
Frábær ítalskur gelato sem kemur í eigulegum glösum.

Gildir til 4. desember á meðan birgðir endast.




## Góa jólakaramellur
Gott í baksturinn.




## Freistingar hráfæðiskökur
Fullar af góðum næringarefnum, próteinum, vítamínum og andoxunarefnum.




## Gló yfirnáttúruleg hnetusteik
Himneskt að njóta



# FERSKAR ÓLÍFUR
## EINS OG ÞÆR GERAST BESTAR

Ficacci 1964



Whole black Gaeta, Green giant Cerignola, Green Sweet Castelvetrano Silican, Typical Abruzzese recipe, Oven dried black with orange, Bella Italia pitted mix, Pitted green in Calabrese recipe og Whole black natural Kalamon.

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg

# NAUT HELGARINNAR



Vegna ólöglegrar gjaldtöku ríkisins* við útboð á kvóta til innflutnings á nautakjöti, skilar Hagkaup gjöldum til baka í formi betra verðs á nautalundum til viðskiptavina sinna.

*Sjá dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 317/2015 frá 21. janúar 2016.

**NAUTALUNDIR INNFLUTTAR**
2.979 kr/kg
verð áður 3.889

ÍSFUGL

TILBOÐ 50% afsláttur á kassa



**KALKÚNAHAKK FROSIÐ**
500 kr/kg
verð áður 999

ÍSFUGL

TILBOÐ 30% afsláttur á kassa



**KALKÚNALUNDIR SESAM & TERIYAKI**
2.519 kr/kg
verð áður 3.599

HAGKAUP MERKIÐ TRYGGIR GÆÐIN

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa



Marinerað

**LAMBALÆRI ÁN MJAÐMABEINS**
1.874 kr/kg
verð áður 2.499

ÍSLANDS LAMB

TILBOÐ 30% afsláttur á kassa



**KINDAINNRALÆRI**
1.819 kr/kg
verð áður 2.599

ÍSLANDS LAMB

TILBOÐ 35% afsláttur á kassa



**KINDAFILE**
3.033 kr/kg
verð áður 4.666



DR. OETKER
## TRADIZIONALE PIZZUR




549 kr/stk
verð áður 729

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Föstudagur




Sunnangola með dálítilli súld eða rigningu, en sunnankaldi á annesjum vestan til. Yfirleitt bjartviðri um landið norðaustanvert. Hiti að 7 stigum, hlýjast sunnan- og vestanlands.

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 6° | 4° |
| ↑ 11 | ↗ 13 | ↑ 11 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 3° | 6° | 2° |
| ↑ 10 | ↖ 1 | ↑ 10 |

### Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 1° | 5° |
| ↑ 8 | ← 9 | ↗ 5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 5° | 6° | 3° |
| ↑ 5 | ↗ 2 | ↑ 7 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. umrót
6. í röð
8. svif
9. borða
11. mjöður
12. hurfuð
14. bresta
16. í röð
17. rell
18. illæri
20. átt
21. innileikur

**LÓÐRÉTT**
1. pappír
3. skyldir
4. kyrrstaða
5. óvild
7. lífsspursmál
10. kk. nafn
13. þakbrún
15. megin
16. fugl
19. óreiða

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** rask, **6.** rs, **8.** áta, **9.** éta, **11.** öl, **12.** fóruð, **14.** rifna, **16.** lm, **17.** suð, **18.** óár, **20.** na, **21.** alúð. **LÓÐRÉTT: 1.** bréf, **3.** aá, **4.** stöðnun, **5.** kal, **7.** stór-mál, **10.** ari, **13.** ufs, **15.** aðal, **16.** lóa, **19.** rú.

### Skák Gunnar Björnsson

Magnus Carlsen (2.853) tryggði sér heimsmeistaratitilinn á magnaðan hátt í bráðabanaskák í gær.



**Hvítur á leik**

**50. Dh6+!!** Karjakin gafst upp. Ótrúleg lokastaða. Svartur getur drepið drottninguna á tvo vegu en er óverjandi mát í næsta leik. Carlsen vann atskákeinvígið 3-1 og fagnaði 26 ára afmælisdegi sínum eftirminnilega.

**www.skak.is:** Allt um heimsmeistaraeinvígið.


# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

**Myrkrið er mikilvægt**

Hvers vegna er stjörnufræði byltingarafl? **Stjörnuskoðarinn Sævar** segir okkur hvers vegna það er mikilvægt að horfa upp í himininn og varðveita myrkrið.



**Grípa í skugga**

Þau **Arnmundur Backmann** og **Aldís Hamilton** fara með hlutverk í jólasýningu Þjóðleikhússins. Þau ræða um leiklistina og arfleifð foreldra sinna.

**Rannsaka altarisdúka**

Tvær konur fóru í **200 kirkjur** að rannsaka altarisdúka.



**Teikna goðafræði**

**Þórhallur Arnórsson** og **Jón Páll Halldórsson** hafa gefið út teiknimyndasögu byggða á íslenskri goðafræði.


## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | | 4 | | | 2 | | |
| | | | | 3 | 1 | | 8 | 4 |
| | | 5 | | 6 | | | 7 | |
| | | | | 1 | | 4 | | |
| | 7 | | 6 | 2 | | | | 5 |
| 4 | | 9 | | | 7 | 1 | 6 | |
| | | | | | | | | 1 |
| 5 | | 7 | | | | 9 | | |
| | 2 | 6 | | 5 | 3 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 5 | | 2 | | | | 3 |
| | 4 | | | | | 2 | | |
| 3 | | | 4 | 6 | 1 | | 7 | |
| | | | | | 5 | | | 6 |
| | | | 9 | 1 | | 7 | | |
| 5 | | 4 | | 8 | 2 | | | |
| | 5 | 2 | 1 | | 4 | 9 | | |
| | | | | | | 4 | 1 | |
| | | | | | 7 | 3 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | 6 | | |
| | | | | 2 | | | | 4 |
| | | 4 | | 7 | | | | |
| 5 | 4 | | | | | 3 | | |
| | | 2 | 8 | 9 | | | 5 | |
| 7 | | | 2 | | | 8 | | |
| 8 | | | 4 | | 6 | 1 | 9 | |
| | 9 | | 3 | | | | 7 | 6 |
| 3 | | | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 8 | 5 | 6 | 3 | 1 | 7 | 4 |
| 4 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 | 6 |
| 6 | 7 | 3 | 8 | 4 | 1 | 5 | 9 | 2 |
| 5 | 2 | 1 | 9 | 7 | 4 | 6 | 8 | 3 |
| 3 | 8 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 |
| 7 | 6 | 9 | 2 | 3 | 8 | 4 | 5 | 1 |
| 8 | 4 | 2 | 1 | 9 | 7 | 3 | 6 | 5 |
| 9 | 3 | 7 | 4 | 5 | 6 | 2 | 1 | 8 |
| 1 | 5 | 6 | 3 | 8 | 2 | 9 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 8 | 9 | 1 | 5 | 4 | 2 | 6 |
| 9 | 4 | 6 | 2 | 3 | 8 | 7 | 5 | 1 |
| 1 | 2 | 5 | 4 | 6 | 7 | 8 | 3 | 9 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 8 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 8 | 9 | 4 | 5 | 2 | 6 | 1 | 7 | 3 |
| 6 | 1 | 3 | 7 | 4 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 2 | 3 | 1 | 6 | 7 | 4 | 5 | 9 | 8 |
| 4 | 6 | 9 | 8 | 5 | 2 | 3 | 1 | 7 |
| 5 | 8 | 7 | 3 | 9 | 1 | 6 | 4 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 8 | 2 | 3 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 5 | 7 | 8 | 1 | 4 | 2 | 3 | 6 |
| 1 | 2 | 3 | 6 | 5 | 7 | 8 | 9 | 4 |
| 2 | 4 | 1 | 9 | 6 | 3 | 7 | 8 | 5 |
| 3 | 8 | 6 | 7 | 4 | 5 | 9 | 1 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 1 | 8 | 2 | 4 | 6 | 3 |
| 6 | 7 | 4 | 3 | 2 | 8 | 1 | 5 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 4 | 7 | 6 | 3 | 2 | 8 |
| 8 | 3 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 | 4 | 7 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






TVÆR 480 GR DÓSIR AF QUALITY STREET FYLGJA

**Movenza** frá **Dolce Gusto** sækir innblástur í sjálfa kaffibaunina.
Glæsileg og framandi hönnun mætir gæða kaffilögun Dolce Gusto vélanna.

Vélin er sjálfvirk og þú stillir styrkinn á kaffinu eftir þínum smekk.
1L tankur er á vélinni og hún slekkur sjálfkrafa á sér eftir 20 mínútur.

OPNAST OG LOKAST SJÁLFVIRKT | STILLANLEGT VATNSMAGN MEÐ SNERTITÖKKUM | KAFFI Í ATVINNUGÆÐUM (15 BARS MAX) | ILMANDI OG FERSKT | YFIR 30 TEGUNDIR AF KAFFI

NESCAFÉ Dolce Gusto
COFFEE IS NOT JUST BLACK

Jólareikningur
EINGREIÐSLA 2. FEBRÚAR
0% vextir, 2% lántökugjald og 199 kr. uppgjörsgjald.

Heimilistæki ht.is
*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# Tvístrað fólk sem talar við eigin fingur

**Steinar Bragi er þekktur fyrir dökkan tón í sínum verkum og hann segir þennan tón klingja oftar en einu sinni á ævi okkar allra og móti okkur meira en þægilegt er að viðurkenna.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna voru kynntar í gær á Kjarvalsstöðum. Á meðal bóka í flokki fagurbókmennta er að finna smásagnasafnið Allt fer, eftir Steinar Braga og það var létt í honum yfir upphefðinni og hann tók henni greinilega fagnandi. „Ég tek við öllu góðu sem að mér er rétt, vondu líka, það má læra margt af mörgu. En ætli ég sé ekki orðinn of gamall til að stressa mig á tilnefningu. Þegar ég var níu ára vann ég ritgerðasamkeppni Morgunblaðsins um nammilausan dag, styrkta af Tannlæknafélaginu, það dugði mér lengi, ég er ekki einu sinni að reyna að vera sniðugur, það dugði mér ótrúlega lengi.“



Steinar Bragi var nýkominn heim frá Berlín og mætti beint á Kjarvalsstaði til þess að taka við tilnefningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Gerist á milli bóka

Þrátt fyrir upphefðina að lokinni tannverndarsmásögunni lét Steinar Bragi ekki þar við sitja heldur hefur haldið ótrauður áfram að skrifa. Hann er reyndar á meðal þeirra fjölmörgu Íslendinga sem hafa verið búsettir í Berlín síðustu misserin en segist hins vegar hafa flutt heim að nýju í gær. „Já, ég flutti þaðan í gær og aftur til Reykjavíkur. En ég kláraði Allt fer í Berlín í júní og hafði á þeim tíma engan sans fyrir því að ég væri í Berlín, ég var búinn að steingleyma því eins og gerist of oft þegar ég er einhvers staðar að vinna, að skrifa er að vera hvergi, að minnsta kosti hefur útkoman verið sú fyrir mig.

Ég hékk á sömu tveimur bókasöfnunum og indverskum veitingastað fyrir fólk nálægt fátæktarmörkum og leið eins og ég væri ekki almennilega til – það gerist ef maður er á milli bóka og verður enn tómlegra þegar maður leggur upp með að skrifa alltaf síðustu bókina, hella allri veru sinni í þetta eina verk og skella svo á eftir sér og fara.“

### Smásagan fyndin

Steinar Bragi hefur fengist við ýmis form bókmenntanna en að þessu sinni er það smásagnaformið sem verður fyrir valinu. Hvað skyldi hafa orðið til þess? Er smásagan form sem þrengir að eða frelsar við skriftirnar?

„Ég hafði gaman af því að geta hoppað hratt úr einum heimi í annan í þessum styttri sögum, ég hef aldrei haft mikið gaman af því að skrifa fyrr en núna, kannski af því ég álpaðist ungur inn í þriðju persónuna og rataði ekki út úr henni, hún er þung og ferköntuð og vill alltaf vera að lýsa umhverfi og húsum, og „sagði hann“ eða „sagði hún“ er ekkert nema þreytandi. Styttri sögur opnuðu fyrir mér fyrstu persónuna og fyrsta persónan getur gert það sem henni sýnist, vaðið um allan alheim í hausnum á sér og gleymt öllu um hreyfingar eða föst leikatriði, hún gerir það sem henni sýnist og svo er hún líka fyndin.“

### Önnur hugsun

Í upphafi bókar Steinars Braga er að finna þessa forvitnilegu áletrun sótta í verk Friedrich Nietzshe, Svo mælti Saraþrústa, í þýðingu Jóns Árna Jónssonar:

„Allt fer, allt kemur aftur; hjól tilverunnar veltur um eilífð. Allt deyr, allt blómgast aftur; ár tilverunnar tekur engan enda. Allt brotnar, allt er skeytt saman á ný; um eilífð rís hið sama hús tilverunnar. Allt kveður, allt heilsast á ný; hringur tilverunnar er sjálfum sér trúr um eilífð.“

Það er óhætt að segja að þessi fallega áletrun gefur tóninn inn í sögur Steinars Braga og hann þvertekur vissulega ekki fyrir það. Stóra spurningin er þó kannski öllu fremur um hvað hann er að skrifa að þessu sinni. „Ég skrifa um ástina, pör, sambönd, hvernig fólk dregur sig saman og í sundur, það hefur alltaf vakið mér mesta forvitni af öllu því sem finnst á jörðinni: hvernig fólk elskar, hvernig það þrífst eða rífur sig á hol með öðrum, fer í sundur, slitnar, kemur saman. Og svo er þarna heilmikil gleði yfir því að vera á lífi og að allt endi. Það er ekkert svo ömurlegt að það geti ekki bara hætt því.“

Aðspurður um hver sé hins vegar drifkrafturinn að baki bókinni er svar Steinars Braga óneitanlega forvitnilegt. „Af hverju verður maður ástfanginn af öðrum – maður spyr sig ekki endilega að slíku fyrr en eftir að kólnar.

Ég er ekki spenntur fyrir að greina eigin verk eða uppruna þeirra, en meðan á þeim stendur veit ég hvert orðin eiga að fara, hvaða myndir eiga saman og sé útundan mér lögun á einslags innra samhengi sögunnar sem krefst eins en alls ekki annars. Skriftir eru hugsun af allt öðru tagi en pólitík og viðskipti og ég hengi mig þegar ég skil ekki lengur muninn, þegar ég opna munninn til að smella í góm en byrja að hiksta.

Á hinn bóginn negldi Kristín Ómarsdóttir þetta ágætlega þegar hún sagði að það væri eitthvað að hjá fólki sem skrifar, það er einföld og góð nálgun, og ætli slíkt fólk kenni ekki ýmist sjálfu sér um og reyni að skrifa sig í sátt við heiminn eða snúa sökinni upp á heiminn og segja honum að fokka sér. Ég held að rithöfundar séu almennt tvístrað fólk sem talar við eigin fingur, ég myndi samt frekar vilja hafa skáld hjá mér á dánarbeðinum heldur en Finn Ingólfsson.“

### Aumingjalegt

Steinar Bragi er um margt þekktur fyrir fremur dökkan tón í sínum verkum. Fyrsta ljóðabókin leit dagsins ljós árið 1998 undir heitinu Svarthol og í sinni síðustu bók, Kata, sem kom út árið 2014 eru einnig dökkar myndir. En aðspurður hvað valdi þessum dökka tóni segist höfundurinn hreinlega ekki ná utan um það sjálfur. „Ég hef bara ekki náð utan um það enn þá hvernig best er að lifa og ég er alltof heiðarlegur til að þykjast vita það og hlunkast á niðurstöðu sem ég hef ekki reynt á sjálfum mér.

Ég held annars að þessi dökki tónn klingi oftar en einu sinni eða tvisvar á ævi okkar allra og móti okkur meira en er þægilegt að viðurkenna. Það mætti allt eins spyrja af hverju fleiri höfundar gefi sig ekki að honum, og að þegja yfir honum í nafni fagurra bókmennta er aumingjalegt, eða að láta nægja að lýsa honum bara pínkulítið svo enginn haldi að verkið sé neitt mikið meira en bara í plati. Ég ber kærleika til fólks og vil því yfirleitt vel en eins og vís kona sagði: Ekki treysta horuðum kokki eða hamingjusömum listamanni.“




Raumgestalt bretti
Verð frá 2.980 kr.
kokka
laugavegi 47
laugavegi 47 | www.kokka.is | kokka@kokka.is


### AÐ SPILA NINTENDO WII Á RÉTTARGEÐDEILDINNI AÐ SOGNI

Þannig atvikaðist það að Emil varð einn. Til að byrja með hringdi hann í Jennýju á hverjum degi, yfirleitt á kvöldin þegar hann brá sér útfyrir á barnum þar sem hann sat og drakk, aleinn því áhuginn á samræðum var enginn – hvað var að segja? Kynhvötin var horfin og eftir stóð hún strípuð, þessi alltumlykjandi angist sem hafði fylgt honum frá því hann var fjórtán ára. Hann íhugaði það sem hún sagði um að hann elskaði ekki heldur sjálfan sig, keyrði sig áfram í vinnu sem hann hataði án þess að vita það og drykkju sem honum virtist fyrirmunað að hafa gaman af. Hver veit.

Með tímanum varð Emil sannfærður um að hafa ætíð elskað Jennýju, djúpri og innilegri ást hversu bjöguð sem hún varð í tjáningu og að hann hefði gert mistök sem hann myndi iðrast það sem eftir væri ævinnar. Jenný bað hann um að hætta að hringja, hún þyrfti frið til að hugsa en Emil sagðist elska hana. Hún bað hann að gera eitthvað í sínum málum og þau vissu bæði hvað það þýddi en samt rifust þau og í framhaldi skellti hún á hann og slökkti á símanum. Um kvöldið fór hann á bar, þar sem vildi svo til að hópur stúdína hélt upp á útskrift og í kjallara í Vesturbænum, í húsi utanríkisráðherra, svaf hann hjá einni þeirra.

Daginn eftir vaknaði Emil ennþá drukkinn, fór í bakarí til að færa stúdínunni snúð og rakst þar á hana Jennýju. Hún spurði hvað hann væri að gera í þessu hverfi bæjarins svona snemma morguns og Emil sagðist vera á leið til vinar síns í heimsókn með snúða.

„Getum við hist bráðum?“ spurði hann með þéttan púls í rauðsprengdum augunum og hún hummaði eins og það væri út úr myndinni en bað hann að láta renna af sér – hann skildi það sem hvatningu – og kvaddi. Um kvöldið hitti hann vin sinn á bar og fór heim með vinkonu stúdínunnar frá því kvöldið áður en heim til hans í þetta skiptið þar sem hann gisti ennþá: einn. Þegar morgnaði vaknaði hann við að Jenný stóð grátandi við rúmgaflinn, með bakarípoka og tvo kaffi í bakka. „Ástin mín,“ sagði hann og glennti upp augun. Hún sleppti kaffinu sem sprakk á gólfinu, safnaðist í poll umhverfis rúmið, á litinn eins og storknað blóð, og hljóp út. Stelpan rumskaði ekki.

Þetta var búið.

Upphaf sögunnar Að spila Nintendo Wii á réttargeðdeildinni að Sogni, úr smásagnasafninu Allt fer, eftir Steinar Braga.



*Fyrir veisluna*

-25% AFSLÁTTUR

**KAFFISTELL,** hvítt, 18 stk.
**2.846kr.**
Almennt verð: 3.795 kr.
41100116



**MATARSTELL,** gyllt skraut, silfurrönd eða gyllt og blátt, 39 stk.
**11.246kr.**
Almennt verð: 14.995 kr.
41100142/5/6

*Fyrir veisluna*

-25% AFSLÁTTUR



-25% AFSLÁTTUR

**RYKSUGA,** 900 BS-900MT.
**8.246kr.**
Almennt verð: 10.995 kr.
65103270

*Gerum hreint fyrir jólin*

# JÓLAFJÖR

*Fallegar gjafir fyrir alla fjölskylduna*

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda til 5.desember.




*Frábær jólagjöf!*

**AQUATUNES,** bluetooth hátalari fyrir sturtuna.
**13.995kr.**
15326268




**25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LEIKFÖNGUM**



*Gerum jólalegt*

**-25% AF ÖLLUM JÓLALJÓSUM**
**SERÍUR OG AÐVENTULJÓS**



BREIDD OG AKUREYRI

**-25% AF ÖLLU LEMAX**

**HRÆRIVÉL,** 600W, stál.
**14.996kr.**
Almennt verð: 19.995 kr.
42358222

TRISTAR



-25% AFSLÁTTUR

## BOSCH



-25% AFSLÁTTUR

**RAFHLÖÐUSKRÚFJÁRN IXO V,** barnaleikfang fylgir.
**5.995kr.**
Almennt verð: 7.995 kr.
74864006



-30% AFSLÁTTUR

**BORVÉL,** PSB, 500-RE.
**6.896kr.**
Almennt verð: 9.895 kr.
74860500



-25% AFSLÁTTUR

**MULTISÖG,** PMF 220 CF.
**14.995kr.**
Almennt verð: 19.995 kr.
74862194



-25% AFSLÁTTUR

**LASER KROSS,** QUIGO III.
**7.495kr.**
Almennt verð: 9.995 kr.
74869801



-25% AFSLÁTTUR

**LENGDARMÆLIR,** ZAMO III.
**7.495kr.**
Almennt verð: 9.995 kr.
74869811

*Harðir pakkar með notagildi!*

byko.is

AUKINN AFGREIÐSLUTÍMI FRAM AÐ JÓLUM - SJÁ Á BYKO.IS

BYKO
SKREYTUM SAMAN

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




Verð gildir til og með **4. desember** eða meðan birgðir endast

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



Verð áður 3.798 kr. kg

TAKMARKAÐ MAGN

# BÓNUS

## skilar til viðskiptavina

**ólöglegri gjaldtöku ríkisins við útboð á nautakjötskvóta til innflutnings.**

**3.198** kr. kg

**Nautalundir**
Þýskaland, frosnar
Verð áður 3.798 kr. kg

## GOTT VERÐ Í BÓNUS



**1.895** kr. kg

**Kjörfugl Kjúklingabringur**
Ferskar



**698** kr. kg

**Kjörfugl Kjúklingur**
Ferskur, heill



100% kjöt

**2.198** kr. kg

**Bónus 100% Kjúklingabringur**
Ferskar, ekkert viðbætt vatn



STJÖRNU GRÍS

**1.159** kr. kg

**Stjörnugrís Reykt Grísakinka**
Bayonnesteik, úrbeinuð

## SAMA VERÐ UM LAND ALLT



**1.398** kr. kg

**Stjörnugrís Rifjasteik**
Fersk, úrbeinuð



**1.498** kr. kg

**Bónus Grísahryggur**
Ferskur, úrbeinaður



**1.259** kr. kg

**KEA Hangiframpartur**
Sagaður, með beini, frosinn




**2.998** kr. kg

**Kjarnafæði Hangikjöt**
Kofareykt, úrbeinað

## BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00



Margrét og Linda við myndirnar úr Íslandsbók barnanna sem nú eru til sýnis í Gallerí Fold við Rauðarárstíg. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ekki alltaf bara sól og sumar

**Margrét Tryggvadóttir, bókmenntafræðingur og fyrrverandi alþingismaður, og Linda Ólafsdóttir myndskreytir eru meðal þeirra höfunda sem tilnefndir eru til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki barnabóka. Margrét segir frá.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Upphaflega átti þessi bók að koma út árið 2009 en hún lenti í hruninu“ segir Margrét Tryggvadóttir um Íslandsbók barnanna sem hún er tilnefnd til bókmenntaverðlauna fyrir. „Ég hafði verið í samstarfi við Forlagið um að gefa út ferðabók fyrir krakka og sumarið 2008 fór ég um allt land með fjölskylduna til að taka myndir í hana. Var búin að skrifa töluverðan texta og sumt af honum er í Íslandsbók barnanna. En hrunið kom og Forlagið treysti sér ekki til að prenta bókina í lit svo hún var lögð í salt. Svo fór ég inn á þing og þá kom sér vel fyrir mig, Kópavogsbúann, að vera búin að kynna mér Suðurlandið og Suðurnesin sem varð mitt kjördæmi.“

Þegar Margrét tók upp bókarþráðinn aftur var hún orðin afhuga þeirri hugmynd að hafa bókina í litlu broti fyrir börn á ferð um landið í bíl. „Það var svo mikill 2007 andi í þeirri hugmynd, ætlast til að börnin færu um allt Ísland, skoðuðu allt og krossuðu við – rosa keppni. Ég fór að hugsa lágstemmdari bók með lýsingu á fyrirbærum, frekar en sérstökum stöðum, þannig að hægt væri að njóta hennar hvar sem væri.“

Hugmynd um að fá teiknaðar myndir í stað ljósmyndanna komu frá Forlaginu að sögn Margrétar. „Við ákváðum að búa til flotta bók svo mér datt í hug að fá Lindu Ólafsdóttur til að vinna með mér, ég hafði séð verk eftir hana, hún er bæði myndlistarmaður og menntaður myndskreytir, lærð í San Francisco og vinnur líka í Bandaríkjunum. Mig langaði að fá einhvern sem hefði ferska sýn á landið okkar. Þegar við fórum að vinna saman kom upp sú hugmynd að fara í gegnum heilt ár í myndunum svo við byrjum að vori, förum í gegnum sumarið, haustið og veturinn og svo kemur aftur vor. Þá klippti ég allan texta í sundur og raðaði honum á árstíðirnar og það gerir skemmtilegt flæði í bókinni. Ólíkt langflestum barnabókum er ekki bara sól og sumar allan tímann.“

Margrét segir að Íslendingum þyki vænt um landið sitt og séu líka pínu hræddir um það. „Ef við ætlum í sameiningu að eiga það áfram þarf okkur öllum að þykja vænt um það eins og það er – og þar er myrkur og rigning og alls konar óveður innifalið. Við verðum að kunna að meta það líka,“ bendir hún á og segir það hina djúpu hugmyndafræði á bak við bókina. „Svo er Ísland líka orðið fjölmenningarsamfélag en ekki eins og það var um 1970 og Linda kemur því að í myndunum sínum. Til dæmis í einni stórri mynd sem sýnir hátíðahöld 17. júní, þar er breidd í mannlífinu því innan um er fólk sem greinilega er ættað annars staðar úr veröldinni.“

## PÓLSTJARNAN

**Stjörnuhimininn er síbreytilegur og í hverjum mánuði má sjá ný stjörnumerki en önnur hverfa sjónum okkar. Undantekningin á því er Pólstjarnan sem einnig er kölluð Norðurstjarna. Hún er mjög nálæg himinskauti norðurhvels jarðar og því virðist okkur hún alltaf vera á sama stað. Fyrr á tímum notuðu menn hana til að vísa sér veginn. Ef ferðalangar fundu Pólstjörnuna höfðu þeir einnig fundið norðurátt.**

## TILNENFNINGAR

Tilkynnt var við hátíðlega athöfn á Kjarvalsstöðum í gær hverjir tilnefndir væru til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2016.

**Eftirfarandi bækur eru tilnefndar í flokki fræðirita og bóka almenns efnis:**

**Árni Heimir Ingólfsson**
**Saga tónlistarinnar**
**Útgefandi:** Forlagið

**Bergsveinn Birgisson**
**Leitin að svarta víkingnum**
**Útgefandi:** Bjartur

**Guðrún Ingólfsdóttir**
***Á hverju liggja ekki vorar göfugu kellingar***
**Útgefandi:** Háskólaútgáfan

**Ragnar Axelsson**
**Andlit norðursins**
**Útgefandi:** Crymogea

**Viðar Hreinsson**
**Jón lærði og náttúrur náttúrunnar**
**Útgefandi:** Lesstofan

**Dómnefnd skipuðu:**
Aðalsteinn Ingólfsson, formaður nefndar, Hulda Proppé og Þórunn Sigurðardóttir.

**Eftirfarandi bækur eru tilnefndar í flokki barna- og ungmennabóka:**

**Hildur Knútsdóttir**
**Vetrarhörkur**
**Útgefandi:** JPV útgáfa

**Hildur Knútsdóttir og Þórdís Gísladóttir**
**Doddi : bók sannleikans!**
**Útgefandi:** Bókabeitan

**Margrét Tryggvadóttir og Linda Ólafsdóttir**
**Íslandsbók barnanna**
**Útgefandi:** Iðunn

**Þórhallur Arnórsson og Jón Páll Halldórsson**
**Vargöld: fyrsta bók**
**Útgefandi:** Iðunn

**Ævar Þór Benediktsson**
**Vélmennaárásin**
**Útgefandi:** Mál og menning

**Dómnefnd skipuðu:**
Árni Árnason, formaður nefndar, Hildigunnur Sverrisdóttir og Sigurjón Kjartansson.

**Eftirfarandi bækur eru tilnefndar í flokki fagurbókmennta:**

**Steinar Bragi**
**Allt fer**
**Útgefandi:** Mál og menning

**Sjón**
**Ég er sofandi hurð (CoDex 1962)**
**Útgefandi:** JPV útgáfa

**Guðrún Eva Mínervudóttir**
**Skegg Raspútíns**
**Útgefandi:** Bjartur

**Auður Ava Ólafsdóttir**
**Ör**
**Útgefandi:** Benedikt bókaútgáfa

**Sigurður Pálsson**
**Ljóð muna rödd**
**Útgefandi:** JPV útgáfa

**Dómnefnd skipuðu:**
Knútur Hafsteinsson, formaður nefndar, Helga Ferdinandsdóttir og Jórunn Sigurðardóttir

*Verðlaunin, ein milljón króna fyrir hvert verðlaunaverk, verða afhent um mánaðamótin janúar-febrúar á komandi ári af forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni.*

DETTIFOSSI SÖKKT




„Frábærlega skrifuð bók. Satt að segja truflar það svefn hvað hún kemur á óvart ...“
ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON
sögur útgáfa

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning

# HÚRRA FYRIR HÖFUNDUNUM!

## FRÆÐIBÆKUR




Árni Heimir Ingólfsson

## FAGURBÓKMENNTIR




Sjón




Sigurður Pálsson




Steinar Bragi

## BARNA- OG UNGMENNABÆKUR




Ævar Þór Benediktsson




Þórhallur Arnórsson
Jón Páll Halldórsson




Margrét Tryggvadóttir
Linda Ólafsdóttir




Hildur Knútsdóttir

# ÍSLENSKU
## BÓKMENNTAVERÐLAUNIN
TILNEFNINGAR 2016

FORLAGIÐ
www.forlagid.is







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 |
| VAIANA ÍSL TAL 3D | KL. 3:20 - 5:40 |
| VAIANA ENSKT TAL 2D | KL. 8 - 10:20 |
| ALLIED | KL. 5 - 5:20 - 8 - 10:40 |
| ALLIED VIP | KL. 10:40 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 5 - 8 - 10:45 |
| FANTASTIC BEASTS 2D VIP | KL. 5 - 8 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 - 10:45 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 8 - 10:40 |
| SJÖUNDI DVERGURINN ÍSL TAL | KL. 3:20 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |
| ALLIED | KL. 5:30 - 8 - 10:40 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 6 - 8 - 10 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 10:40 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| ALLIED | KL. 8 - 10:45 |
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 5:15 - 8 - 10:45 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| ALLIED | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 5 - 8 - 10:45 |
| LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 8 - 10:40 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| VAIANA ENSKT TAL 2D | KL. 8 |
| ALLIED | KL. 10:20 |
| BAD SANTA 2 | KL. 10:45 |
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 8 |
| TRÖLL ÍSL TAL | KL. 6 |





# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 2. DESEMBER 2016

### Tónlist

**Hvað?** Jólatónleikar með Snorra Ásmundssyni og Högna Egilssyni
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gym og Tonic, Kex Hostel, Skúlagötu
Þeir Snorri Ásmunds og Högni Egils eru báðir þjóðkunnir listamenn. Snorri hefur ávallt vakið mikla athygli fyrir listsköpun sína og Högni Egils, eða Högni í Hjaltalín eins og hann er stundum kallaður, hefur gert garðinn frægan með Hjaltalín, Gus Gus og fleirum auk þess að vera sjálfur stórgóður sem sólólistamaður. Þeir taka höndum saman í kvöld og flytja tónlist fyrir tónelska gesti Kex hostels.

**Hvað?** Jólatónleikar Baggalúts
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Háskólabíó
Baggalútur spilar jólalögin sín sem eru löngu orðin þjóðkunn enda er þetta í ellefta sinn sem desembermánuður er gjörsamlega troðfullur af Baggalútstónleikum. Miðaverð er 7.997 krónur.

**Hvað?** Jólatónleikar Pálma Gunnars og Ragnheiðar Gröndal
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hörpu
Árlegir jólatónleikar Röggu Gröndal og Pálma Gunnars eru fastur liður jólanna hjá ansi mörgum og auðvitað verða þau á sínum stað í kvöld. Þau flytja allar helstu jólaperlurnar ásamt stórsveit undir stjórn Þóris Úlfarssonar.

**Hvað?** Mugison á Skaganum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bíóhöllin, Akranesi
Mugison mætir með látum til Akraness í dag og tekur yfir Bíóhöllina. Ásamt honum verða þarna góðir vinir og hljóðfærin auðvitað og líklega slatti af góðum sögum. Miðaverð er 4.500 krónur.



**Baggalútur heldur jólatónleika sína allan desember og er þetta ellefta árið sem hljómsveitin gerir svo.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Hvað?** Leppalúðar og létt jólatónlist
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn, Akureyri
Jólakvöld á Græna hattinum þetta kvöldið eins og annars staðar. Þarna mæta þekktir grínistar og tónlistarmenn og láta gamminn geisa. Á svæðinu verða Rögnvaldur gáfaði, Valur og Sumarliði úr Hvanndalsbræðrum, Sóli Hólm og hetja landsbyggðarinnar, hann Gísli Einarsson.

**Hvað?** Jólatónleikar Bjarteyjar og Gígju (Ylja)
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg, Klapparstíg
Jólatónleikar vinkvennanna í Ylju þar sem þær flytja öll sín uppáhaldsjólalög. Miðaverð er 2.500 krónur.

**Hvað?** Hank the DJ
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Hank the DJ frá Freiburg mætir eldhress til að spila plötur fyrir gesti og gangandi á Kexi í kvöld. Lýsingar á manninum gefa til kynna að hann sé með tvær stillingar – önnur er róleg tónlist sem hentar vel undir drykkju og rólegu spjalli og hin stillingin er góð fyrir dans og trylling.

**Hvað?** Damien Dubrovnik (DK), AMFJ, Hatari
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu
Damien Dubrovnik eru dönsku tónlistarmennirnir Christian Stadsgaard og Loke Rahbek. Þeir eru mættir til landsins til að spila fyrir íslendinga tilraunakennda raftónlist. Ásamt þeim verður AMFJ og tríóið HATARI. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Jólin í stofunni heima – jólatónleikar Melodiu
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Áskirkja
Melodia – Kammerkór Áskirkju heldur jólatónleika í sinni heimakirkju. Þarna verður leikin alls kyns jólatónlist og með miðanum fylgir heitt súkkulaði og jólalegt kruðerí. Miðaverð 2.000 krónur.

**Hvað?** Jólahúnar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Fellsborg, Skagaströnd
Jólatónleikar Skúla Einarssonar þar sem flytjendur eru Ástrós Elísdóttir, Halldór Gunnar Ólafsson, Helga Dögg, Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir, Hrund Jóhannsdóttir, Hugrún Sif, Jón Ólafur Sigurjónsson, Kristinn Rúnar Víglundsson, Ólafur E. Rúnarsson, Sigríður Stefánsdóttir, Skúli Einarsson og Valdimar Gunnlaugsson. Miðaverð er 2.500 krónur.

**Hvað?** Hátíðartónleikar Eyþórs Inga
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Selfosskirkja
Eyþór Ingi heldur nú um þessar mundir um landið til að spila jólin í gang. Eyþór mætir auðvitað bara einn með röddina, píanóið og gítarinn þó að hann bjóði nú reyndar einum kór úr hverri heimabyggð með. Miðaverð 2.500 krónur.

**Hvað?** Hreimur – All star 90s kvöld
**Hvenær?** 23.59
**Hvar?** Græna herbergið, Lækjargötu
Hreimur heldur tónlistarveislu frá 10. áratuginum í Græna herberginu í kvöld, eða réttara sagt í nótt.

### Viðburðir

**Hvað?** Kynningarfyrirlestur – Helga Zoëga
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Læknagarður, Háskóla Íslands
Þann 2. desember nk. flytur Helga Zoëga, prófessor í lýðheilsuvísindum við læknadeild, erindi í tilefni af framgangi sínum.

**Hvað?** Vigdísarvaka
**Hvenær?** 13.30
**Hvar?** Norræna húsið, Sturlugötu
Á dagskrá á Vigdísarvöku Oddafélagsins er alveg heill hellingur. Vigdís Finnabogadóttir verður gerð heiðursfélagi, Guðrún Snæfríður Gísladóttir stígur á svið, veitingar og svo margt fleira í boði.

**Hvað?** Jólabjórsmökkun
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Kaffi Brák, Borgarnesi
Í kvöld verður þvílík veisla á Kaffi Brák, en haldin verður keppni í jólabjórsmökkun þar sem skarpasti smakkarinn fær vegleg verðlaun. Að auki verður boðið upp á akstur heim og eina skilyrðið er jólaklæðnaður. Verð fyrir öll herlegheitin er einungis 2.500 krónur.

**Hvað?** Í hverri manneskju býr nótt
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Ljóð, gjörningar og tónlist í flutningi Ragnheiðar Hörpu Leifsdóttur og Marteins Sindra Jónssonar. Húsið opnað klukkan átta og miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Málþing til heiðurs Sigríði Magnúsdóttur, dósent og talmeinafræðingi
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Læknagarður, Háskóla Íslands
Fullt af fólki flytur erindi til heiðurs Sigríði Magnúsdóttur.

**Hvað?** Jólahlaðborð á hótel Sögu
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Hótel Saga
Örn Árna og Regína Ósk sameina hér krafta sína og fá undirleik Jónasar Þóris á meðan gestirnir snæða dýrindis kræsingar. Siggi Hlö tekur síðan við og spilar fram á nótt. Verð er 10.900 krónur á mann.








BIO ★ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Love Actually ........ 17:30 20:00, 22:30
One More Time With Feeling ........ 17:45
Absolutely Fabulous ........ 18:00
The Nutcracker -ballet ........ 20:00
Nabid ........ 22:30
Baskavígin ........ 22:15




HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
blómaval
TILBOÐ
ÍSLENSK
STAFAFURA
ÍSLENSK STAFAFURA BEINT FRÁ BÓNDA
SÉRRÆKTUÐ JÓLATRÉ FYRIR BLÓMAVAL
Á TILBOÐI AÐEINS UM HELGINA
EITT VERÐ 150-200 CM
6.990 kr
~~8.990 kr~~
Fæst í verslunum Húsasmiðjunnar
Skútuvogi, Grafarholti, Selfossi, Akureyri og Egilsstöðum
takmarkað magn
Kauptu jólatréð snemma. Geymið upprétt utandyra og það helst ferskt og flott

# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Jóladagatal Afa
**07.05** The Simpsons
**07.25** Tommi og Jenni
**07.45** Kalli kanína og félagar
**08.05** The Middle
**08.30** Pretty little liars
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Grand Designs Australia
**11.10** Restaurant Startup
**11.50** White Collar
**12.35** Nágrannar
**12.55** A Little Chaos
**14.50** The Little Rascals Save the Day Skemmtileg gamanmynd fyrir alla aldurshópa um litlu grallarana sem setja sér sínar eigin reglur og gera hvert prakkarastrikið á fætur öðru.
**16.25** Chuck
**17.10** Tommi og Jenni
**17.35** Jóladagatal Afa
**17.40** Bold and the Beautiful
**18.05** Nágrannar
**18.30** Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55** Íþróttir Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** Logi Laufléttur og bráðskemmtilegur þáttur þar sem Logi Bergman fer á kostum sem þáttastjórnandi. Hann fær til sín vel valda og skemmtilega viðmælendur og auk þess verður boðið upp á frábær tónlistaratriði og ýmsar óvæntar uppákomur.
**20.20** The X-Factor UK
**21.40** The X-Factor UK
**22.30** Couple's Retreat Hressileg gamanmynd um fjögur pör sem fara saman í draumafrí á fjarlæga sólarströnd. Þar fer margt öðruvísi en ætlað er. Fjöldi góðra gamanleikara fer með hlutverk í myndinni og nægir þar að nefna Jason Bateman, Vince Vaughn og Kristen Bell.
**00.20** Kill The Messenger
**02.10** Magic Mike XXL
**04.05** The Purge: Anarchy

## STÖÐ 2 SPORT

**08.15** Enska 1. deildin
**09.55** Domino's-deild karla
**11.35** League Cup
**13.15** League Cup Highlights
**13.45** Domino's-deild kvenna
**15.25** Enska 1. deildin
**17.05** Domino's-deild karla
**18.45** PL Match Pack
**19.15** La Liga Report
**19.45** Domino's-deild karla
**22.00** Körfuboltakvöld
**23.40** Premier League Preview
**00.10** NBA
**01.00** NBA

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.15** Premier League
**09.00** Premier League
**10.45** Premier League
**12.30** Premier League Review
**13.25** Premier League
**15.10** Premier League
**16.55** Messan
**18.25** Premier League World
**18.55** NFL Gameday
**19.25** Þýski boltinn
**21.30** Premier League Preview
**22.00** Formúla E - Magazine Show
**22.30** Bundesliga Weekly
**23.00** NBA
**00.20** Enska 1. deildin

## STÖÐ 3

**17.45** Mike & Molly
**18.05** League
**18.30** New Girl
**18.55** Modern Family
**19.20** Fóstbræður
**19.50** Tekinn
**20.15** Veistu hver ég var?
**20.50** Supergirl
**21.35** Gotham
**22.20** Klovn
**22.50** Vicious
**23.15** NCIS: New Orleans
**00.00** Fóstbræður
**00.30** Tekinn
**00.55** Veistu hver ég var?
**01.30** Gotham
**02.10** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Dóra könnuður
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Svampur Sveinsson
**08.25** Áfram Diego, áfram!
**08.49** Lalli
**08.55** Rasmus Klumpur og félagar
**09.00** Kalli á þakinu
**09.25** Gulla og grænjaxlarnir
**09.37** Stóri og Litli
**09.49** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**10.00** Víkingurinn Viggó
**10.13** Kormákur
**10.25** Brunabílarnir
**10.47** Mæja býfluga
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Svampur Sveinsson
**12.25** Áfram Diego, áfram!
**12.49** Lalli
**12.55** Rasmus Klumpur og félagar
**13.00** Kalli á þakinu
**13.25** Gulla og grænjaxlarnir
**13.35** Stóri og Litli
**13.47** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**14.00** Víkingurinn Viggó
**14.13** Kormákur
**14.25** Brunabílarnir
**14.47** Mæja býfluga
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Svampur Sveinsson
**16.25** Áfram Diego, áfram!
**16.49** Lalli
**16.55** Rasmus Klumpur og félagar
**17.00** Kalli á þakinu
**17.25** Gulla og grænjaxlarnir
**17.35** Stóri og Litli
**17.47** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**18.00** Víkingurinn Viggó
**18.13** Kormákur
**18.25** Brunabílarnir
**18.47** Mæja býfluga
**19.00** Artúr og Minímóarnir

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Hero World Challenge
**11.30** Golfing World
**12.20** The Open Official Film
**13.15** PGA Special: Tour Life
**13.40** Golfing World 2016
**14.30** Hero World Challenge
**18.00** Hero World Challenge
**21.30** Ryder Cup Official Film
**22.45** Keb Hana Bank Championship

## BÍÓSTÖÐIN

**12.20** And So It Goes
**13.55** The Prince and Me 3: A Royal Honeymoon
**15.30** Hyde Park on Hudson
**17.05** And So It Goes
**18.45** The Prince and Me 3: A Royal Honeymoon
**20.20** Hyde Park on Hudson
**22.00** State of Play Hörkuspennandi pólitískur spennutryllir með Russell Crowe, Ben Affleck, Rachel McAdams og Helen Mirren í aðalhlutverkum. Myndin gerist í Washington, höfuðborg Bandaríkjanna, í miðri hringiðu stjórnmála landsins. Stephen Collins er ungur og efnilegur þingmaður og á hraðri uppleið í pólitíkinni í borginni. Þessu takmarki hans er ógnað þegar hjákona hans, sem einnig var aðstoðarkona hans, finnst látin.
**00.10** What Lies Beneath Háspennumynd um fyrirmyndarhjónin Norman og Claire Spencer. Á yfirborðinu leikur allt í lyndi en draugar fortíðarinnar elta húsbóndann uppi. Fyrir ári hélt hann framhjá Claire sem enn þá veit ekkert um það. Sjálf upplifir hún undarlega atburði sem eiga eftir að varpa nýju og ógeðfelldu ljósi á hjónaband hennar.
**02.20** Phone Booth
**03.40** State of Play
**06.05** Inside Llewyn Davis

## RÚV

**15.30** Eldsmiðjan
**16.15** Stóra sviðið
**16.50** Last Tango in Halifax
**17.40** Táknmálsfréttir
**17.50** KrakkaRÚV
**17.51** Sáttmálinn
**18.20** Leyndarmál Absalons
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.05** Reimleikar
**20.35** Best í Brooklyn
**21.00** Versalir
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.25** Lögregluvaktin
**23.10** Baráttan um þunga vatnið
**23.55** Kastljós
**80.25** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn og Spotify
**08.00** The McCarthys
**08.21** Dr. Phil
**09.04** The Biggest Loser
**09.45** The Biggest Loser
**10.30** Síminn og Spotify
**13.10** Dr. Phil
**13.53** American Housewife
**14.19** Survivor
**15.10** The Voice Ísland
**16.28** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show
**17.59** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** The Odd Couple
**20.15** Man with a Plan
**20.35** Speechless
**21.00** This is Us
**21.45** MacGyver
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** 24
**00.35** Sex & the City
**01.00** Law & Order: Special Victims Unit
**01.45** This is Us
**02.30** MacGyver
**03.15** The Tonight Show
**03.55** The Late Late Show
**04.35** Síminn og Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin





**LOGI**
Í tilefni af 50 ára afmæli Loga verður sprellað í afmælisbarninu með stæl. Leynigestir sem hann hefur ekki hugmynd um og aðrar þrælskemmtilegar uppákomur. Óvissuferð af bestu gerð fyrir afmælisbarnið og áhorfendur sem kemur á óvart!

SPENNANDI
**FÖSTUDAGSKVÖLD**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

**THE X-FACTOR UK**
Einn vinsælasti hæfileikaþáttur í heimi þar sem þau Sharon Osbourne, Louis Walsh og Nicole Scherzinger ásamt Simon Cowell eru í dómarasætunum og freista þess að finna næstu stórstjörnu Bretlands.






**COUPLE´S RETREAT**
Hressileg gamanmynd um fjögur pör sem fara saman í draumafrí á fjarlæga sólarströnd. Þar fer margt öðruvísi en ætlað er. Aðalhlutverk leika þau Jason Bateman, Vince Vaughn og Kristen Bell.

**STATE OF PLAY**
Þingmanni á hraðri uppleið í Washington er ógnað þegar aðstoðarkona hans og hjákona finnst látin. Blaðamaður er fenginn til að leysa málið.



**GILMORE GIRLS**
Einstæð móðir býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

LG
Life's Good

# MAGIC REMOTE FYLGIR

Magic Remote




## HÁGÆÐA HDR PRO ULTRA HD SJÓNVÖRP MEÐ HARMAN/KARDON HLJÓÐKERFI

## EKKI MISSA AF FRÁBÆRUM SJÓNVÖRPUM Á ÓTRÚLEGU VERÐI



1200Hz PMI
43"
109.990

1200Hz PMI
49"
129.990

LED | 4K Upscaler | Magic Remote | webOS 3.0 | harman/kardon | NETFLIX 4K

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18, LAUGARDAGA 11-18 OG SUNNUDAGA 13-18 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

# Sjónvarpsmiðstöðin

LG
Life's Good

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

# Stjörnuspá Siggu Kling



**Spáin gildir fyrir nóvember**

Lengri útgáfa af stjörnuspá á visir.is/SiggaKling

Hér eftir birtist spáin fyrsta föstudag hvers mánaðar

## Hrúturinn
21. mars–19. apríl

### Að hika er sama og tapa

Elsku hrúturinn minn, tíminn líður svo rosalega hratt og mér sýnist þú vera á meiri hraða en flestir. Þér finnst eins og síðustu jól hafi bara verið í gær. En allt mun þetta þó smella saman, og þú verður tilbúinn með það sem vantar 20. desember svo farðu bara að hlakka til. Ekki hanga með hugann í framtíðinni, því þá finnur þú fyrir þessari rosalegu þreytu. Þú hefur mikla hæfileika og ástríðu og þú elskar svo einlægt og sterkt. Þú ert í eðli þínu verndari en þú tekur það of nærri þér þegar þú getur ekki bjargað öllum, samt er alls ekki hægt að tjóðra þig niður og skipa þér fyrir verkum, þá verður þú eins og naut í flagi. Ef þér finnst þetta að einhverju leyti verður þú að rífa þig lausan og fara þínar leiðir, hvort sem það er í sambandi við ást, vináttu eða verkefni. Því fyrr sem þú áttar þig á þessu verður lífið miklu skemmtilegra. Þú ert að fara inn í nýtt upphaf eftir þrjá mánuði, svo núna ertu að skipuleggja og finna út hver þú í raun og veru ert. Mottó: Að hika er sama og að tapa.

## Nautið
20. apríl–20. maí

### Lífið er partí

Elsku fallega nautið mitt. Þú ert búið að vera með hjartað í þér úti um allt, það eru miklar líkur á því að veikindi hafi haft áhrif eða töluverðar áhyggjur af orkuleysi eða áhyggjum. Þegar líðanin er þannig getur þér fundist að þú sért svolítið lítið í þér. Það er því nauðsynlegt fyrir þig að taka næsta mánuð eins rólega og þú getur, að einfalda líf þitt og sleppa því sem skiptir engu máli. Það sem mestu skiptir fyrir þig eru fjölskylda, vinir og ástin. Dekraðu við þá og reyndu að taka þér eins mikið frí og þú mögulega getur. Þú þarft að skilja það að heimilið þitt er uppspretta orku þinnar. Þessi mánuður á eftir að skapa sterkar minningar, því að þú átt eftir að sjá hversu mikið þú verður elskað. Og þau naut sem eru á lausu gætu mjög vel fundið ástina en þú þarft að skilja, þar sem þú ert svo andlegt, að fyrsta hugsun sem kemur til þín um ástargyðju eða ástarprins er rétt. Þú átt eftir að eflast og líða betur og taka þessu lífi með meiri ró en þú hefur gert í langan tíma. Mottó: Lífið er partí og þú ert veislustjórinn.

## Tvíburinn
21. maí–20. júní

### Desember er þinn mánuður

Elsku tvíburinn minn. Það er nú búið að vera meira fjörið á þér, það er alltaf eitthvað að gerast. Ef þú skoðar vel þetta ár þá hafa verið miklar breytingar á mörgu, þú sigraðir svo margt í kringum þig að þú getur verið þakklátur. Það er ýmislegt sem þú átt eftir að leiðrétta og klára og þú gerir það núna, svo einfalt er það. Þegar sá kafli er afstaðinn þá átt þú eftir að elska desember, rómantíkina, ljósið og fjörið. Fólkið í kringum þig mun líta upp til þín og finnast þú svo ótrúlega hugrakkur, en það eru ekki allir sem munu segja þér frá því hvað þeim finnst þú vera mikil fyrirmynd annarra. En það skiptir engu máli því þú ert á réttri braut. Desember er alveg þinn mánuður, það er á hreinu. Það væri alveg dásamlegt að þú skrifaðir niður lítinn „bucket“-lista um hvað þig langar að framkvæma eða hvað þú vilt að gerist hjá þér næstu sex mánuði. Skilaboðin til þín fyrir desembermánuð eru að ef að þú værir hús myndu allir vilja búa í því.

## Krabbinn
21. júní–22. júlí

### Sýndu þitt rétta eðli

Elsku eldheiti krabbinn minn. Það er svo mikil dásemdardýrð að vera í þessu merki. Þið skapið allar skemmtilegu sögurnar og þegar upp er staðið samanstendur líf þitt bara af þeim sögum sem þú getur sagt um sjálfan þig og aðra í kringum þig. Þú ert að sjálfsögðu sögumaðurinn í ævisögu þinni. Og þegar ég skoða stjörnukortið þitt þá sé ég að þú ert að fara inn í mánuð þar sem miklar tilfinningar fara í gegnum huga þinn. Þitt jákvæða karma mun gefa þér það sem þig vantar úr annarri átt en þú býst við. Það verða meiri peningar í kringum þig og þeir munu gefa þér orku, enda eru þeir bara orka og þú átt eftir að vera dálítið eyðslusamur, og það er bara allt í lagi. Þó að þú sért þetta tilfinningamerki þá vilt þú ekki sýna miklar tilfinningar, þú ættir að sleppa meira fram af þér beislinu og sýna fólkinu þitt rétta eðli. Þú átt það til að dulbúa þig með húmor og gleði, þó að þú sért kannski ekki glaður. Ég er alls ekki að biðja þig um að breyta því, en þú þarft að læra að treysta betur, því fólk elskar þig og saknar þín.

## Ljónið
23. júlí–22. ágúst

### Taktu hlutunum rólega

Elsku magnaða ljónið mitt, taktu nú hlutunum bara rólega, ekkert vera að hafa skoðun á öllu, leyfðu lífinu að fleyta þér áfram þennan mánuð. Það er búið að vera mikið álag á þér, aðallega í hugsunum. En núna síðustu daga hefur þú fengið aukna bjartsýni og miklu jákvæðari hugsanir. Þessar tilfinningar eru að sýna þér, hvað desember getur verið dásamlegur fyrir þig. Það er svo mikilvægt fyrir þig að skipta þér ekki af því sem þú getur ekki breytt. Þú þarft að nota æðruleysisbænina: Guð, gef mér æðruleysi til að sætta mig við það sem ég fæ ekki breytt, kjark til að breyta því sem ég get breytt og vit til að greina þar á milli. Þú sýnir miklu meiri kraft, dugnað og skipulag yfir þennan mánuð, og það er þér svo mikilvægt að allt sé í röð og reglu. Stundum er ágætt að taka sér frí frá fólki sem er of frekt á mann og getur gert mann hreinlega vitlausan. Þú fyllist meiri trú á þig en oft áður og verður hrókur alls fagnaðar, og átt eftir að heilla svo marga upp úr skónum að þú verður hissa. Þú ert dásamlegur elskhugi, svo að ástin verður í fyrsta sæti yfir þetta tímabil. Desemberskilaboð þín: Þú getur allt ef þú nennir því.

## Meyjan
23. ágúst–22. september

### Þú ert eins og köttur

Elsku hjartans fagra meyjan mín. Það er búið að vera mikið uppgjör á mörgu síðastliðið ár hjá þér, og það tekur á. En þú ert eins og kötturinn, þú hefur níu líf og þú munt alltaf bjarga þér fyrir horn, það er í þínu eðli. Skilaboðin eru skýr og eina hugsunin sem þú þarft að hafna er að vorkenna sjálfri þér. Móðir mín sagði mér alltaf þegar ég var að alast upp: ekki vorkenna sjálfri þér, Sigga mín, þú kemst ekkert áfram á því. Þetta er eina setningin sem situr eftir í huga mér, en samt vorum við mjög nánar vinkonur. Þetta hefur hjálpað mér rosalega og mun hjálpa þér að fara yfir þær hindranir, sem þú hefur kallað á ósjálfrátt. Í þér býr karakter, sem hefur svo ótrúlega margt til að bera. Þú skalt ekki trúa því í eina mínútu, þó svo að þú sért í meyjarmerkinu, að þú sért ferköntuð. Ef fólki finnst það þá þekkir það þig bara ekki neitt. Þú hefur þennan kraft eins og bambusinn, hann getur bognað niður að jörð, en alltaf mun hann spretta upp aftur, því það er ekki hægt að brjóta hann. Ég bið þig um að vera ekki of skynsöm, því að það er svo hrikalega leiðinlegt. Láttu það bara eftir þér sem þú átt skilið, því að þú átt að vera persóna númer eitt í þínu lífi. Annars hefur þú engan kraft til að gefa þeim sem þú elskar það sem þú vilt.

## Vogin
23. september–22. október

### Að elska

Elsku hjartans Vogin mín, allir þínir erfiðleikar eru í óða önn að leysast. Það er eins og lífskrafturinn í kringum þig sé með það alveg á hreinu að þú eigir að hafa það gott. Steinhættu að reyna að hafa það 100% því að 70-75% er alveg feikinóg. Visst kæruleysi á eftir að gera miklu meira fyrir þig, heldur en einhver prófgráða eða sigur á leið þinni í leit að frama og hamingju. Skilaboðin eru sterk, hættu að hlaupa svona hratt því þú ert hvort sem er langt á undan öllum öðrum. Þú verður alltaf jafn hissa þegar manneskjur í kringum þig eru að deila á þig. Ádeilur eru yfirleitt tákn um öfundsýki og Dale Carnegie sem skrifaði bækurnar Vinsældir og áhrif og Lífsgleði njóttu (bækur sem þú þarft að kaupa þér fyrir jólin), hann sagði: Það er aldrei sparkað í hundshræ. Ef þú gerir ekki neitt og segir ekki neitt, þá hefur að sjálfsögðu enginn skoðun á þér, en þú átt það til að vera svolítil ógn, því að þú ert orðheppin og lætur hugsanirnar oft ráða og það er það sem gerir þig svo dásamlega skemmtilega. Mottóið þitt í desember er: Ég elska mig. Þú getur skilið við maka þinn, vinnuna og landið sem þú býrð á en þú þarft alltaf að hanga með sjálfri þér. Hugsaðu: ég elska mig, elska mig, elska mig.

## Sporðdrekinn
23. október–21. nóvember

### Þetta reddast

Elsku djúpi sporðdrekinn minn. Þú ert sko miklu sterkari en þú heldur, það eru búnar að vera miklar áskoranir í kringum þig, og þú hefur tekið því eins og sannur bardagamaður. Ef einhver veikindi eru að hrjá þig, þá er það af því að þú hefur gefist upp í einhverju sem tengist bardaga lífsins. Þá þarft þú að skoða í kringum þig og finna út hvað hefur valdið því. Þú þarft að spyrja þig: er ég hamingjusamur? Ef nei er svarið, þá þarftu að skoða út af hverju. Mögulega er það út af því að óskir þínar hafa ekki ræst. Desember er að gefa þér fegurð og skemmtilegar upplifanir, þú ert búinn að fara yfir erfiðasta kafla ársins og þú munt ljúka árinu með stæl. Það eina sem getur flækst fyrir þér er asnaleg kvíðatilfinning yfir því að standa þig ekki nógu vel. Þú getur alveg hent því á haugana, því að þetta er mánuður hlýju, frá fjölskyldu og fyrirgefningu. Það er nauðsynlegt fyrir þig að vera svolítið óþekkur, því að þá ertu svo aðlaðandi og skemmtilegur og það fer þér svo einstaklega vel. Skilaboðin mín til þín: Þetta reddast er ævisaga mín.

## Bogmaðurinn
22. nóvember–21. desember

### Desember er þinn mánuður

Elsku hjartans bogmaðurinn minn. Það kemur stundum fyrir, þó þú sért búinn að vinna vinnuna þína alveg eins og þú átt að gera, að samt er sótt að þér úr öllum áttum með álagi og leiðindum. Allskyns álag og leiðindi sem þú átt alls ekki skilið. Þó að það sé hægt að segja með sanni að þú sért góðverk, þá þarft þú að læra aðeins betur og herða orkuna þína og brynja þig gagnvart rugli sem í raun og veru kemur þér ekkert við. Desember er þinn mánuður, það eru miklar breytingar í vændum og þér gæti fundist það erfitt. Þú skalt venja þig á það að tuða ekki í ástinni þinni, og ekki heldur reyna að breyta þeim sem þú ert ástfanginn af. Ef þér finnst að tilfinningar hafi verið að dofna hjá þér, en þú hafir einu sinni verið ástfanginn af þessari persónu, þá getur þú alltaf náð í þær tilfinningar aftur, því að tilfinningar eyðast ekki heldur gleymast frekar og spennan minnkar með árunum. Nýjar hugmyndir munu koma til þín til þess að leysa úr þeim erfiðleikum sem þér finnst þú standa í. Þú skalt því taka áhættu því að Júpíter er þín pláneta sem gefur þér gott gengi, svo að gakktu skrefi lengra en þú þorir. Desemberskilaboðin: Hamingjan býr heima hjá þér.

## Steingeitin
22. desember–19. janúar

### Nýtt upphaf

Elsku dugmikla steingeitin mín, þú ert að fara inn í nýtt upphaf sem skapar leiðréttingu á þeirri vitleysu sem þú telur að þú sért í. Þú þarft að taka svolitla áhættu til að byggja upp frama þinn og alls ekki hræðast það. Þú ert með meðfædda hæfileika til að ganga skrefinu lengra heldur en aðrir. En þar sem þú ert fædd í steingeitarmerkinu, getur þú haldið aftur af þér því að þú vilt hafa allt svo öruggt og fullkomið. En það getur verið hundleiðinlegt til lengdar. Þú átt bæði eftir að vekja athygli fyrir hugvit og útlit ef þú hefur einhvern áhuga á því. Að njóta augnabliksins sem kemur aldrei aftur eru skilaboðin til þín. Þar af leiðandi, fyrir næstu tvo mánuði, þarft þú að fara út úr þægindahring þínum því að núna er akkúrat tíminn til að skapa þér nýja og betri stöðu í lífinu. Þig langar svo mikið að vera dugleg í ræktinni og hafa aga á því sem þú borðar og hreint og beint öllu sem þú gerir. Í þessum málum þarftu að vera með það á hreinu að gera það sem þér þykir skemmtilegt, annars gefstu upp á prógramminu og hættir í miðjum klíðum og þú munt ekki þola það því að það er ekki í eðli þínu. Desember mottó þitt: Ég verð að þora til að skora.

## Vatnsberinn
20. janúar–18. febrúar

### Þú færð uppreisna æru

Þú ert að einhverju leyti að fá uppreisn æru, eða með öðrum orðum að fá nýtt tækifæri í lífi þínu. Þú ert þegar farinn að finna fyrir þessu. Þú veist einhvern veginn miklu betur en oft áður, hvernig þú ætlar að hafa hlutina. Orkan þín er ekki: á ég að gera þetta eða á ég að gera hitt, eins og fólkinu í vogarmerkinu er lýst, heldur sérðu það skýrt og greinilega hvernig þú ætlar að hafa þetta. Þú ert að fara inn í miklu sterkari stöðu og umhverfið þitt verður miklu meira verndandi heldur en oft áður. Það verður engin yfirborðsmennska tengd þér, heldur auðmýkt og kærleikur. Þitt djúpa innsæi sendir þér skilaboð með þinni innri rödd og þú þarft að læra betur að skynja að þú færð fleiri skilaboð frá alheiminum, en jafnvel eðlilegt getur talist. Ef þú ert að hunsa innsæið þitt, sem þýðir þín fyrsta hugsun, þá getur þú dottið á rassinn. Þú átt ekki að láta aðra hafa of mikil áhrif á þig því að það ert þú sem ert leiðtoginn. Desemberskilaboðin þín eru: ég segi já við lífinu og öllum þeim nýjungum sem það hefur að bjóða, hugrekki er mitt mottó.

## Fiskarnir
19. febrúar–20. mars

### Gefðu stillilögmálinu pláss

Þið eruð svo yndislega fallegir, duglegir og skarpir. En eitt þarf ég að biðja þig að athuga kæri fiskur: þú getur verið bæði svo meðvirkur og vilt gera öllum til hæfis og svo ertu algjör mótsögn og getur verið of stjórnsamur og heldur að ekkert gerist nema að þú reddir því. Þess vegna þarft þú að fara trúa á stillilögmálið, það er þegar veröldin stillir fyrir þig hlutina á hárréttum tíma ef þú trúir því. Þið gætuð hitt mig á Laugaveginum og heyrt mig segja upphátt „stillilögmálið, stillilögmálið“, þá þarf ég að redda einhverju. Það var svo ótrúlega vitur kona sem sagði mér frá stillilögmálinu. Faðir hennar, Sigurður Þorkelsson sem nú er látinn, hafði sagt henni frá þessu lögmáli, og það er svo sannarlega búið að breyta mínu lífi til hins betra. Svo gerðu það elsku fiskurinn minn, gefðu stillilögmálinu pláss í lífi þínu. Því að stressið sendir þér veikindi, höfuðverki og alls kyns skrítin einkenni. Ef þú finnur ekkert fyrir þessu í desember þá verða afstöður þínar og jafnvægi í 100% lagi. Ástargreddan læðist í kringum þig ef þú ert á lausu, og það er bara allt í lagi ef þú vilt smakka á einhverju nýstárlegu á hlaðborði ástarinnar, því Venus er að passa upp á þig.

# SPORTS DIRECT

NÝ SENDING Í HVERRI VIKU

# 2.000 KR Í FORMI

TILBOÐ ER Í GANGI DAGANA 2.DES-5.DES

GJAFABRÉFIN GILDA FRAM TIL DES 2018

## GJAFABRÉFS FYRIR HVERJAR 9.900 KR VERSLAÐAR

AUKA 2.000 KR Í FORMI GJAFABRÉFS

GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM. GILDIR EKKI MEÐ KAUPUM Á GJAFAKORTUM, EÐA ÞEGAR GREITT ER MEÐ GJAFAKORTI EÐA INNEIGNARNÓTU.


SPORTS DIRECT

Skógarlind 2

**Opnunartími**
Mán-mið: 10-19
Fim: 10-21
Fös: 10-20
Lau-Sun: 10-18

LONSDALE LONDON
karrimor
PUMA
Slazenger
adidas




Hin **Fullkomna** Jólagjöf

Gildir í verslunum Sportsdirect.com á íslandi!





Vængir og fjaðrir eru alltaf áberandi hjá Victoria's Secret en hér er Kendall Jenner með vængi á skónum.



Bruno Mars, Lady Gaga og The Weeknd þakka fyrir sig í lokin með allar fyrirsæturnar fyrir aftan sig.

# Englasýning í París

Hin árlega sýning bandaríska undirfataframleiðandans **Victoria's Secret** fór fram í París í vikunni og að venju var mikið húllumhæ.

Sýningin hefur í gegnum tíðina vakið mikið umtal enda taka allar vinsælustu fyrirsætur í heimi þátt og þykir það vera mikil upphefð að fá að ganga pallinn fyrir undirfatamerkið. Englavængir, risastórar fjaðrir og aðrir íburðarmiklir fylgihlutir setja sinn svip á sýninguna en fyrirsæturnar ganga eftir pallinum undir taktföstum tónum frá tónlistarmönnum. Lady Gaga, Bruno Mars og The Weeknd sungu sína vinsælustu slagara og eins og myndirnar bera með sér var mikið um dýrðir.



Gigi Hadid með risastórar svartar fjaðrir sem eflaust hefur ekki verið auðvelt að ganga með.



Litríkt og þá sérstaklega stígvélin sem ná upp á mið læri.



Fyrirsætan Elsa Hosk með dreka vafinn um sig.



Margir fylgihlutir á sýningunni eru sannkölluð listasmíð.



Bella Hadid sest hér ganga fram hjá fyrrverandi kærastanum sínum, tónlistarmanninum The Weeknd.

GLAMOUR
Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter
#Glamouriceland


ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1
REYKJAVÍK
580-8500
SÍÐAN 1916
ELLINGSEN.IS
TRYGGVABRAUT 1-3
AKUREYRI
580-8550

DRAMATÍSKASTA SJÓSLYSASAGA SEINNI TÍMA

Illugi Jökulsson fer á kostum í spennandi, hrífandi frásögn.




★★★★
BGS / PRESSAN
um Háska í hafi



Sögur ÚTGÁFA






**Svíadrottning**

**Silvia Renate Sommerlath**

- 23. desember 1943.
- Kona Karls 16. Gústafs Svíakonungs.
- Saman eiga þau börnin Viktoríu, Karl Filippus og Magdalenu.
- Talar þýsku, frönsku, spænsku, portúgölsku, ensku og sænskt táknmál.

**Vinirnir Silvia og Bragi áttu góða stund saman í Linköping í Svíþjóð.** MYND/ÚR EINKASAFNI.

# Bragi og Silvía drottning rifja upp gamla tíma

**Bragi Guðbrandsson**, forstjóri Barnaverndarstofu, átti fund með Silvíu Svíadrottningu fyrir skömmu í Linköping í Svíþjóð þar sem hann hélt erindi um útbreiðslu Barnahúsa í Evrópu.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, og Silvía Svíadrottning eru góðir vinir og spjölluðu saman á persónulegum nótum á fundi sínum í Linköping fyrir skömmu en drottningin hefur mikinn áhuga á starfi Braga. Á fundi þeirra ræddi hann ekki aðeins framrás Barnahúsa um Evrópu heldur rifjaði hann líka upp gamla tíma með drottningunni sem hann hefur hitt nokkrum sinnum áður.

„Ætli þetta sé ekki í fimmta eða sjötta skipti sem ég hitti hana og mér finnst það alltaf jafn skemmtilegt. Fyrsta skiptið var árið 2002, í lögregluháskólanum í Stokkhólmi þar sem ég flutti erindi um Barnahús og hún hreifst svo af þessari hugmynd.

Hún boðaði komu sína til Íslands og lýsti yfir áhuga á að heimsækja Barnahúsið. Svo kom hún til landsins árið 2004 og þá varð hún bara einfaldlega ástfangin af Barnahúsinu og því sem það stendur fyrir. Hún tók þá ákvörðun að leggja sitt af mörkum til að stofna barnahús í Svíþjóð. Og það tók hana eitt ár,“ segir Bragi.

„Silvía er með sjóð sem heitir World Child Food Foundation sem fjármagnar alls konar úrræði fyrir börn í Suður-Ameríku, Afríku og Austur-Evrópu. En þetta var í fyrsta skipti sem hún afhenti fé úr þessum sjóði til uppbyggingar í Svíþjóð.“

> **EN Á MEÐAN ÞAÐ VAR VERIÐ AÐ LAGA HÁRIÐ Á HENNI OG SVO FRAMVEGIS ÞÁ BAÐ HÚN UM SÍMA OG HRINGDI STRAX TIL SVÍÞJÓÐAR. HÚN SPURÐI HVERNIG Í ÓSKÖPUNUM STÆÐI Á ÞVÍ AÐ SVÍAR VÆRU EKKI MEÐ SVONA BARNAHÚS.**

Síðan Silvía kom til Íslands hefur Bragi hitt hana við hin ýmsu tilefni, meðal annars þegar fyrsta Barnahúsið var opnað þar í landi árið 2005. Bragi fékk tækifæri á fundi þeirra í Linköping til að spjalla á persónulegum nótunum við drottninguna og rifja upp gamla tíma á seinasta fundi sem þau áttu.

„Þarna vorum við nú aðallega að rifja upp þegar hún kom til Íslands. Svo hafa ýmsar sögur gengið um það hvernig hún kom þessu verkefni af stað í Svíþjóð, sumar svolítið skondnar,“ segir Bragi og hlær.

„Til dæmis heyrði ég einu sinni að um kvöldið, eftir að hún kom í Barnahúsið til okkar, hefði hún átt fund með forseta Íslands. En á meðan það var verið að laga hárið á henni og svo framvegis þá bað hún um síma og hringdi strax til Svíþjóðar. Hún spurði hvernig í ósköpunum stæði á því að Svíar væru ekki með svona Barnahús og hún vildi fá svar þá og þegar,“ útskýrir Bragi sem ákvað að bera þessa sögu undir drottninguna sjálfa.

„Ég spurði hvort þetta væri virkilega satt, hvort hún hefði hringt út sama dag og hún heimsótti Barnahúsið. Og hún staðfesti að þessi saga væri sönn. Þetta reyndist þá rétt.“

Það er greinilegt að vinna Braga í tengslum við Barnahús hefur veitt drottningunni innblástur og Bragi er meyr yfir árangrinum sem náðst hefur. „Hún hefur oft vísað í ræðum sínum í þessa sterku upplifun sem hún átti í heimsókn sinni til Íslands. Það er gaman að við skulum vera brautryðjendur á þessu sviði. Þetta er eiginlega bara eins og ævintýri, það verður að segjast eins og er,“ segir hann um gott gengi Barnahúsa. „Að íslenskt módel skuli hafa haft svona mikil áhrif í velferðarmálum, það er nokkuð magnað.“

**gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



Geysir Skólavörðustíg 7 & 16 & Kringlan, Reykjavík. Hafnarstræti, Akureyri. Geysir, Haukadalur. Sími 519 6000 — geysir.com.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**Bakþankar**

Hildar Björnsdóttur



## Hver er sætust?

Sonur minn, sjö ára, er eilítið kvensamur. Svo mjög, að sumir hafa kennt hann við þekkta flagara úr kvikmyndasögunni. Reglulega færir hann fregnir af tilhugalífinu. Svo flóknar og síbreytilegar að skapa mætti um þær bráðsnjalla kvikmynd. Undirritaðri, móður hans, þykir stundum nóg um og þarf reglulega að brýna fyrir drengnum siðareglur í samböndum. Þá sérstaklega þá sjálfsögðu kurteisi að halda sig við einn kvenmann í einu.

Drengurinn ræðir tilhugalíf sitt fremur frjálslega. Hann veitir upplýsingar að eigin frumkvæði og svarar spurningum fumlaust og fúslega. Flestir virðast þó hafa áhuga á því sama, og yfirleitt engu öðru. Hver stúlknanna sé nú sætust?

Nýlega sat ég við áreynslulaust sjónvarpsáhorf þegar karlmaður settist við hlið mér. Hann horfði um stund og sagði svo í háði, hve ótrúverðugt það væri að svo myndarlegur læknir ætti í ástarsambandi við svo ófrýnilega og fremur feitlagna hjúkrunarkonu. Ég sagði honum að raunar væri karlinn hjúkrunarfræðingur sem hefði tekið verulega upp fyrir sig þegar hann klófesti konuna. Hún væri einn færasti hjartaskurðlæknir Bandaríkjanna.

Reglulega furðar fólk sig ef glæsilegur tekur saman við ólaglegan. Sjaldnar veitir nokkur því eftirtekt ef bráðgreindur leggur lag sitt við vitgrannan. Duglegur við duglausan. Mælskur við málhaltan.

Lítill ómótaður drengur er síendurtekið spurður hvaða stúlka sé sætust. Hann fær þau skilaboð að útlit sé meginforsenda makavals. Það sé mikilvægasti mannkosturinn. Það eru slæm skilaboð. Miklum mun heldur ætti hann að vera spurður hver stúlknanna sé skemmtilegust. Klárust og fyndnust. Sniðugust. Hver þeirra sé besta vinkona hans.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

GJAFAHUGMYNDIR HAGKAUPS
FYLGJA FRÉTTABLAÐINU Í DAG!




HAGKAUP




VERÖLD HVÍLDAR – BETRA BAK LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI

# FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

## CHIRO UNIVERSE HEILSURÚM

25% AFSLÁTTUR
JÓLATILBOÐ!



Aukahlutur á mynd: gafl

- Fimm svæðaskipt yfirdýna.
- Laserskorið Conforma Foam heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning við neðra mjóbak og axlasvæði.
- Vandað pokagormakerfi. Minni hreyfing, betri aðlögun.
- Vandaðar kantstyrkingar.
- Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði.
- Þykkt: 29 cm.

**CHIRO UNIVERSE** MEÐ COMFORT BOTNI

| STÆRÐ | FULLT VERÐ | JÓLATILBOÐ |
|---|---|---|
| 120X200 | 151.460 KR. | 113.595 KR. |
| 140X200 | 166.460 KR. | 124.845 KR. |
| 160X200 | 189.020 KR. | 141.765 KR. |
| 180X200 | 204.020 KR. | 153.015 KR. |

15% AFSLÁTTUR

## TIMEOUT HÆGINDASTÓLLINN STÓLL OG SKEMILL

Stóll, fullt verð: 299.900 kr.
Skemill, fullt verð: 79.900 kr.



JÓLATILBOÐ

322.980 kr. með skemli

25% AFSLÁTTUR

## STILLANLEG RÚM



VERÐDÆMI: C&J Platinium botn með tveimur Serta Therapist heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm.
Fullt verð: 589.800

Jólatilboð 442.350 kr.

15% AFSLÁTTUR

## CLIO SVEFNSÓFI

Fáanlegur í rauðu og gráu áklæði.



Fullt verð: 369.900 kr.

Jólatilboð 314.415 kr.

**FAXAFENI 5** Reykjavík 588 8477
**DALSBRAUT 1** Akureyri 588 1100
**SKEIÐI 1** Ísafirði 456 4566
**AFGREIÐSLUTÍMI** Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is

Betra BAK